

**SKOÐUN** Helgi Vilhjálmsson segir íslenskan verkalýð verða að setja hnefann í borðið. 20



**MENNING** Logi Bergmann er kynnir á Edduverðlaunahátíðinni og lofar skotum á bransaliðið. 38



**SPORT** Cristiano Ronaldo mætir Manchester United í fyrsta sinn síðan hann kom til Real Madrid. 34


Ágætu viðskiptavinir. Bjóðum Öryrkjum og ellilífeyrisþegum 20% afslátt af öllum akstri.
Miðað við staðgreiðslu DEBIT
BORGARBÍLASTÖÐIN
552 - 2440
552-2440 BSR TAXI



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
13. febrúar 2013
37. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Áætlanir stóðust ekki

Eigendur Hörpu ætla að gefa eftir skuldir og auka framlög til samstæðunnar til að bjarga henni frá þroti. 10

**Tyggjóið burt** Borgin notar tækifærið meðan ekki snjóar og fjarlægir tyggjóklessur af götum. Tveir starfsmenn ná að hreinsa um 200 fermetra á dag. 2

**Lífsgæðin lök** Ný skýrsla ASÍ sýnir að lífsgæði hér á landi hafa dalað samanborið við hin Norðurlöndin. 6

**Enn ögra N-Kóreumenn** Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna var kallað til neyðarfundar í gær eftir að ljóst var að N-Kóreumenn höfðu gert sína þriðju tilraun með kjarnorkusprengjur. 12




16

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 0° | | NA10 |
| Akureyri | 0° | | A 6 |
| Egilsstaðir | 2° | | A 10 |
| Kirkjubæjarkl. | 3° | | A 12 |
| Reykjavík | 2° | | NA12 |

**HVASST SYÐST** Í dag verða norðaustan og austan 10-18 m/s, hvassast við suðurströndina. Slydda eða rigning sunnan og austan til. Hlýnar í veðri. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Bókhald & endurskoðun | Fólk




# Fjöldi lista sprengir kjörseðla

Breyta verður ákvæði kosningalaga um kjörseðla vegna mikils fjölda framboðslista í alþingiskosningunum. Fimmtán möguleg framboð í spilinu. Seðillinn nær yfir hálft skrifborð að óbreyttu segir innanríkisráðuneytið.

**STJÓRNSÝSLA** Nauðsynlegt er talið að gera breytingar á kosningalögum vegna fyrirsjáanlegs fjölda framboðslista í alþingiskosningunum 27. apríl.

„Fyrirmæli laganna varðandi kjörseðilinn þýða það að framboðum er stillt upp hlið við hlið,“ segir Jóhannes Tómasson, upplýsingafulltrúi innanríkisráðuneytisins. Miðað við stærð núverandi kjörseðils sé aðeins hægt að hafa átta framboðslista á seðlinum.

„Miðað við fyrirspurnir og hringingar sjá menn fyrir sér að framboðin gætu orðið það mörg að það myndi valda vandræðum við að útbúa kjörseðilinn eins og lögin mæla fyrir í dag,“ segir Jóhannes sem kveður stöðuna eins og hún er í dag geta þýtt fimmtán möguleg framboð þótt ekkert sé ljóst um það enn þá. „Það þarf blað sem tekur hálft skrifborð til að ná þeirri breidd,“ bendir Jóhannes á.

Lausnin sem menn sjá fyrir sér felst að sögn Jóhannesar í lagabreytingu sem heimilar að hafa tvær raðir með framboðslistum á kjörseðlinum; efri röð og neðri röð. Þá mætti hafa allt að sextán lista á seðlinum.

Þótt líklega verði framboðslistarnir færri en fimmtán þegar upp er staðið er jafnvel enn von á fleirum því framboðsfrestur rennur ekki út fyrr en fimmtán dögum fyrir kjördag. Í það eru enn tveir mánuðir. Jóhannes bendir á að hins vegar sé stefnt að því að Alþingi ljúki störfum um miðjan mars. Samþykkja þurfi lagabreytinguna fyrir þann tíma. „Það má segja að við séum einfaldlega að reyna að hafa vaðið fyrir neðan okkur ef þessi yrði staðan,“ segir Jóhannes.

Auk þess sem þetta mál hefur verið til skoðunar í innanríkisráðuneytinu er lagabreytingin nú undirbúin hjá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis. - gar

### Mögulegir framboðslistar 2013

**Framboðslistar 2009**
B-listi Framsóknarflokkur
D-listi Sjálfstæðisflokkur
F-listi Frjálslyndi flokkurinn (hyggst bjóða fram með Dögun)
S-listi Samfylkingin
V-listi Vinstri hreyfingin – grænt framboð
O-listi Borgarahreyfingin (hyggst bjóða fram með Dögun)
P-listi Lýðræðishreyfingin (ekki vitað um framboð nú)

**Ný framboð með listabókstaf**
C-listi Samstaða – flokkur lýðræðis og velferðar (hætt við framboð)
G-listi Hægri grænir
E-listi Bjartsýnisflokkurinn
A-listi Björt framtíð
H-listi Húmanistaflokkurinn

**Óafgreitt**
T-listi Dögun
Þ-listi Píratar
Alþýðufylkingin (er í startholunum)

HEIMILD: INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ



**FORSKOT Á SÆLUNA** Börnin á Birkihlíðardeildinni í leikskólanum Björtuhlíð gerðu öskudagsbúningana sína sjálf og fengu að prófa þá í gær þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði. Krakkarnir voru allir í gervi persóna úr leikritinu Dýrin í Hálsaskógi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ábendingar Feneyjanefndar:

## Gæti misnotað málskotsréttinn

**ALÞINGI** Feneyjanefndin bendir á að hætta sé á því að forseti misnoti málskotsrétt sinn. Sé forseti á öndverðum meiði í pólitík við meirihluta Alþingis geti hann vísað óvinsælum lögum í þjóðaratkvæðagreiðslu og skaðað þannig meirihlutann. Stjórnlagaráð lagði ekki til breytingar á þessu ákvæði í drögum sínum að stjórnarskrá.



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

Meirihluti stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar telur að hægt sé að samþykkja nýja stjórnarskrá á yfirstandandi þingi, þrátt fyrir fjölmargar ábendingar Feneyjanefndarinnar. „Já, ég er sannfærð um að það er hægt ef vilji er til,“ segir Valgerður H. Bjarnadóttir, formaður nefndarinnar. - kóp / sjá síðu 8

Hrossakjötshneykslið í Evrópu fæðir af sér könnun á íslenskum matvörum:

## Leita hrossakjöts í nautahakki

**NEYTENDAMÁL** Matvælastofnun hefur tekið sýni úr íslensku hakki og framleiðsluvörum á markaði hérlendis til að kanna hreinleika kjötsins. Markmiðið er að kanna hvort hrossakjöt sé að finna í vörunum. Hrossakjötshneykslið í Evrópu er tilefni rannsóknarinnar, segir í fréttatilkynningu.

Rannsóknir á matvörum í Evrópu hafa leitt í ljós að sumar þessara vara innihalda hrossakjöt að hluta eða öllu leyti. Komið hefur í ljós að vörur sem þessar hafa að einhverju marki verið fluttar til Íslands og hafa tvær vörutegundir verið innkallaðar vegna þess.

**15** framleiðsluvörur hafa verið teknar til rannsóknar.

Árið 2010 birti Matís niðurstöður gæðakönnunar á íslensku nautahakki sem gerð var fyrir Neytendasamtökin og Landssamband kúabænda. Þær sýndu að öðrum kjöttegundum var ekki blandað við nautahakkið.

Tekin hafa verið sýni úr fimmtán framleiðsluvörum sem líklegast má telja að unnt sé að blanda hrossakjöti í án þess að það sé tilgreint á pakkningunni. Sýnin verða rannsökuð á Keldum og má búast við niðurstöðum í næstu viku. - shá




Fiskislóð 39
Opið alla virka daga
kl. 10–18
og laugardaga kl. 11–15
FORLAGIÐ
BÓKABÚÐ FORLAGSINS

TILBOÐSBLAÐ GÆLUDÝR.IS FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG


gæludýr.is
Einfaldlega ódýrari

ibuxin rapid


ratiopharm
LYFIS

## SPURNING DAGSINS



Reynir, er ætlunin að hleypa nýju blóði í starfsemi Strætó?

**„Nei, nei, okkur bara rennur blóðið til skyldunnar.“**

Reynir Jónsson er framkvæmdastjóri Strætó. Strætó styður þessa dagana við Blóðbankann og hvetur farþega sína til þess að gefa blóð.

Enn einn í gæsluvarðhald vegna tuga kílóa amfetamínsmygls frá Danmörku:

# Bræður grunaðir um dópsmygl

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla handtók í fyrradag 35 ára karlmann vegna rannsóknar á stórfelldu amfetamínsmygli sem upp komst í janúarlok. Hann var í gær úrskurðaður í gæsluvarðhald til 21. febrúar.

Fjórir aðrir hafa setið í varðhaldi vegna málsins síðan um mánaðamót, tveir Litháar og tveir Íslendingar. Annar Íslendinganna er 39 ára gamall bróðir þess sem handtekinn var í fyrradag, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Bræðurnir hafa rekið fyrirtæki saman um skeið.

Málið er mikið að vöxtum. Það snýst um innflutning á tugum kílóa af amfetamíni til landsins í nokkrum póstsendingum sem komu til landsins sjóleiðina frá Kaupmannahöfn. Lagt var hald á þær í næstsíðustu viku janúar.




Sjötti maðurinn sat í gæsluvarðhaldi um tíma vegna málsins en honum var síðan sleppt. Þrír til viðbótar hafa verið handteknir við rannsóknina, tveir karlar og ein kona, en þeim sleppt jafnóðum.

Efnið sem lagt var hald á er bæði í vökva- og duftformi og endanleg greining á magninu liggur ekki fyrir. Að því er segir í tilkynningu frá lögreglu í gær miðar rannsókninni þó vel. - sh

Borgarstjórn í gær:

# Sala Orkuveituhúss samþykkt

**REYKJAVÍK Borgarstjórn samþykkti á fundi sínum í gær að heimila Orkuveitu Reykjavíkur að selja Orkuveituhúsið.**

**Straumur fjárfestingabanki hefur gert tilboð í húsið upp á 5,1 milljarð króna en bakhjarlar tilboðsins eru lífeyris- og verðbréfasjóðir. Orkuveitan hyggst leigja húsið fyrir tæpar 224 milljónir á ári næstu tíu ár, og 290 milljónir næstu tíu ár eftir það. Þá mun Orkuveitan hafa keypt aftur húsið að þessum tíma liðnum.** - þeb



**VINSÆLL ÁFANGASTAÐUR** Ferðamönnum til Eyja fjölgaði mjög með tilkomu Landeyjahafnar. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON.

Ferðamenn eru drjúg búbót í Vestmannaeyjum:

# Eyða 1,9 milljörðum í Eyjaferðum

**FERÐAÞJÓNUSTA Áætlað er að innlendir og erlendir ferðamenn hafi eytt 1.900 milljónum króna í Vestmannaeyjum á árinu 2012. Þetta kemur fram í markaðskönnun Rannsóknar og ráðgjafar. Fram kemur að Íslendingum sem heimsóttu Vestmannaeyjar hafi fjölgað um 77 prósent og erlendum ferðamönnum um 350 prósent frá 2004, aðallega vegna Landeyjahafnar. Áætlað er að erlendir ferðamenn eyði að meðaltali um tólf þúsund krónum, innlendir 22 þúsund krónum og hver þjóðhátíðargestur fimmtíu þúsund krónum. Samtals er áætlað að þjóðhátíðargestir eyði 500 milljónum króna í Eyjum.** - gar

Listaverk á bókasafni:

# Þúsund faldar evrur gefins

**FINNLAND** Listamaðurinn Riiko Sakkinen kveðst hafa falið eitt þúsund evrur í fimmevruseðlum meðal bóka í bókasafni í Helsinki. Listamaðurinn segir þetta virðingarvott við bókmenntir, bókasöfn og lestur. Á vef Hufvudstadsbladet er haft eftir starfsmönnum bókasafnsins að þeim sé ókunnugt um þetta. Listamaðurinn hafi ekki verið í sambandi við þá.

Sakkinen segir seðlana, sem hann hefur undirritað, vera á meðal fagurbókmennta, fræðibóka og barnabóka. Sá sem finnur seðil má eiga hann. Sakkinen biður um að vera látinn vita finnist seðill. - ibs

Andlát ekki talið saknæmt:

# Féll fram af svölum og lést

**LÖGREGLUMÁL Karlmaður lést í fyrrinótt þegar hann féll sex metra fram af svölum í portinu á bak við JL-húsið við Hringbraut í Reykjavík.**

**Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu rannsakaði málið í gær og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins leikur enginn grunur á að nokkuð saknæmt hafi átt sér stað.**

**Maðurinn var staddur í samkvæmi á staðnum og nokkrir sem þar voru með honum voru handteknir og vistaðir í fangageymslu fram eftir degi þangað til þeir voru í ástandi til að tjá sig um það sem gerst hafði.** - sh

# Seinlegt og erfitt að hreinsa tyggjóklessur

Borgarstarfsmenn nota tækifærið meðan ekki snjóar og hreinsa tyggjóklessur af götum. Tveir menn með háþrýstibúnað ná að hreinsa um 200 fermetra á dag. Fólk hrækir óhikað út úr sér á nýhreinsuð svæði. Haldið verður áfram ef veður leyfir.

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Borgarstarfsmenn sem annars hefðu rutt snjó af götum nýta hlýindi í febrúar til að hreinsa tyggjóklessur af götum Reykjavíkur.

„Véladeildin hjá okkur annast þessi þrif. Þeir finna núna svigrúm til að hlaupa í þetta,“ segir Jón Halldór Jónasson, upplýsingafulltrúi hjá Reykjavíkurborg. „Segja má að þetta sé stund milli stríða, þótt auðvitað sé þetta töluvert stríð að eiga við tyggjóklessurnar.“

Jón Halldór segir misjafnt eftir svæðum hversu hratt menn komast yfir við þrifin. Að jafnaði nái tveir menn með sérhæfð tæki að þrífa klessur af sem nemur 200 fermetrum á dag. „Þeir mældu þetta um daginn og voru þá einn og hálfan dag með 300 fermetra. Þetta er seinlegt, en við reynum bara að gera þetta vel.“

Meðan veður leyfir á að halda áfram að þrífa tyggjóklessur af götum borgarinnar, samkvæmt Jóni Halldóri. Ekki veiti hins vegar af því að biðla til borgaranna um aðstoð því þeir sem standa í þrifunum sjái að klessur séu fljótar að koma aftur á svæði sem nýbúið er að hreinsa. „Og svona ætlum við að halda áfram og taka hvert svæðið á fætur öðru, en um leið og fer að snjóa fer þessi sami mannskapur strax í að ryðja snjóinn.“

Allnokkur fyrirtæki taka að sér að hreinsa tyggjóklessur af stéttum. Gísli Óskarsson, verkefnastjóri hjá Hreinsitækni, segir mjög misjafnt eftir svæðum og stærð verkefna hver kostnaður sé við hreinsunina. „Það er þá sett eitthvað tímaverð á minni verkefni,“ segir hann, en kveður um leið alveg óhætt að reikna með að hreinsun á stærri svæðum kosti 250 til 300 krónur á fermetrann. Er þá gert ráð fyrir gufuþvotti með lágþrýstingi til að stéttin verði eins og ný. Hætt sé við að háþrýstiþvottur geri ekki annað en að losa upp tyggjóklessuna og þá verði eftir svartur blettur í stéttinni. olikr@frettabladid.is



**AUSTURSTRÆTI SMÚLAÐ** Starfsmenn véladeildar Reykjavíkurborgar nýta sér veðurblíðu í janúar til að hreinsa tyggjóklessur af götum borgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Tyggjó var bannað í Singapúr árið 1992

Mikill óþrifnaður af völdum jórturleðurs hafði um árabil verið ráðamönnum í Singapúr þyrnir í augum áður en til þess kom að innflutningur og sala þess var alfarið bönnuð árið 1992, að viðlögðum fésektum.

Fram kemur í æviminningum Lee Kuan Yew, fyrrverandi forsætisráðherra landsins, að hann hafi þegar árið 1983 hugleitt bann, vegna viðhaldskostnaðar í háhýsum og hreinsikostnaðar á götum úti og í almenningsvögnum. Á þeim tíma hafi bann hins vegar þótt of róttæk aðgerð. Kornið sem fyllti mælinn var svo þegar skemmdarvargar klíndu tyggjói á skynjara hurða nýrrar tegundar neðanjarðarlesta sem teknar voru í notkun í byrjun tíunda áratugarins. Þótt dæmin væru ekki mörg var kostnaður mikill vegna röskunar á lestarsamgöngum og viðgerða. Í kjölfarið var tyggjó gert útlægt. Síðari breytingar á lögunum hafa heimilað sölu tannhreinsi- og nikótíntyggjós í apótekum, en ávísun læknis þarf til að fá það keypt. Áfram liggja við því háar sektir að henda ekki tyggjói í ruslið.








Saksóknari hafnar vitnaleiðslum verjanda Gunnars Þ. Andersen:

# Guðlaugur og Ágústa vitni ekki

**DÓMSMÁL** Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari vill að Héraðsdómur hafni kröfu verjanda Gunnars Andersen, fyrrverandi forstjóra Fjármálaeftirlitsins (FME), um að láta kalla þau Guðlaug Þór Þórðarson, Ágústu Johnson, Sigurjón Árnason og Hauk Haraldsson til vitnis í málinu gegn Gunnari. Gunnar er ákærður fyrir brot á þagnarskyldu og bankaleynd með því að hafa fengið starfsmann Landsbankans til þess að sækja gögn um meint viðskipti Guðlaugs úr bankanum og koma þeim til manns sem átti svo að koma þeim í fjölmiðla.



**GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON**



**GUNNAR Þ. ANDERSEN**

Guðjón Ólafur Jónsson, verjandi Gunnars, sagði að vitnisburður þeirra ætti að varpa ljósi á umrædd gögn sem Gunnarer gefið að sök að hafa látið berast úr bankanum, þar á meðal hvort þau gögn séu sannarlega úr bankanum og hvort þau viðskipti sem þau fjalla um hafi í raun farið fram.

Vitnisburður þeirra ætti að geta varpað ljósi á þá framvindu mála.

Helgi Magnús sagði að þær upplýsingar sem vitnin ættu að veita tengdust sakarefnum ekkert heldur væri þar um að ræða allt annað mál sem væri „á áhugasviði ákærða“.

Dómurinn mun tilkynna úrskurð sinn á næstu dögum eða vikum, en aðalmeðferð hefst 21. mars. - þj

**Tilboð**
**Skemmti garðurinn**
**Klukkutímakort sem virkar í öllum tækjum aðeins 1.490 kr.**

# Ösku dagur

Skemmtigarðurinn SMÁRALIND

FREYJA

## Dagskrá

| | |
|---|---|
| 11.00-13.00 | Börnin syngja og fá nammi í verslunum Smáralindar |
| 13.00-14.00 | Kötturinn sleginn úr tunnunni fyrir framan Hagkaup |
| 14.15 | Íþróttaálfurinn í Skemmtigarðinum |

Verslanir Smáralindar taka vel á móti syngjandi börnum í dag **kl. 11-13** og launa þeim með góðgæti.

Kötturinn verður sleginn úr tunnunni sem er full af nammi í boði **Freyju**.

Í Skemmtigarðinum verður búningakeppni. Þeir sem eru í flottustu búningunum fá 10.000 kr. Skemmtikort í verðlaun.




ENNEMM / SIA / NM56477

## GENGIÐ 12.02.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,04 | 128,66 |
| Sterlingspund | 199,53 | 200,51 |
| Evra | 171,56 | 172,52 |
| Dönsk króna | 22,988 | 23,122 |
| Norsk króna | 23,231 | 23,367 |
| Sænsk króna | 20,012 | 20,130 |
| Japanskt jen | 1,3581 | 1,3661 |
| SDR | 195,59 | 196,75 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
233,3117

Mæðgin rétt sluppu lifandi út úr brennandi kjallaraíbúð í Mosfellsbæ í gærmorgun:

# Snarræði blaðbera bjargaði mannslífum

**LÖGREGLUMÁL** „Það er gott að vera réttur maður á réttum stað,“ segir Sławomir Królikowski, blaðberi Fréttablaðsins, sem bjargaði mæðginum út úr brennandi húsi við Brekkutanga í Mosfellsbæ eldsnemma í gærmorgun.

Hann stökk til þegar hann sá reyk liðast út um glugga í kjallara hússins og barði það utan með miklum látum.

„Hann bjargaði fólkinu í kjallaranum hjá okkur – og kannski okkar lífi líka. Við vitum auðvitað ekkert hvernig hefði farið ef hann hefði ekki komið. Það er ómögulegt að giska í eyðurnar,“ segir Hjörtur Sigurpálsson sem býr á efri hæð hússins.

Hann segir íbúðina niðri vera gjörónýta, enda hafi skíðlogað í henni. Þá sé enn verið að reykræsta hans eigin íbúð.

Sławomir hélt í dagvinnu sína hjá Esju-einingum eftir að allt var um garð gengið. „Fyrst og fremst er ég ánægður með að allir komust út úr húsinu á lífi,“ segir hann. **- sh, khn**



**HEPPIN** Hjörtur og kona hans, Sólveig Sigurgeirsdóttir, kunna Sławomir bestu þakkir fyrir bjargræðið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## HEIMURINN




### Fækkar í Afganistan

**1** **BANDARÍKIN** Barack Obama Bandaríkjaforseti hefur ákveðið að 34 þúsund bandarískir hermenn fari heim frá Afganistan innan árs. Bandarískur embættismaður skýrði frá þessu í gær og sagði að Obama myndi tilkynna þetta í stefnuræðu sinni, sem hann flutti seint í gærkvöld. Nú eru 66 þúsund bandarískir hermenn í Afganistan en þeir voru hundrað þúsund árið 2010.

### Vill verða páfi



**2** **GANA** Peter Turkson, kardínáli kaþólsku kirkjunnar frá Afríkuríkinu Gana, þykir eiga nokkra möguleika á að verða næsti páfi. Hann hefur fullan hug á embættinu og segir að „ungu kirkjurnar“ í Asíu og Afríku séu nú orðnar það öflugar að þær ráði vel við að fara með forystu kaþólsku kirkjunnar. Kominn sé tími til þess að leiðtogi kirkjunnar komi úr þriðja heiminum en þar býr helmingur allra kaþólskra íbúa jarðarinnar.

### Rússar banna reykingar

**3** **RÚSSLAND** Neðri deild rússneska þjóðþingsins samþykkti í gær með 441 atkvæði gegn einu að banna reykingar á almannafæri. Til þess að frumvarpið verði að lögum þarf þó efri deild þingsins einnig að samþykkja það, og loks þarf Vladimír Pútín forseti að staðfesta lögin með undirskrift sinni. Reykingar eru algengari í Rússlandi en víðast hvar, en hundruð þúsunda látast þar árlega af völdum reykinga.

# Telja sig hafa afstýrt árás tölvuþrjótanna

Ríkislögreglustjóri telur að komið hafi verið í veg fyrir árás á tölvukerfi Stjórnarráðsins sumarið 2011. Hann mætti á fund þingnefnda í gær til að svara fyrir stóra FBI-málið, ásamt ríkissaksóknara, innanríkisráðherra og fulltrúa Wikileaks.

**STJÓRNMÁL** „Við teljum að það hafi tekist að afstýra árásinni,“ segir Jón Bjartmarz, yfirlögregluþjónn hjá ríkislögreglustjóra, um árás á tölvukerfi Stjórnarráðsins sem var sögð yfirvofandi sumarið 2011.

Jón var gestur á sameiginlegum fundi allsherjar- og menntamálanefndar og stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis í gær þar sem farið var yfir komu fulltrúa FBI hingað til lands sumarið 2011. Hann mætti til fundarins ásamt Haraldi Johannessen ríkislögreglustjóra og Sigríði Friðjónsdóttur ríkissaksóknara.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra kom einnig til fundarins til að gera grein fyrir málinu eins og það horfði við honum. Hann hefur verið í Kína og hafði boðað samantekt um málið, sem lögð var fram í ríkisstjórn og á fundinum í gær.

Í samantekt Ögmundar segir að skilningur hans og starfsmanna innanríkisráðuneytisins á málinu hafi ekki verið sá að veitt hefði verið heimild fyrir komu FBI-fulltrúanna til Íslands, ólíkt því sem lesa hefði mátt út úr sambærilegri samantekt ríkislögreglustjóra og ríkissaksóknara um málið. Þeir hafi þvert á móti boðað komu sína óvænt áður en nokkur heimild hafði verið veitt.

Að öðru leyti lýsir hann atburðum sumarsins 2011 á sama veg og áður hefur verið gert opinberlega. Íslenskri lögreglu hafi verið gert að hætta að aðstoða FBI-fulltrúana eftir að í ljós kom að þeir voru hér í þeim tilgangi að ræða við íslenskan pilt, fæddan 1992, um Wikileaks. Það hafi ekki rúmast innan réttarbeiðninnar sem þeir fengu, sem laut að rannsókn á fyrrnefndri tölvuárás.

Ögmundur sagði að loknum fundinum í gær að hann, ríkissaksóknari og ríkislögreglustjóri töluðu einum rómi um málið. **- sh, vg**



**TIL KÖLLUÐ** Kristinn Hrafnsson, Sigríður Friðjónsdóttir, Haraldur Johannessen og Ögmundur Jónasson mættu öll á fund þingnefndanna í gær.

### Krefst svara um rannsóknina

Kristinn Hrafnsson, talsmaður Wikileaks, segist hafa falið lögmanni sínum að krefja ríkislögreglustjóra og ríkissaksóknara svara um rannsókn þeirra á tölvuárásinni umtöluðu sem Wikileaks var bendlað við og FBI ætlaði að koma hingað til að rannsaka. Þetta sagði Kristinn eftir að hann kom út af fundi allsherjar- og menntamálanefndar og stjórnsýslu- og eftirlitsnefndar þingsins í gær. Þar var hann til að skýra málið frá sínum sjónarhóli.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**SLYDDA EÐA RIGNING** Veður batnar víðast er kemur fram á kvöld og á morgun verður yfirleitt fremur hæg norðlæg átt. Dálítil él eða slydduél norðan til en léttir til um sunnanvert landið.




**Á morgun**
5-10 m/s.




**Föstudagur**
3-8 m/s.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 20° | Billund | 1° | Gautaborg | 0° | London | 3° | Orlando | 28° | San Francisco | 16° |
| Basel | 0° | Frankfurt | 0° | Kaupmannahöfn | 0° | Mallorca | 18° | Ósló | -6° | Stokkhólmur | 0° |
| Berlín | 1° | Friedrichshafen | -2° | Las Palmas | 20° | New York | 4° | París | 1° | | |

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



**Audi A3** Sportb. 1,6TDi
Árgerð 2012, dísel
Ekinn 4.500 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**4.590.000,-**

# NÝLEGIR GÆÐABÍLAR MEÐ ALLT AÐ 75% FJÁRMÖGNUN



**VW Tiguan** Track&Sport TDi
Árgerð 2012, dísel
Ekinn 28.500 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**5.950.000,-**



**Skoda Yeti**
Árgerð 2011, dísel
Ekinn 30.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
**3.990.000,-**



**VW Passat** Comfort Eco-fuel. Árgerð 2011, bensín/Metan
Ekinn 35.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**4.190.000,-**



**VW Golf** Trendl. 1,6TDi
Árgerð 2012, dísel
Ekinn 26.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
**3.090.000,-**



**VW Passat** Highline 1.8T
Árgerð 2009, bensín
Ekinn 61.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**3.290.000,-**



**VW Polo** Trendl. 1,2
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 20.400 km, beinskiptur
Ásett verð:
**2.190.000,-**



**Volvo** S60
Árgerð 2011, dísel
Ekinn 17.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**5.890.000,-**



**Chevrolet** Captiva 7 sæta
Árgerð 2011, dísel
Ekinn 21.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**6.650.000,-**



**Honda CR-V** Executive
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 67.500 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**3.390.000,-**



**M.Benz** ML420CDI 4matic
Árgerð 2007, dísel
Ekinn 89.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**6.950.000,-**



**Hyundai Tucson**
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 113000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**1.890.000,-**



**Skoda Fabia** 1.2 Classic
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 23.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
**1.930.000,-**

**Kíkið inná:**
heklanotadirbilar.is
lykill.is

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða stóra útgerðarfélag tilkynnti í gær um fækkun sjómanna á skipum sínum?
**2.** Hvað rak Benedikt XVI. páfa til að segja af sér embætti?
**3.** Fyrir hvað stendur skammstöfunin ELO?

**SVÖR**

**1.** HB Grandi **2.** Hann sagði af sér af heilsufarsástæðum sökum aldurs. **3.** Electric Light Orchestra.

Bakteríusýking á blóðlækningadeild LSH var bundin við einn sjúkling:

# Gátu opnað deild á fjórða degi

**HEILBRIGÐISMÁL** Blóðlækningadeild Landspítalans (LSH) var opnuð aftur á sunnudag, en deildinni var lokað á miðvikudag vegna bakteríusýkingar sem greindist í sjúklingi. Stofn bakteríunnar er ónæmur fyrir sýklalyfjum. Hann er landlægur á spítölum erlendis en sjaldgæfur hér á landi.

„Það voru ekki fleiri sem greindust með þessa bakteríu og hún ræktaðist hvergi í umhverfinu. Það var því hægt að opna deildina aftur á sunnudeginum. Þetta fór því eins vel og hægt var að þessu sinni,“ segir Hlíf Steingrímsdóttir, yfirlæknir á blóðsjúkdómadeild.

> **Þetta fór því eins vel og hægt var að þessu sinni.**
> *Hlíf Steingrímsdóttir, yfirlæknir á blóðsjúkdómadeild.*

Hlíf hefur bent á sýkingu sem þessa í samhengi við húsnæðismál spítalans. „Þetta snýst um öryggi sjúklinga, sérstaklega í ljósi svona sýkingarvarna,“ sagði Hlíf í viðtali við Fréttablaðið á miðvikudag. Björn Zoëga, forstjóri LSH, ræðir húsnæðismál í ljósi undangenginna sýkingafaraldra á heimasíðu spítalans. Hann segir ástandið endurspegla „það langvinna baráttumál okkar að endurnýja húsnæðið. Það bókstaflega verður að endurnýja húsnæðið og við verðum að leggja í þá vegferð saman, berjast fyrir því að aðstaðan á spítalanum verði mannsæmandi fyrir sjúklinga og ekki síður starfsfólk“. - shá

Fleiri leigusamningar:

# Fjölgun á húsaleigumarkaði

**FASTEIGNAMARKAÐUR** Nokkuð fleiri húsaleigusamningum var þinglýst á höfuðborgarsvæðinu í síðasta mánuði en í janúar í fyrra. Þetta kemur fram í tölum frá Þjóðskrá Íslands um leigumarkaðinn.

Þar segir að 634 samningum hafi verið þinglýst í síðasta mánuði en fjöldinn í janúar 2012 var 538, sem jafngildir tæplega átján prósenta aukningu. Samningum fjölgaði einnig á Suðurnesjum, en fækkun var á Suður-, Vestur- og Norðurlandi. - þj

Stefna kynnt í bæjarráði:

# Rift verði sölu á Bergi-Hugin

**DÓMSMÁL** Krafa um ógildingu á sölu útgerðarfyrirtækisins Bergs-Hugins ehf. til Síldarvinnslunnar hf. í Neskaupstað var rædd á bæjarráðsfundi í Vestmannaeyjum í gær. Bærinn hefur stefnt bæði kaupanda og seljanda útgerðarinnar fyrir dóm. Bæjarráð segir málið mikilvægt fyrir Eyjamenn.

„Hér er um að ræða tíu prósent hagkerfis Vestmannaeyja og afar brýnt að allra leiða sé leitað í vörn fyrir samfélagið,“ segir bæjarráð sem telur sig hafa forkaupsrétt og að vafi leiki á því að hlutur Samherja/Síldarvinnslunnar í aflaheimildum megi verða svo stór. - gar



**CHRISTIANE TAUBISTAN** Dómsmálaráðherra Frakklands hefur barist fyrir frumvarpinu. NORDICPHOTOS/AFP

Neðri deild franska þingsins:

# Samkynhneigð pör fá að giftast

**FRAKKLAND, AP** Neðri deild franska þingsins samþykkti í gær með 329 atkvæðum gegn 229 að heimila samkynhneigðum pörum að ganga í hjónaband. Jafnframt verður samkynhneigðum hjónum leyft að ættleiða börn.

Frumvarpið fer nú fyrir efri deild þingsins. Harðar deilur hafa verið um frumvarpið í Frakklandi og fjölmennar mótmælagöngur verið haldnar. Þrátt fyrir það styður yfirgnæfandi meirihluti Frakka hjónabönd samkynhneigðra, en stuðningurinn við að samkynhneigðir ættleiði börn er eitthvað minni. - gb



**REYKJANES** Eldvörp eru umdeild vegna virkjunarhugmynda. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Landvernd vill endurskoðun:

# Ítreka gagnrýni vegna Eldvarpa

**UMHVERFISMÁL** Landvernd hefur sent Skipulagsstofnun athugasemdir við tillögu að matsáætlun HS Orku vegna rannsóknarborana í Eldvörpum. Samtökin ítreka fyrra álit sitt að ekki beri að hrófla við Eldvörpum en benda jafnframt á mikilvægi þess að rannsóknarboranir valdi sem minnstu raski verði af þeim á annað borð.

Í álitinu leggja samtökin sérstaka áherslu á að rökstyðja þurfi betur fjölda borhola, ekki síst í ljósi þess að ef til vill verði ekki af nýtingu á svæðinu. Þá telja samtökin að rökstyðja þurfi betur það álit framkvæmdaraðila að ekki sé líklegt að hægt verði að nota borplan sem þegar er á svæðinu, en Landvernd leggur mikla áherslu á að fundnar verði leiðir til þess. - shá

**ÖRYGGISMÁL**

### Fá 20 milljónir frá ríkinu

Ríkið og Landsbjörg hafa gengið frá samningi sem gera á Landsbjörgu kleift að auka kynningu á vefnum Safe Travel, auk eflingar á vetrarferðaþjónustu björgunarsveitanna. Ríkið leggur fram tíu milljónir á móti vinnuframlagi Landsbjargar næstu tvö árin.

# Lífsgæðin lakari hér en á Norðurlöndum

Ný skýrsla frá ASÍ sýnir að lífsgæði á Íslandi hafa dalað í samanburði við hin Norðurlöndin. Vinnum meira en hinir og höfum dregið úr einkaneyslu. Niðurskurður til lykilmálaflokka gæti einnig haft neikvæð áhrif til lengri tíma litið.

**EFNAHAGSMÁL** Verulega hallar á Íslendinga þegar lífsgæði hér á landi eru borin saman við það sem gengur og gerist á Norðurlöndunum. Þetta kemur fram í skýrslu sem ASÍ kynnti í gær, þar sem lífskjör hér á landi eru borin saman við lífskjör í Noregi, Svíþjóð og Danmörku.

Skýrslan tekur til ýmissa atriða þar sem meðal annars kemur fram að á tímabilinu 2006 til 2012 hafi dregið úr landsframleiðslu. Staðan er sérstaklega slök þegar litið er til þess að vinnuvikan hér á landi er talsvert lengri en tíðkast í hinum löndunum, þó svo hún hafi styst frá 2006, og þannig ljóst að Íslendingar þurfa að vinna meira til að halda uppi þeim lífsgæðum sem þó eru hér.

Samdráttur í einkaneyslu hér á landi mælist rúm fjórtán prósent á tímabilinu 2006 til 2011. Til samanburðar stóð einkaneysla nokkurn veginn í stað í Danmörku en hún jókst um fjórtán prósent í Noregi og rúm níu prósent í Svíþjóð.

Útgjaldamynstur íslenskra heimila breyttist líka mikið hér á landi þar sem þau hafa dregið mikið úr munaði til að eiga fyrir nauðsynlegum útgjöldum, auk þess sem kostnaður vegna opinberra gjalda, húsnæðis og bíla hefur aukist stórum.

Segir í skýrslunni að skellurinn í einkaneyslu hefði eflaust orðið mikið stærri ef ekki hefði notið við úrræða í líkingu við sértækar vaxtaniðurgreiðslur og úttekt séreignarsparnaðar.

Þá komi neikvæð áhrif einnig fram í niðurskurði til heilbrigðis- og menntamála, sem geti reynst skaðlegur til lengri tíma litið.

Stærsta ógnin við lífskjör Íslendinga, sé horft til lengri tíma, er hins vegar skuldir hins opinbera. Þær hafi áhrif á almannatryggingakerfið og skattkerfið, en skattar geti til lengri tíma litið reynst letjandi, dregið úr atvinnuþátttöku og „skapað aðstæður fyrir fátæktargildrur“.

Þrátt fyrir allt ofantalið er því þó ekki neitað að lífsgæði eru enn góð á Íslandi í samanburði við flest önnur ríki, til að mynda hvað varðar atvinnuþátttöku. Staðreyndin sé þó sú að Íslendingar miða sig að mestu við Norðurlöndin „og í því samhengi er ljóst að verulega hallar á Ísland“.

Róbert Farestveit, hagfræðingur hjá ASÍ, segir í samtali við Fréttablaðið að lykillinn að því að snúa þessari þróun við og auka kaupmátt almennings liggi í aukinni fjárfestingu.

„Það að auka kaupmátt tekur sinn tíma, en á meðan fjárfesting fer ekki af stað og verðbólga er enn við lýði mun það ganga hægt.“ thorgils@frettabladid.is

### ➜ Afköst




### ➜ Útgjöld heimilanna




## Minni neysla – minna flutt inn

Einkaneysla og innflutningur drógust verulega saman á Íslandi á árunum 2006-2011

| | Danmörk | Ísland | Noregur | Svíþjóð |
|---|---|---|---|---|
| Einkaneysla | -0,27% | -14,03% | 14,03% | 9,40% |
| Innflutningur | 3,68% | -32,45% | 13,77% | 15,87% |

*Heimild: ASÍ*



BK BALDONI KITCHEN FURNITURE

# PÁSKATILBOÐ!

## GLÆSILEGAR OG VANDAÐAR ELDHÚSINNRÉTTINGAR

**40-50% AFSLÁTTUR**



**LINE**

Hvítlökkuð háglans, glerhörð kámfrí áferð, höldulaus.



**COUNTRY**

Fulningur, hvítlökkuð háglans, glerhörð kámfrí áferð.



**HORIZONTAL**

Spónlögð amerísk hnota.



**DUCALE**

Hvítlökkuð háglans, glerhörð kámfrí áferð, innfelld handföng.



**DUCALE**

Ljós eik - innfelld handföng.

## **AUKAHLUTIR** FYRIR ELDHÚSINNRÉTTINGAR

*BÚR-ÚTDRAG - TÖFRAHORN - ÚTDRAGANLEG HÁLFMÁNASETT - HNÍFAPARABAKKAR ÚTDRÖG Í NEÐRI SKÁPA*

NÚ ER TÆKIFÆRIÐ TIL AÐ **ENDURNÝJA ELDHÚSIÐ!**
**TIL AFGREIÐSLU AF LAGER** - TAKMARKAÐ MAGN!

**WWW.I-T.IS**

**OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 9 TIL 18**
**OG LAUGARDAGA FRÁ KL. 11 TIL 15**

Ármúla 31 | 108 Reykjavík | Sími: 588 7332

INNRÉTTINGAR & TÆKI

*- fyrir þitt heimili*



# Markaðsátak fyrir sjávarafurðir í Suður Evrópu

**Kynningarfundur fimmtudaginn 14. feb. kl. 11**

Framleiðendum og útflytjendum á fiski til Spánar, Ítalíu og Portúgal býðst að taka þátt í sameiginlegu markaðsstarfi. Ríkisstjórnin leggur verkefninu til fjármagn gegn jafnháu mótframlagi greinarinnar. **Íslandsstofa** og **Íslenskir saltfiskframleiðendur (ÍSF)** eru aðilar að verkefninu en þjónustuaðilar og aðrir hagsmunaaðilar geta einnig gerst aðilar.

Kynning á verkefninu verður í **Borgartúni 35** í Reykjavík, fimmtudaginn 14. feb. kl. 11. Markmið og framkvæmd verkefnisins sem og þátttaka fyrirtækja verður kynnt á fundinum. Fundurinn verður einnig sendur út á netinu.

Nánari upplýsingar um fundinn á **www.islandsstofa.is** og hjá Guðnýju Káradóttir í síma **511 4000**, **gudny@islandsstofa.is.**

Skráning með tölvupósti á **islandsstofa@islandsstofa.is.**

ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND


# Varar við of miklum flýti við breytingar

Feneyjanefndin gerir margar athugasemdir við stjórnarskrárfrumvarp. Varar við því að of mikil tímapressa sé sett á breytingarnar. Meirihluti stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar telur þó hægt að ljúka málinu á kjörtímabilinu leggist allir á eitt.

**FRÉTTASKÝRING**
Hver eru viðbrögðin við áliti Feneyjanefndarinnar um stjórnarskrárfrumvarp?

Feneyjanefndin segir ýmislegt óskýrt í frumvarpi að nýrri stjórnarskrá. Því geti verið erfitt að túlka ýmsar greinar stjórnarskrárinnar. Þá varar nefndin við því að frumvarpið geti valdið óstöðugleika og pólitísku þrátefli. Ýmislegt sé þó jákvætt í ferlinu, en mikilvægt sé að setja ekki of mikla tímapressu varðandi breytingarnar.

Í áliti nefndarinnar segir að ef það reynist of erfitt að ná sátt um málið á yfirstandandi þingi geti verið skynsamlegt að einbeita sér nú að því að breyta ferlinu við breytingu stjórnarskrárinnar. Sjálfar breytingarnar myndu þá bíða næsta þings. Nefndin tekur hins vegar fram að slíkt sé pólitísk ákvörðun.

Valgerður H. Bjarnadóttir, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, segir ekkert í áliti nefndarinnar koma sér á óvart. Þar sé að finna vangaveltur um ýmislegt, sumu sé hrósað, svo sem mannréttindamálum, en varað við öðru. Hún segir því alltaf fylgja einhver óvissa að feta inn á nýjar brautir, líkt og gera eigi með stjórnarskrárbreytingunum.

Hún segir að Feneyjanefndin sé gagnrýnin á ákvæði um stjórnkerfið, en í vinnu þingnefndar hafi verið ákveðið að bíða með breytingar á þeim sviðum þar til álit Feneyjanefndarinnar lægi fyrir. Ýmsu öðru, sem nefndin gerir athugasemdir við, hafi þegar verið breytt.



**GAGNAFJÖLD** Álit Feneyjanefndarinnar verður tekið fyrir á fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis um leið og því hefur verið snarað á íslensku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Allt annað frumvarp**

Vigdís Hauksdóttir, fulltrúi Framsóknarflokksins í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, gagnrýnir einmitt það.

„Nú er þingið að fást við allt annað frumvarp, byggt á breytingartillögum meirihlutans, en Feneyjanefndin hafði til grundvallar sínu áliti.“ Meirihlutinn hafi gert 50 breytingartillögur á frumvarpinu frá því það fór til Feneyjanefndarinnar.



**VIGDÍS HAUKSDÓTTIR**



**VALGERÐUR H. BJARNADÓTTIR**

Álfheiður Ingadóttir, fulltrúi Vinstri grænna í stjórnskipunarnefndinni, segir að ljúka þurfi sem fyrst annarri umræðu um málið svo nefndin geti unnið að því áfram. Hún segir ekkert að vanbúnaði að klára málið, ef allir leggjast á eitt, en þó megi ekki gleyma því að efnislegur ágreiningur sé um málið. En telur hún líklegt að allir leggist á eitt eða óttast hún langar umræður í þinginu?

„Þurfum við að reikna með því að stjórnarandstaðan fari hér í málþóf í þriðja eða fjórða sinn á kjörtímabilinu út af stjórnarskránni? Er það bara þannig að mönnum finnist það bara eðlilegt eftir alla þá vinnu sem búið er að leggja í þetta? Ég held ekki.“

**Enga plástra**

Birgir Ármannsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, segir flokkinn andvígan því að klára frumvarpið eins og það lítur út í dag. „Við höfum sagt að við séum tilbúin til að setjast niður og ræða alla möguleika í því sambandi á að gera einhverja afmarkaða breytingar. Við höfum alltaf sagt það en framvindan verður síðan að skera úr um hvað kemur út úr því. Við erum ekki tilbúin til að afgreiða þetta frumvarp með einhverjum plástrum.“

Óljóst er hvenær málið kemst til annarrar umræðu á þingi. Ákveðið var að ræða fyrst frumvarp um stjórnkerfi fiskveiða. Heimildarmenn Fréttablaðsins segja það gefa til kynna að meirihlutinn búist ekki endilega við því að málið klárist á yfirstandandi þingi. Þá sé hægt að vísa í langar umræður um fiskveiðimál því til skýringar.

**Þetta er hægt**

Margrét Tryggvadóttir, fulltrúi Hreyfingarinnar í stjórnskipunarnefnd, segist enn telja að hægt sé að klára málið á yfirstandandi þingi. Hún verði þó að lúslesa álit nefndarinnar áður en hún lýsi því yfir hvort hún styðji frumvarp meirihlutans.

Róbert Marshall, þingmaður utan flokka, tekur undir það. Hægt sé að klára málið, en þá verði að halda betur á því. „Ég er mjög hissa á að málið hafi ekki verið sett á dagskrá í gær [á mánudag] og að menn hafi valið það að setja fiskinn fram fyrir stjórnarskrána. Það vita allir að slík umræða tekur langan tíma.

kolbeinn@frettabladid.is

## Forseti geti misnotað málskotsrétt

Á meðal þess sem Feneyjanefndin gagnrýnir í áliti sínu er málskotsréttur forseta. Hún segir óheppilegt að kerfið geri ráð fyrir því að helstu stofnunum stjórnkerfisins, Alþingi og ríkisstjórn annars vegar og forsetanum hins vegar sé stillt upp hverri gegn annarri. Slíkt geti skaðað einhvern aðilann.

Þá sé hætta á því að forseti sem er á öðrum enda hins pólitíska litrófs en meirihluti Alþingis og er kosinn beinni kosningu en hefur ekki margar skyldur, noti þetta ferli í óvinsælum lögum til að skaða stjórnina. „Það ferli gerir forsetann augljóslega að þátttakanda í stjórnmálum, þrátt fyrir að honum sé að öðru leyti ætlað að vera hlutlaus þjóðhöfðingi.“

Stjórnlagaráð lagði ekki til breytingar á málskotsrétti forsetans í drögum sínum.



**FORSETINN** Ólafur Ragnar Grímsson hefur í þrígang vísað máli í þjóðaratkvæðagreiðslu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


ORKUSTOFNUN

## Orkusjóður auglýsir rannsóknarstyrki 2013

Í 2. grein reglugerðar um Orkusjóð nr. 514/2003 eru tilgreindar eftirtaldar heimildir til styrkveitinga úr Orkusjóði:

- *að veita styrki eða áhættulán til hönnunar eða smíði frumgerðar tækja og búnaðar til rannsóknar og nýtingar orkulinda*
- *að veita styrki til sérstakra verkefna á sviði hagkvæmrar orkunotkunar, þ.m.t. til fræðslu og upplýsingastarfsemi*
- *að veita styrki til verkefna sem stuðla að nýtingu á innlendri orku í stað jarðefnaeldsneytis og styrkja alþjóðasamvinnu um slík verkefni*

Við úthlutun styrkja 2013 verður sérstök áhersla lögð á:

- *hagkvæma orkunýtingu og orkusparnað*
- *innlenda orkugjafa*
- *vistvænt eldsneyti og sparnað jarðefnaeldsneytis*
- *öflun þekkingar á þessum sviðum og miðlun hennar*
- *rannsóknir, þróun og samstarf sem að þessu miðar*
- *atvinnusköpun*

**Umsóknarfrestur er til 20. mars 2013**

Rafrænar umsóknir á heimasíðu Orkustofnunar **www.os.is**

Nánari upplýsingar á www.os.is, og hjá Orkusjóði, Borgum við Norðurslóð, 600 Akureyri í símum 569 6083 - 894 4280 - Netfang Orkusjóðs er **jbj@os.is**

ORKUSTOFNUN ORKUSJÓÐUR

# FERMINGATILBOÐ




## Nature's Rest heilsurúm

| Stærð cm. | Fullt verð | Fermingartilboð |
|---|---|---|
| 90x200 | 76.900,- | krónur **65.365,-** |
| 100x200 | 80.900,- | krónur **68.765,-** |
| 120x200 | 89.900,- | krónur **76.415,-** |
| 120x200 | 99.900,- | krónur **84.915,-** |

Nature's Bedding

DÝNA BOTN OG LAPPIR



- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Svæðaskipt gormakerfi
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Gegnheilar viðarlappir
- Frábærar kantstyrkingar
- 320 gormar pr fm²

## Nature's Shape heilsurúm



| Stærð cm. | Fullt verð | Ferm.-tilboð |
|---|---|---|
| 90x200 | 97.900,- | 83.215 |
| 100x200 | 109.900,- | 93.415 |
| 120x200 | 121.900,- | 103.615 |
| 140x200 | 143.900,- | 122.315 |

DÝNA BOTN OG LAPPIR

Gafl er seldur sér

SHAPE BY NATURE'S BEDDING

Heilsudýna sem:

- Lagar sig fullkomlega að líkama þínum
- 24 cm þykk heilsudýna
- Engin hreyfing
- AloaVera áklæði
- 5 ára ábyrgð!

## Nature's Comfort heilsurúm

Nature's Bedding

| Stærð cm. | Fullt verð | Fermingartilboð |
|---|---|---|
| 100x200 | 99.900,- | krónur **84.915,-** |
| 120x200 | 113.900,- | krónur **96.815,-** |
| 140x200 | 131.900,- | krónur **112.115,-** |

DÝNA BOTN OG LAPPIR



- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Steyptar kantstyrkingar
- Heilsu- og hægindalag í yfirdýnu sem hægt er að taka af
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Gegnheilar viðarlappir

## Nature's Luxury heilsurúm

| Stærð cm. | Fullt verð | Fermingartilboð |
|---|---|---|
| 120x200 | 125.900,- | krónur **107.115,-** |
| 120x200 | 147.900,- | krónur **125.715,-** |

Nature's Bedding

DÝNA BOTN OG LAPPIR



- Mjúkt og slitsterkt áklæði með flauelsáferð
- 7cm Shape þrýstijöfnunarefni í yfirdýnu
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Frábærar kantstyrkingar
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Gegnheilar viðarlappir
- 320 gormar pr fm²

**OPIÐ Holtagörðum**
**Virka daga kl. 10-18**
**Laugardaga kl. 11-16**
**Sunnud.aga kl. 13-16**

DORMA
– býður góða nótt

**Pöntunarsími ☎ 512 6800**
**www.dorma.is**

HARPA Í REKSTRARVANDA

# Forsendur yfirtöku Hörpu brostnar

**Eigendur Hörpu ætla að gefa eftir skuldir og auka framlög til samstæðunnar til að bjarga henni frá þroti. Um er að ræða tveggja milljarða framlag hið minnsta. Forsendur þess að ríki og borg tóku yfir Hörpu árið 2009 voru að ekki þyrftu að koma til aukin framlög eigenda.**



**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@frettabladid.is

Forsendurnar fyrir yfirtöku ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar á Hörpu eru brostnar. Í gær samþykkti borgarráð tillögu um fjármögnun Hörpu sem felur í sér að um 800 milljóna króna eigendaskuld verður breytt í nýtt hlutafé og 1.164 milljóna króna viðbótarframlag til að fjármagna rekstur Hörpu út árið 2016. 640 milljónir króna af þeirri upphæð eru bein aukin framlög eigendanna. Í greinargerð með tillögunni segir að „[v]alkosturinn við að fara ekki í ofangreindar aðgerðir er sá að fyrirtækið Harpan komist fljótlega í þrot og starfsemin hætti með talsverðum tilkostnaði fyrir eigendur“.

Það voru Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra og Hanna Birna Kristjánsdóttir, fyrrverandi borgarstjóri, sem samþykktu yfirtöku ríkis og borgar á Hörpu.

### Ekki aukin framlög

Ríki og borg samþykktu að taka yfir og klára Hörpuna snemma árs 2009. Tekið var sambankalán hjá íslensku bönkunum til að fjármagna yfirtökuna. Í skriflegu svari Katrínar Jakobsdóttur við fyrirspurn þingmannsins Marðar Árnasonar um Hörpu, sem birt var í mars 2011, kom mjög skýrt fram að ekki ætti að setja meira fé en þar var umsamið í Hörpu. Þar sagði orðrétt að „forsendur fyrir yfirtöku verkefnisins voru þær að ekki þyrftu að koma til önnur framlög frá ríki og borg en gert var ráð fyrir í samningi Austurhafnar-TR og Portusar frá 9. mars 2006“.

Það framlag fylgir vísitölu og er áætlað 1.045 milljónir króna á þessu ári. Sama framlag þurfa eigendur að greiða í 34 ár til viðbótar.

### Veittu brúarlán

Í lok árs 2011 leituðu forsvarsmenn Hörpu-samstæðunnar til eigenda sinna eftir brúarláni, þar sem upphaflegt sambankalán dugði ekki fyrir stofnkostnaði. Það stendur í dag í 794 milljónum króna. Lánið átti að endurgreiðast þegar Harpa gæfi út skuldabréfaflokk, og í síðasta lagi í desember 2012. Landsbankinn, sem er langstærsti lánveitandinn í sambankaláninu, fékk umsjón með skuldabréfaútboðinu og sölutryggði það. Ekkert bólaði hins vegar á henni á síðasta ári.

Þann 3. ágúst 2012 gáfu eigendur Hörpu út yfirlýsingu þar sem fram kom að rekstrarafkoma Hörpu yrði neikvæð um 407 milljónir króna það árið. Nú, nokkrum mánuðum síðar, er ljóst að tekjur voru ofáætlaðar um 82 milljón króna og gjöld vanáætluð um tíu milljónir króna. Því varð tap Hörpu vegna síðasta árs 498 milljónir króna, eða rúmum fimmtungi meira en reiknað var með um mitt árið. Þetta tap var fjármagnað með yfirdrætti.

### Útgáfan loks kláruð

Í greinargerð sem lögð var fyrir borgarráð í síðustu viku kemur fram að nú hafi endurfjármögnun loks verið „tryggð með samkomulagi við Landsbankann sem mun tryggja fulla fjármögnun stofnkostnaðar með sölu skuldabréfa á hagkvæmum kjörum. Um leið verður tryggð heildarfjármögnun verkefnisins[...] Miðað er við að frá þessari fjármögnun verði gengið 14. febrúar“. Það er á morgun. Af þeim 18,5 milljörðum króna sem útgáfan á að skila munu 16,5 milljarðar króna fara í að endurfjármagna sambankalán vegna byggingar hússins, 500 milljónir króna fara í að greiða upp skammtímalán sem veitt var í desember 2012 til að klára uppgjör við verktaka, 525 milljónir króna fara í að greiða yfirdrátt vegna fjármögnunar á taprekstri síðasta árs og 272 milljónir króna eiga að fara í að fjármagna „tekjuskapandi framkvæmdir“ í húsinu á árinu 2013. Þá verða 311 milljónir króna teknar að láni til að fjármagna áætlaðan halla fram til ársins 2016 sem framlag ríkis og borgar nær ekki að brúa.



**UMDEILT** Sú ákvörðun ríkis og borgar að taka yfir byggingu og eignarhald Hörpu var mjög umdeild. Pétur H. Blöndal alþingismaður sagði við upphaf þingfundar á Alþingi í gær, vegna frétta Fréttablaðsins af málefnum Hörpu, að „draumur fárra er að breytast í martröð margra“. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Deilt um fasteignagjöld

Í þeirri áætlun sem lá til grundvallar ákvörðun ríkis og Reykjavíkurborgar um að yfirtaka Hörpu snemma árs 2009 voru fasteignagjöld vegna hússins áætluð 147 milljónir króna. Uppreiknuð á núverandi verðlag er sú upphæð 182 milljónir króna. Álögð fasteignagjöld, sem renna til Reykjavíkurborgar, eru hins vegar 353 milljónir króna og mismunurinn því 155 milljónir króna, eða fimm milljónum króna lægri en samanlagt beint árlegt framlag ríkis og borgar til verkefnisins. Árlegt beint framlag borgarinnar er 73,6 milljónir króna og í greinargerðinni segir að ef hún samþykki tillöguna sé „borgin þrátt fyrir það að leggja verkefninu til nettó um 81 mkr. minna nú en upphaflega var gert ráð fyrir við yfirtökuna“. Alveg ljóst er þó að ríkið greiðir meira en upphaflega var lagt upp með.
Stjórnendur Hörpu eru þeirrar skoðunar að fasteignagjöldin séu of há og hafa stefnt málinu fyrir dóm. Ekki er búist við niðurstöðu í málinu fyrr en á næsta ári.

www.volkswagen.is




Tilboð í febrúar.
Frítt metan í eitt ár!

EcoFuel-tæknin nýtir bensín og metangas og sparar þannig allt að 46% af eldsneytiskostnaði. Metanbílar eru umhverfisvænir og bera því engin aðflutningsgjöld. Þeir sem kaupa verksmiðjuframleiddan Volkswagen Passat metanbíl í febrúar **fá frítt metangas í eitt ár***. Að auki fá eigendur Passat EcoFuel frítt í stæði í Reykjavík ásamt því að njóta hagstæðari kjara á lánum hjá fjármögnunarfyrirtækjum.

**Passat Variant kostar aðeins frá**

**4.690.000 kr.**

Passat Variant EcoFuel Comfortline Plus, 150 hestafla, beinskiptur.

| Eldsneytiskostnaður Volkswagen Passat á hverja 1.000 km** | Metan 9.843 kr.<br>Dísil 13.801 kr.<br>Bensín 18.242 kr. |
|---|---|

*Samkvæmt upplýsingum frá Umferðarstofu var meðalakstur fólksbíla 12.255 km árið 2011. Miðað við 6,6 $m^3$ meðaleyðslu Passat EcoFuel er árlegur eldsneytiskostnaður því 120.000 kr. miðað við verð á metani 31. janúar 2013.

**Miðast við eldsneytisverð eins og skráð er hjá Olís og Metan 31. janúar 2013.

Das Auto.

**Söluaðilar:** HEKLA Reykjavík · Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bilás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði



**JAFN RÉTTUR** Dönsk stjórnvöld hyggjast jafna rétt foreldra af sama kyni. NORDICPHOTOS/AFP

Stjórnvöld í Danmörku:

## Jafna réttindi tveggja mæðra

**DANMÖRK** Stjórnvöld í Danmörku vinna nú að því að jafna rétt foreldra af sama kyni.

Eignist tvær konur saman barn undir núverandi fyrirkomulagi, til dæmis með tæknifrjóvgun, verður sú sem ekki gengur með barnið að ættleiða það eftir fæðingu og ef sæðisgjafi er þekktur verða að líða tvö og hálft ár hið minnsta áður en hægt er að sækja um ættleiðingu.

Gangi áætlanir hins vegar eftir munu mæðurnar sjálfkrafa hljóta sömu stöðu gagnvart barninu og sé sæðisgjafi þekktur er hægt að útkljá það mál með skriflegu samkomulagi fyrir fæðingu barnsins. - þj

Ölóður karlmaður:

## Réðst á dyraverði með hníf

**LÖGREGLUMÁL Ölóður karlmaður á fimmtugsaldri réðst, vopnaður hnífi, að dyravörðum á skemmtistað í austurbæ Kópavogs á fyrsta tímanum í fyrrinótt.**

**Dyraverðirnir náðu að yfirbuga hann og sakaði þá ekki en í átökunum skarst árásarmaðurinn í andliti og viðbeinsbrotnaði.**

**Lögregla flutti hann á slysadeild Landspítalans, þar sem gert var að sárum hans, og þaðan í fangageymslu, þar sem hann sefur úr sér ölvímuna. Hann var yfirheyrður í gær.**

Yfirlæknir í Danmörku:

## Útlendingar fá verri meðferð

**DANMÖRK** Innflytjendur í Danmörku eru almennt veikari en aðrir íbúar. Þeir sem eru félagslega illa settir fá ekki þá þjónustu sem þeir þurfa.

Í frétt á vef Kristilega dagblaðsins segir að 670 innflytjendur hafi á undanförnum fjórum árum verið sendir frá öðrum læknum til sérstakrar læknamóttöku fyrir útlendinga í Óðinsvéum. Hjá fjórðungi þeirra höfðu læknar ekki fundið krabbamein, asma eða liðagigt.

Læknum hafði einnig yfirsést að viðkomandi sjúklingar glímdu við félagslega og andlega erfiðleika. Tungumálaörðugleikar komu einnig við sögu. - ibs





Lesum saman
Arion banki

ÖSKUDAGUR
Í ARION BANKA

Í tilefni af öskudeginum gefum við krökkum sem koma í útibú bankans, sérstakt öskudags-Andrésblað. Blaðið er fullt af skemmtilegum myndasögum og er afhent á meðan birgðir endast.

Góða skemmtun!

Andrés Önd WWW.ANDRÉSÖND.IS

Arion banki

Hygienteknik



1. Settu þann fjölda af moppum á vagninn sem þú þarft til verksins
2. Blandaðu RV alhreinsi í vatni í brúsann á vagninum
3. Á stjórnborðinu velur þú réttan skammt fyrir hverja moppu.
4. Úðinn dreifist jafnt á alla moppuna
5. Óhreina moppan sett í taupokann á vagninum eftir notkun...
6. ...og næsta moppa gerð tilbúin.

Activa ræstivagn með skömmtunarkerfi
– Ræstivagn framtíðarinnar



Gæði hreingerninganna aukast.
Lágmarksnotkun vatns og hreinsiefna.
Hver moppa er sérstaklega tilbúin til notkunar.
Tímasparnaður.

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is
RV 0113

B|L

VINSÆLIR

ENDA SPARNEYTNIR ATVINNUBÍLAR

RENAULT KANGOO DÍSIL

EYÐSLA 4,9 L / 100 KM*

KANGOO II EXPRESS

VERÐ: 2.541.833 KR. ÁN VSK.

1,5 DÍSIL - 90 HÖ VERÐ: 3.190.000 KR. M. VSK.



RENAULT TRAFIC DÍSIL

EYÐSLA 6,9 L / 100 KM*

TRAFIC STUTTUR

VERÐ FRÁ: 3.418.327 KR. ÁN VSK.

2,0 DÍSIL - 115 HÖ VERÐ: 4.290.000 KR. M. VSK.



RENAULT MASTER DÍSIL

EYÐSLA 8,0 L / 100 KM*

MASTER MILLILANGUR

VERÐ FRÁ: 4.292.821 KR. ÁN VSK.

2,3 DÍSIL - 125 HÖ VERÐ: 5.390.000 KR. M. VSK.



www.renault.is

RENAULT – Í LIÐI MEÐ ATVINNUREKENDUM Í 100 ÁR.

Það er ekki að undra að Renault sé stærstur á sviði sendibíla í Evrópu. Eftir meira en 100 ár í bransanum vita þeir hjá Renault hvað skiptir máli þegar bíllinn er vinnustaðurinn þinn: áreiðanleiki, sveigjanleiki og ekki síst þægindi.

RENAULT

BL ehf. Sævarhöfða 2 / 525 8000

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622
Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – Bílasala Akureyrar / 461 2533

# Norður-Kórea ögrar enn með tilraunum

Stjórnvöld í Norður-Kóreu gerðu þriðju tilraun sína með kjarnorkusprengingar í gær. Heimsbyggðin brást illa við, öryggisráð S.Þ. var kallað saman á neyðarfund og boðar frekari aðgerðir. Kínverjar hvetja menn þó til að sýna stillingu.

**NORÐUR-KÓREA, AP** Jarðskjálftamælar sýndu að jarðskjálfti upp á 4,9 stig varð í Norður-Kóreu í gær. Þetta eru einu ummerkin sem önnur ríki hafa getað notað til að staðfesta að þar hafi verið sprengd kjarnorkusprengja.

Norðurkóresk stjórnvöld stærðu sig skömmu síðar af afrekinu: „Tilraunin var framkvæmd með öruggum og fullkomnum hætti á háu plani, með því að nota litla og létta kjarnorkusprengju, ólíka þeim fyrri, en þó með miklum sprengikrafti,“ sagði fréttastofa norðurkóresku stjórnarinnar.

Fjölmörg ríki fordæmdu tilraunina og öryggisráð Sameinuðu þjóðanna var kallað saman á neyðarfund í gær. Ráðið fordæmdi athæfið og boðar frekari aðgerðir.

Meira að segja kínversk stjórnvöld, sem hafa sýnt Norður-Kóreu meiri þolinmæði en önnur ríki, lýstu einnig megnri óánægju sinni með þetta athæfi Norður-Kóreu en hvöttu heimsbyggðina þó til að sýna stillingu. Þetta er í þriðja sinn sem Norður-Kórea gerir tilraun með kjarnorkusprengingar. Í fyrri skiptin hafa viðbrögð alþjóðasamfélagsins jafnan verið þau að herða þær refsiaðgerðir sem Norður-Kórea hefur mátt sæta.

Tímasetningin hentar Barack Obama Bandaríkjaforseta ekki sérlega vel. Hann var í óða önn að búa sig undir að flytja hina árlegu stefnuræðu sína, þá fyrstu á seinna kjörtímabili sínu. Hann brást við með því að segja að kjarnorkutilraunir ykju ekki öryggi Norður-Kóreu. Þvert á móti hefði Norður-Kórea einangrað sig enn frekar á alþjóðavettvangi.

Talið er að Norður-Kórea ráði yfir nægu plútoni til að að búa til fjórar eða átta kjarnorkusprengjur. Árið 2010 hófust Norður-Kóreumenn einnig handa við að auðga úran. Ekki er vitað hvort plúton eða úran var notað í sprengjuna í gær.

gudsteinn@frettabladid.is



**SKJÁLFTAMÆLING** Jarðvísindamaður í Suður-Kóreu fylgist með ummerkjum sprengingarinnar. NORDICPHOTOS/AFP

## Kjarnorkutilraunir í Norður-Kóreu

**Ágúst 1998** Flugskeyti skotið. Þeyttist yfir Japan, talið geta komist 2.500 kílómetra en lét illa að stjórn.
**Júlí 2006** Flugskeyti skotið. Hrapaði stuttu eftir flugtak. Norður-Kórea hefur þó aldrei viðurkennt þetta.
**Október 2006** Fyrsta tilraunin með kjarnorkusprengingu. Hún er þó lítil, eitt kílótonn í mesta lagi.
**Apríl 2009** Flugskeyti skotið. Ekki tókst að koma gervihnetti á braut umhverfis jörðu.
**Maí 2009** Tilraun með kjarnorkusprengju tekst að hluta. Hún er talin hafa verið tvö til sex kílótonn.
**Apríl 2012** Flugskeyti skotið. Það sprakk í loft upp stuttu eftir flugtak.
**Desember 2012** Flugskeyti skotið. Í þetta skiptið tókst að koma gervihnetti á braut umhverfis jörðu.
**Febrúar 2013** Tilraun með kjarnorkusprengju. Talin hafa verið sex til sjö kílótonn að stærð.

Aðalfundur Marel hf. 2013

Aðalfundur Marel hf. verður haldinn í höfuðstöðvum félagsins að Austurhrauni 9, 210 Garðabæ, miðvikudaginn 6. mars nk., kl. 16:00.

**Dagskrá:**

- Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt grein 4.13 í samþykktum félagsins.
- Breyting á samþykktum félagsins með hliðsjón af 1. mgr. 63. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 um kynjahlutföll stjórnarmanna.
- Tillaga um að heimila félaginu að kaupa eigin hlutabréf.
- Önnur mál, löglega borin fram.

Fundarstörf munu fara fram á ensku.

Sérstaklega er bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar.

Til þess að tillögur frá hluthöfum sem leggja á fyrir á fundinum verði teknar þar til umræðu verður að skila þeim til stjórnar félagsins eigi síðar en sjö dögum fyrir fundinn.

Frekari upplýsingar um tímafresti þá sem gilda í tengslum við rétt hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar, leggja fram ályktunartillögur fyrir fundinn, o.fl. er að finna á heimasíðu félagsins, *www.marel.com/agm*. Þar er jafnframt að finna allar frekari upplýsingar í tengslum við aðalfundinn, þ.m.t. ársskýrslu félagsins, drög að dagskrá fundarins, tillögur stjórnar félagsins, ársreikning félagsins fyrir árið 2012, upplýsingar um heildarfjölda hluta og atkvæðafjölda í félaginu m.v. 12. febrúar 2013, umboðsform auk upplýsinga um skjöl sem lögð verða fyrir fundinn.

Endanleg dagskrá fundarins og tillögur verða aðgengilegar hluthöfum sjö dögum fyrir fundinn á framangreindri síðu á vef félagsins sem og á skrifstofu félagsins að Austurhrauni 9, 210 Garðabæ.

Umboðsmenn hluthafa skulu framvísa skriflegum umboðum við inngang. Atkvæðaseðlar og önnur gögn verða aðgengileg á fundarstað frá kl. 15.30.

Stjórn Marel hf.

marel.com

marel

# Láttu hjartað ráða




„Maís- og hrískökurnar mínar eru glútenlausar og innihalda engan sykur.
Þær eru bæði hollar og góðar og henta því vel sem millimál.“

Solla

BÓNUS HAGKAUP

HIMNESKT

Gagnrýna Samkeppniseftirlit:

## SFF segja kostnaðinn ofmetinn

**Rekstrarkostnaður stóru bankanna þriggja jókst um fimm milljarða króna á árunum 2009 til 2011, sé tekið tillit til aukinnar skattheimtu og samruna við önnur fjármálafyrirtæki. Þetta er mat Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF), sem sendu í gær frá sér yfirlýsingu vegna nýútkominnar skýrslu Samkeppniseftirlitsins um fjármálakerfið.**

**Í skýrslunni kom fram að rekstrarkostnaður bankanna hefði aukist um 18 milljarða á þessu árabili en SFF telur raunhæfara að miða við fimm milljarða. Þá minnir SFF á að gríðarleg vinna hafi falist í endurskipulagningu lána á síðustu árum.** - mþl

Vísindamaður í Danmörku:

## Vinnuvikan verði 25 stundir

Vísindamaðurinn James W. Vaupel, sem starfar við Max Planck-stofnunina í Óðinsvéum í Danmörku, segir að börn sem eru 10 ára í dag eigi að geta verið á vinnumarkaði þar til þau verða áttræð. Vinnuvikan ætti þess vegna ekki að vera lengri en 25 klukkustundir.

Á vefnum forskning.no er haft eftir Vaupel að mikilvægast sé að allir starfi í ákveðinn tíma, ekki hvenær þeir gera það. Hann segir ungt fólk á aldrinum 20 til 30 ára fá tíma til að sinna börnunum, iðka íþróttir og sinna öðru sem gefur lífinu gildi sé vinnuvikan stutt. Nú sé hún löng samtímis því sem gera megi ráð fyrir langlífi. - ibs

# Útlendingar nýta sér fjárfestingarleið Seðlabankans

Innlendir aðilar voru í miklum minnihluta þeirra sem tóku þátt í nýjasta útboði Seðlabankans vegna fjárfestingarleiðarinnar svokölluðu. Ekki liggur fyrir sams konar sundurliðun vegna fyrri útboða. Fjárfestingarleiðin er liður í áætlun um afnám hafta en hún hefur verið gagnrýnd fyrir að nýtast helst ríkum Íslendingum.

Íslendingar voru í miklum minnihluta þátttakenda í síðasta gjaldeyrisútboði Seðlabankans. Einungis tæplega fimmtungur þeirrar fjárhæðar sem kom inn í landið í gegnum útboðið, sem fer fram í tengslum við fjárfestingarleið bankans, var í eigu innlendra aðila.

Þetta kom fram í nýlegri tilkynningu frá Seðlabankanum. Þannig vildi bankinn bregðast við fréttaflutningi af því mati greiningar Íslandsbanka að vísbendingar væru um að stór hluti þeirra fjármuna sem farið hafa í gegnum fjárfestingarleiðina hefði líklega komið til landsins án leiðarinnar sem veitir í raun afslátt af fjárfestingum á Íslandi.

Hafði Fréttablaðið eftir Jóni Bjarka Bentssyni, sérfræðingi í greiningu Íslandsbanka, á miðvikudag að lítið hefði sést af erlendri fjárfestingu á meðan nokkur umfjöllun hefði verið um innlenda aðila sem hefðu nýtt sér fjárfestingarleiðina.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort sams konar sundurliðun verður birt vegna fyrri útboða en að sögn Stefáns Jóhanns Stefánssonar, ritstjóra Seðlabankans, tekur talsverðan tíma að vinna þessar upplýsingar. Þá segir Stefán að þótt ekki sé hægt að fullyrða að síðasta útboð gefi greinargóða mynd af öllum fyrri útboðum veiti það alltént ákveðna vísbendingu um hverjir hafi verið að taka þátt í þeim.

Í útboði Seðlabankans á þriðjudag keypti hann gjaldeyri að fjárhæð 25,2 milljónir evra. Í fyrri útboðum bankans hefur hann keypt 191 milljón evra. Sambærileg upphæð hefur svo komið inn í landið utan við útboðin samkvæmt skilyrðum leiðarinnar. Námu fjárfestingar í tengslum við hana því 4,7% af landsframleiðslu ársins 2011.

Spurður hvort Seðlabankinn telji að fjárfestingarleiðin hafi skilað tilætluðum árangri svarar Stefán: „Þegar farið er út í svona aðgerðir er aldrei hægt að vita hverju þær munu skila. Þetta hefur hins vegar ótvírætt þokað málum í rétta átt, enda umtalsverðar fjárhæðir sem hafa skilað sér með þessum hætti. Þessi árangur dregur auk þess verulega úr lausafjáráhættu í fjármálakerfinu sem stafa myndi af losun gjaldeyrishafta.“

Þá hyggst Seðlabankinn lækka lágmarksfjárhæðir í útboðum bankans um helming. Slík breyting mun gefa fleiri fjárfestum tækifæri til að nýta sér útboðsleiðirnar en gagnrýnt hefur verið að þær hafi einungis nýst fjársterkum aðilum.

magnusl@frettabladid.is



**HAFNARFJÖRÐUR** Hægt er að kaupa fasteignir auk hluta- og skuldabréfa í gegnum fjárfestingarleiðina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Hvernig virkar fjárfestingarleiðin?

Seðlabankinn auglýsti fjárfestingarleiðina í lok árs 2011 en hún er skref í áætlun stjórnvalda um losun gjaldeyrishafta. Leiðin felur í sér að bankinn stendur fyrir gjaldeyrisútboðum þar sem hann kaupir erlendan gjaldeyri í skiptum fyrir krónur á hagstæðu gengi gegn því að krónurnar séu nýttar til fjárfestingar hér á landi til fimm ára hið minnsta. Þannig geta eigendur gjaldeyris fjárfest í innlendum hlutabréfum, skuldabréfum eða fasteignum.

Í síðasta gjaldeyrisútboði var skiptigengið 230 krónur fyrir evru. Opinbert gengi sama dag var 173 krónur fyrir evru. Afslátturinn er þó í raun helmingi minni því fyrir hverja evru sem seld er í útboðunum þurfa þátttakendur að koma með aðra inn í landið í gegnum fjármálastofnanir. Afsláttur þátttakenda er því 16% miðað við síðasta útboð.

Fjárfestingarleiðin getur nýst eigendum aflandskróna og miðar þannig að því að minnka hina svokölluðu snjóhengju. Ef eigendur aflandskróna selja erlendan gjaldeyri hjá innlendri fjármálastofnun í skiptum fyrir krónur til fjárfestingar geta þeir nefnilega flutt til landsins aflandskrónur fyrir samsvarandi upphæð á hinu hagstæða útboðsgengi Seðlabankans.






PIPAR\TBWA - SÍA \ 130441

Tímamót í Kvennaathvarfinu:

# Þangað til takmarkinu er náð

Um helgina urðu þau tímamót í starfi Kvennaathvarfsins að það flutti í nýtt húsnæði sem er bæði stærra og hentugra fyrir starfsemina en húsið sem áður hýsti athvarfið.

Í húsinu sem flutt var úr um helgina voru aðeins fjögur svefnherbergi en fyrir kom að í húsinu gistu yfir 20 konur og börn. Raunveruleikinn hefur allt of oft verið sá að dvalarkonur hafa ekki átt einkarými fyrir sig og börn sín í athvarfinu. Þetta hafa konurnar gert sér að góðu enda á kona sem leitað hefur í kvennaathvarf yfirleitt ekki í önnur hús að venda. Sú raun ætti þó að vera næg að yfirgefa heimili sitt vegna ofbeldis þótt ekki bíði að deila herbergi með vandalausum.



**Steinunn Stefánsdóttir**

steinunn@frettabladid.is

Fjölgun svefnherbergja í Kvennaathvarfinu er því gríðarleg bót því í nýja húsinu ætti það að heyra til algerra undantekninga að dvalarkonur geti ekki hreiðrað um sig í sérherbergi eða aðeins með sínum börnum.

Öll önnur aðstaða batnar einnig. Baðherbergjum fjölgar og hópastarf sem hefur verið á hrakhólum í þrengslum undanfarinna ára fær samastað. Þá gefur augaleið að rýmri og betri aðstaða bæði fyrir dvalarkonur og börn þeirra gerir lífið í athvarfinu bærilegra. Þá ber að fagna sérstaklega að aðgengi fyrir hreyfihamlaða er nú betra en áður hefur verið í athvarfinu.

Sem fyrr stendur gjafa- og söfnunarfé undir kostnaði við að bæta húsakost athvarfsins enda hefur Kvennaathvarfið notið rausnar almennings allt frá stofnun þess fyrir rúmlega 30 árum. Ef þess stuðnings nyti ekki við væru aðstæður Samtaka um kvennaathvarf til þess að bæta húsakostinn mun erfiðari.

„En það er náttúrulega bölvuð vitleysa að byggja svona hús, það hlýtur að vera hægt að gera þetta öðruvísi,“ er á Facebook-síðu athvarfsins haft eftir einum smiðnum sem vann að endurbótum nýja húsnæðisins.

Það er auðvitað hverju orði sannara. Það er dapurlegt að á árinu 2013 skuli vera þörf fyrir risastórt hús fyrir konur og börn sem þurfa að yfirgefa eigið heimili vegna ofbeldis sem þau eru beitt af hálfu sinna nánustu.

Undirliggjandi markmið hlýtur jú alltaf að vera að „gera þetta öðruvísi“, að einn góðan veðurdag verði með fullkominni vissu hægt að leggja niður starfsemi kvennaathvarfa.

Sá dagur er hins vegar ekki alveg í augsýn. Um það vitnar aðsókn í dvalar- og viðtalsþjónustu Kvennaathvarfsins. Meðan svo er verður athvarfið að dafna, bæði þannig að húsnæði þess svari kalli tímans og einnig sú starfsemi sem fram fer innan veggjanna og miðar að því að styðja konur til lífs án ofbeldis.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Þingmálið

Feneyjanefndin svokallaða skilaði áliti sínu um stjórnarskrárfrumvarpið okkar síðdegis í fyrradag. Það var á ensku, sem þurfti ekki að koma neinum á óvart. Strax bárust þau boð frá Valgerði Bjarnadóttur, formanni stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, að álitið skyldi ekki gert opinbert fyrr en það hefði verið þýtt – af því að fyrst þá mundi nefndin fjalla um álitið; þingmálið væri jú íslenska. Fyrir þessari afstöðu voru þó engin rök – alls ekki nein, enda ekkert í álitinu sem leynt þurfti að fara, þótt ekki væri nema í sólarhring. Þetta var því ákvörðun sem byggði á engu, nema ósjálfráðri hvöt til að fara leynt með skjöl.



### Þrýstingur RÚV

Það má telja nefndarformanninum til tekna að hafa séð að sér upp úr hádegi í gær og látið birta álitið – óþýtt – á vef þingsins. Það var hins vegar ekki gert fyrr en fréttastofa RÚV hafði aflað sér afrits af því og sagt upp úr því fréttir. Til þess hefði ekki átt að þurfa að koma.

### Gerum eins og í Icesave

Það er með nokkrum ólíkindum að hægt sé að leita í Icesave-málið eftir góðri fyrirmynd að vinnubrögðum, en í þessu samhengi má engu að síður rifja upp að í ágúst 2008 ákváðu stjórnvöld að birta jafnóðum á netinu öll gögn sem tengdust því frumvarpi fjármálaráðherra um ríkisábyrgð vegna Icesave-samninganna sem þá lá fyrir, að undanskildum nokkrum sem þóttu innihalda mjög viðkvæmar trúnaðarupplýsingar. Þetta mætti vera regla frekar en undantekning. **stigur@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Græðum

**SAMFÉLAG**



**Friðrik Rafnsson**
þýðandi, í fjórða sæti á framboðslista Bjartrar framtíðar í Reykjavík norður

Flest okkar eiga sér þann draum að búa í friðsælu, öruggu og réttlátu samfélagi en hafa megnustu andstyggð á því gróðabraski og þeirri sjálftöku sem hér var látin viðgangast um árabil og virðist raunar lítið lát vera á þrátt fyrir allar vönduðu rannsóknarskýrslurnar og fögru fyrirheitin. Þegar gróðinn verður markmið í sjálfu sér og gróðafíknin tekur völdin er fjandinn laus eins og alltof mörg nýleg dæmi sanna. Þá bjagast fókusinn gersamlega, menn missa sjónar á því sem mestu skiptir, hugsa eingöngu um eigin stundarhagsmuni. Ef samfélagið kemur sér ekki saman um leikreglur og leiðir til að stoppa þá af lenda þeir úti í móa fyrr eða síðar, hrapa og taka því miður oft marga með sér í fallinu eins og nýliðin hrunsaga hefur sýnt okkur.

Orðabækur eru gullnámur tungunnar. Dæmi. Samkvæmt Íslensku samheitaorðabókinni eru samheitin við græðgi þessi: afla, auðgast, ábatast, hafa ábata af, hafa hag af, hafa upp úr krafsinu, hagnast, maka/mata krókinn, vera í gróða, verða ríkur, þéna; nurla saman; lækna. Dásamlegt hvernig sögnin „lækna“ rekur þarna lestina af stakri hógværð, en hún er einmitt lykillinn að þeirri hugarfarsbreytingu sem nú þarf að eiga sér stað í íslensku samfélagi. Mikilvægur þáttur í henni er að reyna að hlusta hvert á annað, draga úr þeim óskurapahætti sem hefur einkennt umræður hér, vinna saman, tala saman, slíðra sverðin, græða sárin.

> **➜ Við verðum að læra af þeim myrkraverkum sem hér voru framin og draga það fólk sem þau framdi til ábyrgðar, en gæta þess jafnframt að efnahagskreppan verði ekki að krónískri þjóðarsálarkreppu.**

„Betra er heilt en gróið,“ segir einn þeirra gömlu málshátta sem gengnar kynslóðir hafa látið okkur í té. Íslenskt samfélag er verulega laskað og langt frá því að vera heilt eftir kreppu, illindi og átök undanfarinna ára. Við verðum að læra af þeim myrkraverkum sem hér voru framin og draga það fólk sem þau framdi til ábyrgðar, en gæta þess jafnframt að efnahagskreppan verði ekki að krónískri þjóðarsálarkreppu. Horfa til birtunnar og gróandans sem vorið mun færa okkur. Meginverkefnið sem bíður okkar allra er því að græða íslenskt samfélag, á því græðum við öll.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Ert þú frekja?

Í DAG
Sif Sigmarsdóttir
rithöfundur



**➜ Okkur konum ber skylda til að hugsa að minnsta kosti málið séum við í stöðu til að leggja okkar lóð á vogarskálarnar og minnka það valdaójafnvægi sem ríkir í samfélaginu. Ég get aðeins skammast mín og leitast við að bæta ráð mitt.**

Ekki er ólíklegt að þeir sem fylgdust með fjölmiðlum í síðustu viku hafi hrist höfuðið vankaðir og velt fyrir sér hvort möguleiki væri á að þeir hefðu vaknað upp á vitlausri öld. Ljósmynd sem birtist með frétt á ruv.is um fund um Evrópusambandið með formönnum og forystumönnum helstu stjórnmálaflokkanna fór víða á veraldarvefnum. Þar sáust sitja við langborð sex prúðbúnir herramenn, hver öðrum spengilegri. Myndin var áminning um hversu marga myndarlega miðaldra karlmenn við Íslendingar eigum okkur. Hún var hins vegar einnig harkaleg áminning um þá miklu einsleitni sem blasir við kjósendum í kosningum í vor. Nú þegar Jóhanna Sigurðardóttir hefur ákveðið að stíga af hinu pólitíska sviði stefnir í að engin kona muni leiða stjórnmálaflokk í komandi kosningum.

Og fréttir vikunnar fóru aðeins niður á við fyrir áhugafólk um fjölbreytileika samfélagsins: Verðlaunin „sjónvarpsmaður ársins“ tóku á sig bókstaflega merkingu þegar fimm karlmenn voru tilnefndir til þeirra en engin kona; og umræðan um ólíka túlkun karlkyns dómara Hæstaréttar og eina kvendómara réttarins um hvað telst til nauðgunar á konu náði bæði nýjum hæðum og lægðum. En af öllum þeim fréttum sem undirstrikuðu í vikunni að jafnréttisbaráttunni er hvergi nærri lokið stóð hins vegar ein upp úr.

### Klofið á Sjálfstæðisflokknum

Það gengur nú fjöllum hærra að Jóhanna Sigurðardóttir sé einn mesti stríðsherra sem sést hefur í sögu lands og þjóðar – eða því sem næst. Í kjölfar þess að tilkynnt var um kjör á nýjum formanni Samfylkingarinnar steig fram heill her af að því er virðist illa löskuðum fótgönguliðum Sjálfstæðisflokksins sem lýsti yfir einum rómi hve létt þeim væri að þurfa ekki lengur að sæta höggum þessa harðsvíraða drottnara. Sturla Böðvarsson sagði „heift og hatur“ hafa einkennt stjórnartíð Jóhönnu. Helgi Magnússon, fyrrum formaður Samtaka iðnaðarins, sagði stjórnunarstíl hennar hafa „einkennst af reiði, illsku og hefndarhug einmitt á tímum þegar hefði verið hvað brýnast að ná sáttum og leiða þjóðina fram á veg“.

Ætla mætti af þessum samrændu viðbrögðum sjálfstæðismanna að fyrir forsætisráðherratíð Jóhönnu Sigurðardóttur hafi íslensk stjórnmál einkennst af farsælli samvinnu stjórnar og stjórnarandstöðu; að öll dýrin hafi verið vinir í skóginum og engin ákvörðun tekin á Alþingi án stuðnings allra 63 þingmanna samkundunnar. En því fer auðvitað fjarri. Stjórnarandstaðan hefur alltaf mátt éta það sem úti frýs, því á Alþingi er það einfaldlega meirihlutinn sem ræður.

Það sætir því furðu að ætlast sé til annarra vinnubragða af hálfu forsætisráðherrans Jóhönnu Sigurðardóttur en allra annarra leiðtoga sem gegnt hafa stöðunni á undan henni. Sáu þessir sömu fótgönguliðar eitthvað athugavert við stjórnunarstíl Davíðs Oddssonar sem hafði slíkt hreðjatak á flokki sínum að greip hans herðir enn að klofi hans átta árum eftir að foringinn í Hádegismóum lét af störfum sem formaður?

Má vera að ástæða þess að menn telji sig eiga heimtingu á mjúkum handtökum og móðurlegri undanlátssemi frá Jóhönnu Sigurðardóttur sé sú að hún er kona?

Rannsóknir sýna að eftir því sem karlmenn njóta meiri velgengni því betur líkar fólki við þá. Þessu er hins vegar öfugt farið þegar kemur að konum. Því meiri velgengni sem konur njóta því verr líkar fólki við þær og þær fá á sig stimpilinn „frekja“.

### Ég biðst afsökunar

Ekki allar fréttir síðustu viku voru jafnniðurdrepandi og þær sem nefndar eru að ofan. VR kynnti í vikunni svokallaða Jafnlaunavottun sem hvetja á fyrirtæki og stofnanir til að greiða körlum og konum sömu laun fyrir sömu vinnu. Jafnframt mátti lesa aðsenda grein Steingríms J. Sigfússonar í Fréttablaðinu um lög sem taka senn gildi og miða að því að jafna hlutföll karla og kvenna sem sitja í stjórnum fyrirtækja. Aðgerðir sem þessar eru jafnréttisbaráttunni mikilvægar. Það þarf þó meira til.

Fyrir nokkrum mánuðum var haft samband við mig frá ónefndu stjórnmálaafli og vildi viðmælandi minn kanna hvort ég hefði áhuga á að gefa kost á mér á framboðslista (afsakið klisjuna). Ég var auðvitað upp með mér (aftur, afsakið klisjuna) en útilokaði hins vegar hugmyndina á þeim forsendum að tímasetningin væri röng, aðstæður ekki réttar og svo framvegis.

Þegar ég fór yfir fréttir síðustu viku tóku hins vegar að renna á mig tvær grímur. Mikið verk er fyrir höndum ef takast á að rétta hlut kvenna þegar kemur að áhrifum hvort sem um ræðir í pólitík, viðskiptalífinu eða fjölmiðlum. Aðgerðir eins og Jafnlaunavottunin og lög um kynjahlutföll í stjórnum fyrirtækja geta hjálpað til. Til að fullnaðarsigur náist þurfum við konur hins vegar að „þora, geta og vilja“. Þar sem ég fylgdist með hverjum jakkafataklædda, miðaldra skarfinum lýsa yfir hve mikil „frekja“ Jóhanna Sigurðardóttir væri gerði ég mér skyndilega grein fyrir því að það var ekki út af óhagstæðri tímasetningu sem ég hafði ekki eitt andartak þátttöku í stjórnmálum. Sannleikurinn var sá að tilhugsunin um að vera brennimerkt frekja – eða eitthvað þaðan af verra – olli mér nægum ótta til að ég segði „nei takk“ án þess einu sinni að hugsa mig um.

Það er ekki nóg að ræða málin – maður verður einnig að þora að hrinda þeim í framkvæmd. Ég vil því biðjast afsökunar á heigulshætti mínum. Okkur konum ber skylda til að hugsa að minnsta kosti málið séum við í stöðu til að leggja okkar lóð á vogarskálarnar og minnka það valdaójafnvægi sem ríkir í samfélaginu. Ég get aðeins skammast mín og leitast við að bæta ráð mitt.

Kannski er tími til kominn að við hættum að óttast orðið „frekja“. Ef „frekja“ þýðir gáfuð, dugleg og metnaðargjörn kona sem lætur ekki vaða yfir sig á skítugum skónum þá vil ég vera frekja. Við ættum allar að vilja vera frekjur.

# Sóknarfæri atvinnulífs

ATVINNA
Ólína Þorvarðardóttir
alþingismaður



**➜ Með skynsamlegri auðlindanýtingu færum við arð til þjóðarinnar en ekki fárra útvalinna og jöfnum samkeppnis- og vaxtarskilyrði…**

Öflugt atvinnulíf er undirstaða velferðar. Grunngildi jafnaðarmanna, krafan um jöfnuð, réttlæti og samstöðu, er einmitt sorfin og mótuð af langri baráttu vinnandi fólks fyrir mannsæmandi lífskjörum, mannréttindum og mannlegri reisn. Jarðvegur þeirrar baráttu og um leið forsenda þess hvert hún leiðir er sjálft atvinnulífið.

Í því hreinsunar- og uppbyggingarstarfi sem staðið hefur yfir frá hruni hefur slagurinn verið sá að verja íslenskt atvinnulíf frekari áföllum. Grunnforsendan hefur verið endurreisn efnahagslífsins, að halda verðbólgu í skefjum, minnka atvinnuleysi og koma á jafnvægi í ríkisbúskapnum. Nú, fjórum árum síðar, höfum við loks nægilega fast land undir fótum til þess að búa frekar í haginn fyrir frekari sóknarfæri og nýsköpun.

Sterkt og samkeppnishæft atvinnulíf veltur á góðri menntun, skilvirkri stjórnsýslu og almennri velferð. Þetta eru þeir þættir sem tvinnast saman í líftaug jafnaðarstefnunnar og þessir þættir verða ekki leystir hver frá öðrum, eigi taugin að halda.

### Arður í þjóðarbúið

Í okkar gjöfula landi, sem er svo ríkt að náttúrugæðum, byggja sterkustu atvinnugreinarnar á nýtingu auðlinda og náttúrugæða. Þess vegna er mikilvægt að um þá nýtingu gildi heilbrigðar leikreglur og að þjóðin sjálf njóti eðlilegs arðs af auðlindum sínum. Um það snýst fiskveiðiumræðan sem staðið hefur allt þetta kjörtímabil. Hverjir eiga fiskinn í sjónum? Hverjum ber að njóta arðsins af nýtingu fiskveiðiauðlindarinnar? Hverjir skulu hafa aðgang að auðlindinni? Hvernig mætum við sjálfsögðum sjónarmiðum um atvinnufrelsi og jafnræði? Þetta er kjarninn í þeim átökum sem nú standa um fiskveiðistjórnarkerfið – og þau átök þurfum við að leiða til lykta.

Af sama toga er umræðan um vernd og nýtingu orkuauðlinda, þar sem sjálfbærni og þjóðarhagur þurfa að tvinnast saman. Rammaáætlun, sem nýlega var samþykkt á Alþingi, er mikilvægur áfangi í þeirri leið – næsta skref er að tengja við Rammaáætlun orkunýtingarstefnu sem svarar kalli tímans um fjölbreytni atvinnulífs og sjálfbæra þróun, þ.e. ábyrga umgengni við umhverfi og auðlindir og ekki síður ábyrgð gagnvart komandi kynslóðum. Í veröld þar sem um 20% mannkyns taka til sín 80% af orku og auðæfum heims eigum við Íslendingar möguleika á því að byggja atvinnulíf okkar á hugmyndafræði græna hagkerfisins með áherslu á hreina náttúru, sjálfbæran orkubúskap, menntun og virkjun hugvits – nokkuð sem líklega er eitt stærsta verkefni mannkyns á þeim tímum sem við nú lifum.

### Samkeppnisskilyrði

Verkefni næstu ára verða því ekki aðeins aukin fjárfesting í atvinnulífinu, heldur einnig mótun heildstæðrar auðlindastefnu sem tryggir að nýtingarrétti auðlinda verði úthlutað á jafnræðisgrundvelli til hóflegs tíma, gegn eðlilegu gjaldi og með gagnsæjum og hlutlægum hætti. Fyrir arðinn af auðlindunum styrkjum við samfélagslega innviði, fjárfestum í menntun og rannsóknum og sköpum ný atvinnutækifæri. Með skynsamlegri auðlindanýtingu færum við arð til þjóðarinnar en ekki fárra útvalinna og jöfnum samkeppnis- og vaxtarskilyrði með stöðugu starfsumhverfi fyrirtækja. Þannig auðgum við atvinnulífið. Þannig sköpum við verðmæti, byggjum upp efnahagslífið, vinnum bug á atvinnuleysi og bætum lífskjör í landinu.

Nýsköpun eykst með menntuðu vinnuafli. Hún tengist ekki aðeins sprotafyrirtækjum og nýjum atvinnugreinum. Rótgróin fyrirtæki og undirstöðugreinar þurfa líka stoðkerfi til nýsköpunar og þróunar.

Ég nefni landbúnaðinn. Íslenskt samfélag þarf á að halda landbúnaðarumhverfi þar sem heilbrigð markaðs- og neytendasjónarmið hafa raunverulegt vægi og bændur sjálfir fá tækifæri til þess að skapa framleiðslu sinni sérstöðu byggða á gæðum, þekkingu og verkviti frekar en magnframleiðslu sem steypir allt í sama mót. Ég nefni sjávarútveginn, þar sem brýn þörf er fyrir heilbrigðari samkeppnisskilyrði, atvinnufrelsi, nýliðun og aukið jafnræði, bæði í veiðum og vinnslu. Ég nefni ferðaþjónustuna sem nú er að slíta barnsskónum og verða stór.

Hér er verk að vinna. Skilyrði atvinnulífsins til vaxtar og þróunar eru meðal mikilvægustu verkefna jafnaðarmanna – þau eru forsenda alls annars sem kalla má velferð og jöfnuð.




## GERENDUR
## KYNFERÐISBROTA GEGN BÖRNUM

Lagadeild og sálfræðisvið Háskólans í Reykjavík bjóða til hádegisfundar **föstudaginn 15. febrúar kl. 12:15–13:45.**



**Gerendur kynferðisbrota gegn börnum samkvæmt dómum Hæstaréttar**
Svala Ólafsdóttir,
dósent við lagadeild HR.



**Meðferð kynferðisbrotamanna: Hvað virkar?**
Ólafur Örn Bragason,
réttarsálfræðingur hjá sálfræðistofunni Sálarheill.



**Óttinn við gerendur**
Helgi Gunnlaugsson,
prófessor í félagsfræði við HÍ.



**Tillögur að nýjum lagareglum um öryggisráðstafanir**
Róbert R. Spanó,
forseti lagadeildar HÍ og formaður refsiréttarnefndar.



**Hin mörgu andlit gerenda**
Anna Newton,
réttarsálfræðingur á Stuðlum og stundakennari við sálfræðisvið HR.



Fundarstjóri:
Bryndís Björk Ásgeirsdóttir,
lektor við sálfræðisvið HR.

**Fundurinn er öllum opinn. Aðgangur ókeypis.**
**Hvar:** Háskólanum í Reykjavík, Menntavegi 1, stofu V101 á 1. hæð.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

**www.hr.is**

# Viðburðaríkir dagar!

EFNAHAGSMÁL



**Steingrímur J. Sigfússon**
atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra

Það hafa verið viðburðaríkir dagar að undanförnu, svo sannarlega. Alþingi kom saman um miðjan janúar og hóf störf með endanlegri afgreiðslu Rammaáætlunar; en margt annað hefur orðið tíðinda. Góðu fréttirnar eru þar yfirgnæfandi að mínu mati og árið 2013 fer í heild vel af stað á Íslandi þótt blikur sé víða á lofti í helstu viðskiptalöndum okkar, þar af leiðandi einnig hjá okkur, því við erum ekki eyland heldur hluti af samþættum heimi. Þar til viðbótar er við okkar heimatilbúna og sjálfskapaða vanda að etja sem hrunið olli.

## Rammaáætlun og Icesave

Alþingi afgreiddi í janúar þrjú merk mál sem öll marka þáttaskil hvert á sinn hátt. Ber þar auðvitað hæst afgreiðslu Rammaáætlunar sem markar mikil tímamót í umhverfismálum á Íslandi. Við Vinstri græn sáum ástæðu til að halda sérstaka uppskeruhátíð af því tilefni. Hitt hefur fengið minni athygli að Alþingi afgreiddi tvö önnur mikilvæg mannréttinda- og umbótamál þar sem eru ný lög um jafnrétti milli trúar- og lífsskoðunarfélaga og hins vegar lög um fullgildingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Mánudaginn 28. janúar kom svo niðurstaða EFTA-dómstólsins í Icesave-málinu og var óskaplegur léttir. Ekki er víst að við gerum okkur að fullu grein fyrir hvílík gæfa var með okkur að málið féll okkur í vil og það með afdráttarlausum hætti. Nóg er þetta búið að kosta okkur samt í töfum, áföllnum beinum og óbeinum kostnaði sem aldrei verður reiknaður út og margvíslegum innri sem ytri erfiðleikum. Dómur sem hefði fallið Íslandi í óhag hefði ekki aðeins þýtt áframhaldandi óvissu fjárhagslega heldur hefðu áhrifin á orðspor okkar og aðstæður í framhaldinu getað orðið býsna erfið viðureignar. Niðurstaðan er fengin og yfir henni hljótum við öll að geta glaðst, fölskvalaust.

## Ferðamannastaðir & Marmeti

Fyrsta úthlutun úr framkvæmdasjóði ferðamála af þremur á árinu fór fram fyrir skemmstu og var mikið fagnaðarefni. Alls fengu 44 verkefni vítt og breitt um landið samtals um 150 milljónir króna en yfir 500 milljónir eru til ráðstöfunar í ár á grundvelli fjárfestingaáætlunar ríkisstjórnarinnar. Þar til viðbótar renna svo stórauknir fjármunir til uppbyggingar í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum gegnum umhverfisráðuneytið eða 250 milljónir. Auk þess hefst uppbygging Kirkjubæjarstofu og þannig mætti áfram telja.

Á dögunum var undirritaður fjárfestingasamningur við Marmeti, hátæknifiskvinnslu í Sandgerði sem byggir á reynslumikilli útgerð Suðurnesjamannsins Arnar Erlingssonar. Rammalög um stuðning við nýfjárfestingar, sem sett voru í tíð þessarar ríkisstjórnar, eru mikilvæg eins og dæmið um Marmeti sýnir. Lögin bjóða upp á stuðning við innlendar sem erlendar nýfjárfestingar ef þær uppfylla tiltekin skilyrði. Það eru því ekki lengur einungis erlendar stóriðjufjárfestingar sem eiga kost á ívilnunum eins og áður var raunin.

## Göng lykilmannvirki

Í Hofi á Akureyri var nýlega undirritaður samningur við verktaka um byggingu Vaðlaheiðarganga. Þetta var einhver stærsti og ánægjulegasti viðburður á löngum þingmennskuferli mínum fyrir Norðurland eystra og nú hin seinni ár fyrir Norðausturkjördæmi. Auðvitað er þetta ekki síður gleðilegt fyrir okkur öll sem þjóð sem saman eigum samgöngukerfið. Vaðlaheiðargöng eru tímamótaframkvæmd fyrir Norðurland og gera Þingeyjarsýslur og Eyjafjarðarsvæðið meira og minna að einu atvinnusvæði. Göngin verða lykilmannvirki í samgöngukerfinu í heild að mínu mati. Þessa dagana eru einnig útboðsgögn að fara í hendur verktaka sem valdir voru í forvali til að bjóða í Norðfjarðargöng. Þar er á ferðinni stórframkvæmd af svipaðri stærð og Vaðlaheiðargöng sem munu gjörbreyta til hins betra samgöngum til Norðfjarðar.

## Kvótaaukning

Við Íslendingar höfum átt í deilu við ESB og Noreg um makrílinn. Að mínu mati hafa ESB og Noregur sýnt of mikinn þvergirðingshátt hvað varðar að taka með sanngjörnum hætti tillit til gjörbreytts göngumynsturs makríls á seinni árum. Mikil vinna hefur átt sér stað að undanförnu við að koma málstað Íslands á framfæri. Þessi vinna hefur gengið ágætlega og málstaður okkar hefur birst víða í erlendum fjölmiðlum. Ákvörðun okkar um 15% samdrátt í makrílveiði íslenskra skipa var eðlileg í ljósi þess hvernig mál hafa þróast að undanförnu.

Sem betur fer var hægt að bæta verulega við loðnukvótann í vikunni og stefnir nú í mjög góða loðnuvertíð þótt aflinn verði ekki eins mikill að magni til og mest hefur orðið. Verð á loðnuafurðum er hátt og því er kvótaaukningin gríðarlega mikilvæg fyrir þjóðarbúskapinn.

## Lánshæfismat styrkist

Nú í lok ritunar þessa pistils berast þær góðu fréttir að lánshæfismatsfyrirtækin séu loksins að ranka við sér og átta sig á því að matið á Íslandi er langt undir því sem öflugir innviðir, auðlindir og framtíðarhorfur landsins gefa tilefni til. Hinn alþjóðlegi fjármálamarkaður var búinn að átta sig á þessu löngu fyrr og var tilbúinn að lána Íslandi einn milljarð Bandaríkjadala strax í júnímánuði 2011 og aftur 2012. Ákvörðun Moody‘s um að breyta lánshæfismati Íslands úr neikvæðum horfum í stöðugar með jákvæðri umsögn, m.a. vegna árangurs sem náðst hafi í ríkis- og efnahagsmálum hér á landi til viðbótar við niðurstöðu í Icesave-málinu, er síðbúin viðurkenning matsfyrirtækisins á því að Ísland er að rísa úr öskustó hrunsins. Lánshæfismatsfyrirtækin hafa að mati undirritaðs stórlega mislesið í aðstæður á Íslandi frá því að rykið fór aðeins að setjast eftir hrunið 2008. Þeim hefur yfirsést að undirstöðurnar á Íslandi eru til muna sterkari en víða annars staðar.

Vegna þessa seinagangs lánshæfisfyrirtækjanna mætti spyrja; hverjum á að lána peninga? Þeim sem enn hafa lánstraust byggt á fornri frægð og baklægu mati á efnahagslegum styrk, eða landi sem á bjartari horfur fyrir stafni en velflest önnur vestræn og þróuð lönd? Styrkur Íslands liggur í mörgum þáttum; sterkum innviðum, við erum ung og vel menntuð þjóð, við eigum ríkulegan auðlindagrunn til að byggja á til framtíðar, fiskimið, land, orku, vatn og mikla matvælaframleiðslumöguleika. Ísland hefur margt af því sem mest mun vanta í heiminum á komandi áratugum. Meira að segja eitt best fjármagnaða lífeyriskerfi heimsins (OECD) byggt á sjóðsmyndun er hér, með hreinar eignir til greiðslu lífeyris upp á um 130% af VLF (vergri landsframleiðslu). Taki menn þessar tvær staðreyndir saman, ung þjóð og vel fjármagnað lífeyriskerfi, getum við borið höfuðið hátt í samanburði við aðrar þjóðir.

Meginniðurstaðan er að Íslandi er borgið, við erum að komast fyrir vind eftir ótrúlegan ólgusjó af mannavöldum. Spurningin er aðeins hverjum við treystum fyrir framhaldinu, þeim sem stýrðu á strandstað eða hinum sem stýrðu út úr brimgarðinum aftur. Hve langt til baka man þjóðin?

**➜ Vaðlaheiðargöng eru tímamótaframkvæmd fyrir Norðurland og gera Þingeyjarsýslur og Eyjafjarðarsvæðið meira og minna að einu atvinnusvæði. Göngin verða lykilmannvirki í samgöngukerfinu í heild að mínu mati.**




Kaupauki: Vetrardekk

KIA
The Power to Surprise

**Þér er boðið að reynsluaka Kia cee’d Sportswagon** – stærri og rúmbetri útgáfu af hinum vinsæla Kia cee'd. Hann er vel búinn og kraftmikill en samt sparneytinn, **eyðir frá aðeins 4,4 l/100 km** í blönduðum akstri.

**Eigum bíla til afgreiðslu strax! Komdu og reynsluaktu.**

Verð frá **3.770.777 kr.** cee’d Sportswagon dísil
Aðeins **32.777 kr.** á mánuði í 84 mánuði*

* M.v. 50% útborgun eða uppítökubíl að sambærilegu verðmæti og bílasamning ERGO í 84 mánuði. 9,70% óverðtryggðir vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,06%.

ergo

Þú finnur „Kia Motors Ísland“ á Facebook

ASKJA

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

# TEMPUR® CLOUD
## – heilsudýnan sem hefur slegið öll met hjá Tempur® –

Heilsudýnan
sem styður svo
vel við þig
að þér
finnst
þú



svífa



Gerðu kröfur - TEMPUR® stenst þær!

AÐEINS FRÁ TEMPUR® VIÐURKENNT TEMPUR EFNI™

## 15% afsláttur
á Tempur heilsudýnum og koddum í febrúar!



# Mest selda TEMPUR heilsudýna í heimi*

TEMPUR þrýstijöfnunarefnið er mjúkt þar sem þú vilt og stíft þar sem þú þarft™ og veitir þannig réttan stuðning við allan líkamann og hámarksþægindi.

Cloud heilsudýnan *frá* Tempur mun hjálpa líkamanum að finna þægilegustu svefnstöðu og hámarkshvíld.

Komdu í dag og upplifðu Tempur® Cloud.

TEMPUR WARRANTY 15 — 15 YEARS LIMITED WARRANTY — MATTRESSES

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY

EINA DÝNAN OG KODDINN SEM VIÐURKENND ERU AF NASA OG VOTTUÐ AF GEIMFERÐASTOFNUNINNI

## Frábært verð!

Cloud heilsudýnan fæst í öllum stærðum.

Verðdæmi: 90x200 cm

Verð kr. ~~214.900~~
Kr. 182.665 á febrúarafsætti
Þú sparar 32.235 krónur

Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi

www.betrabak.is

betrabak@betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16

# Gamlir uppvakningar og ríkisfjármál

FJÁRMÁL



**Rósa Björk Brynjólfsdóttir**
skipar 2. sætið á lista VG í Suðvesturkjördæmi

Þegar kosningar nálgast er mikilvægt að gera sér grein fyrir valkostunum. Í umræðunni um ríkisfjármál og tekjuöflun ríkissjóðs hefur stjórnarandstaðan gagnrýnt ríkisstjórnina stöðugt með elstu klisjum sem menn muna og reynst einstaklega hugmyndasnauð. Auðvitað er aldrei minnst á að við höfum vermt 16. sæti meðal OECD-landa hvað skattbyrði varðar en trónum ekki á toppnum eins og ætla mætti, né að skattbyrði hér er sú lægsta á Norðurlöndunum.

Nei, klisjan um skattpíninguna er flutt aftur og aftur og svo eintóna að það glitti í langþráðan lit þegar annar varaformaður Sjálfstæðisflokksins skrifaði um „skattkrumlu“ ríkisstjórnarinnar fyrir skömmu á heimasíðu flokksins og framkvæmdastýra borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins skrifaði nýverið grein í Fréttablaðið um vonda skattastefnu ríkisstjórnarinnar með yfirskriftinni Skattland.

### Nýjar hugmyndir?

Það er í sjálfu sér ekki óeðlilegt að fólk og fyrirtæki vilji borga lægri skatta. En um leið skortir ekki hugmyndir um verkefni fyrir ríkissjóð eða umræðu um fjársveltar ríkisstofnanir og loforð um betri tíð með blóm í haga. Og stjórnarandstaðan, sem ætlar að gera allt það og líka lækka skatta, hvaða hugmyndir setur hún fram um tekjuöflun ríkissjóðs?

Varavaraformaðurinn Kristján Þór Júlíusson segir að ríkissjóður eigi að afla tekna með því að lækka skatta og efla þannig atvinnulífið. Sama atvinnulíf og lognaðist nánast út af eftir ein verstu hagstjórnarmistök vestrænnar ríkisstjórnar síðari tíma þar sem Sjálfstæðisflokkurinn hélt um stjórn ríkisfjármála og réði umgjörð viðskipta- og efnahagslífsins um áratugaskeið.

Í ljósi þess er ekki furða að Kristján og félagar tali mjög almennt um skattalækkanir. Skýri ekki hvernig á að hækka lægstu launin um leið og ríkissjóður á að missa spón úr nærri galtómum aski með lækkun skatta. Á markaðurinn kannski að sjá um lægstu launin? Það er auðvelt að lofa öllu fögru en hvar er raunsæið?

Umræða um ríkissjóð og tekjuöflun hans verður að vera ábyrg. Án innantómra loforða og frjálslegra staðreynda. Því miður fylgja hvorki Kristján né Þórey Vilhjálmsdóttir, framkvæmdastýra borgarstjórnarflokks Sjálfstæðismanna, þessu. Hún fullyrðir ranglega í grein sinni að efsta tekjuskattsþrepið sé 58% þegar lífeyrissjóðsiðgjöld séu tekin með. Hið rétta er að lífeyrissjóðsiðgjöld eru, eins og vonandi allir launþegar vita, 4% og eru hvorki skattur eða álögur af hálfu ríkis eða sveitarfélaga. Efsta tekjuskattsþrepið er 46,22% af mánaðartekjum hærri en 739.509 en ekki 704.367 kr. eins og segir í grein hennar. Ef prósentutalan er hærri á að leita réttar síns.

Þórey skrifar líka um þær fjölmörgu breytingar á skattkerfinu í tíð núverandi ríkisstjórnar sem ekki verið í þágu fjölskylda eða fyrirtækja í landinu. Þó á hún að vita að skattbyrði 60% heimila á landinu er nú lægri en á velmektarárum Sjálfstæðisflokksins á aðventu hrunsins. Eitt er að vera á móti skattbreytingum, annað að fullyrða að andstæðingurinn leggi fæð á allar fjölskyldur og öll fyrirtæki í landinu. Hvers konar málstað þarf að verja með svona tali?

Það hafa verið gerðar breytingar á skattkerfinu en þær hafa gert skattkerfið réttlátara og endurúthlutað tekjum með sanngjarnari hætti en áður. Hin leiðin, sem félagar Þóreyjar hefðu farið og munu fara ef þau geta, er að draga frekar úr útgjöldum með enn sársaukafyllri niðurskurði í velferðar- og menntakerfinu. Eru annars aðrar hugmyndir á sveimi frá þeim?

### Jöfnuður í stað misskiptingar

Það er einfaldlega rangt að halda því fram að breytingar á skattkerfinu hafi ekki verið í þágu fjölskyldna í landinu. Það er hagur allra heimila í landinu að ríkissjóður afli tekna með sanngjörnum hætti til að samfélag okkar virki sem skyldi.

**➜ Það hafa verið gerðar breytingar á skattkerfinu, en þær hafa gert skattkerfið réttlátara og endurúthlutað tekjum með sanngjarnari hætti en áður.**

Og ég spyr á móti, var skattkerfið hér fyrir hrun í þágu allra fjölskyldna í landinu eða bara örfárra? Svarið er skýrt. Nýjar rannsóknir Stefáns Ólafssonar prófessors og Arnaldar Sölva Kristjánssonar, sérfræðings við HÍ, á þróun tekjuskiptingar hér á landi sýna ótvírætt að hún var ójafnari frá 1995 til 2007. Alþjóðlegur samanburður sýnir að umfang ójafnaðarins var hér óvenjumikill á alþjóðavísu frá 1995. Ójöfnuðurinn óx mest þegar allar tekjur eru meðtaldar (ráðstöfunartekjur eftir skatt) en einnig mikið þó fjármagnstekjum sé sleppt að hluta eða alveg.

Skattastefna stjórnvalda á tímabilinu fyrir efnahagshrunið jók því ójöfnuð með umtalsverðum hætti.

Íhugum andartak hverjir voru þá við völd. Hvers vegna ættum við skattborgarar að vilja færa skattkerfið aftur til þess tíma?

### Nýjar leiðir

Á árinu 2008 til 2010 snerist þróunin við og tekjuskiptingin varð aftur mun jafnari. Að sjálfsögðu skiptir þar miklu að háar tekjur í bankakerfinu og í viðskiptalífinu drógust saman. En ekki skipta minna máli þær mikilvægu og réttlátu breytingar sem gerðar voru á skattkerfinu í tíð Steingríms J. Sigfússonar sem fjármálaráðherra. Þá var skattbyrðinni dreift hlutfallslega meira á þá tekjuhærri en áður og minnkuð á þá tekjulægri. Til viðbótar hefur bótakerfið verið markvisst notað í þágu fjölskyldna í landinu, samanber hækkun barnabóta. Þetta tvennt er dæmi um ábyrga stjórn ríkisfjármála í þágu okkar allra og að það skiptir máli hvernig tekna er aflað. En ekki síður hvernig þeim er ráðstafað og af hverjum.

# 3 milljónir á mánuði og á lúxusjeppum

LÍFEYRISSJÓÐIR



**Helgi Vilhjálmsson**
framkvæmdastjóri Góa – Linda

Vorið 2009 afhenti ég forsætisráðherra undirskriftir 21 þúsund Íslendinga sem vildu taka til í lífeyrissjóðunum. Forsætisráðherra lofaði fundi en aldrei heyrðist í henni og ekkert gerðist. Alþingi hefur ekki hafið rannsókn á lífeyrissjóðunum, þó svo að það hafi verið samþykkt 63 gegn 0 að gera það. Ég hef birt auglýsingar í blöðum til að vekja athygli á aðbúnaði aldraðra en mér finnst það réttlátt að lífeyrissjóðirnir láti fé okkar sem greiða í þá í ný og betri hjúkrunarheimili. Ég hef gagnrýnt stjórnendur sjóðanna um margra ára skeið, en sjálfur gekk ég í lífeyrissjóð árið 1964. Það er m.a. ótrúlegt að stjórnendur hafi sumir hverjir þrjár milljónir í laun á mánuði og aki um á lúxusjeppum.

### Gildi lífeyrissjóður

Í auglýsingunum hef ég spurt hvort hugmyndir mínar um að lífeyrissjóðirnir fjárfestu í búsetuúrræðum fyrir aldraða hefðu hugsanlega verið betri fjárfesting, en að gambla á markaðnum. Svörin hafa verið þau að samkvæmt lögum mættu lífeyrissjóðirnir ekki fjárfesta á þennan hátt heldur ættu eingöngu að hámarka arðsemi og taka þ.a.l. meiri áhættu, það væri arðsamasta fjárfestingin. Í annarri auglýsingu bendi ég á að tekjurnar í Gildi, öðrum af tveimur stærstu lífeyrissjóðum landsins, voru um 21 milljarður en útgreiddur lífeyrir var hins vegar aðeins 7, 8 milljarður. Tveir þriðju af tekjunum urðu því eftir í sjóðnum. Hrein eign Gildis var þá um 241 milljarður. Sú upphæð ein og án vaxta myndi duga til útgreiðslu lífeyris í 30 ár og 11 mánuði.

### Lífeyrissjóður verzlunarmanna

Greidd iðgjöld í Lífeyrissjóð verzlunarmanna, annan af tveimur stærstu lífeyrissjóðum landsins, um árið voru tæpir 16 milljarðar. Alls voru tekjurnar um 34 milljarðar en útgreiddur lífeyrir var aðeins rúmir 6,8 milljarðar króna. Aðeins um fimmtungur var greiddur út. Lífeyrisþegar eiga að fá að njóta þessara tekna og lífeyristekjur verða að hækka. Ég hef kynnt mér stefnuskrá Hægri grænna, flokks fólksins og get ég ekki séð annað en að þarna sé kominn stjórnmálaflokkur sem ætlar sér að taka á lífeyrissjóðunum og gera eitthvað fyrir gamla fólkið. Hægri grænir vilja:

**➜ Staðreyndin er að verkafólk og ellilífeyrisþegar fá ekki nóg út úr lífeyrissjóðunum sem eiga þó nóg af peningum. Íslenskur verkalýður verður að setja hnefann í borðið!**

**a)** að kjaraskerðing aldraðra, sem tók gildi 1. júlí 2009, verði afturkölluð,
**b)** að lífeyrir aldraðra verði hækkaður um 20%,
**c)** afnema skerðingu tryggingabóta vegna greiðslna úr lífeyrissjóði,
**d)** að skattleysismörk verði hækkuð og ekkjuskattinn burt,
**e)** stoppa allar hugmyndir um að selja Landsvirkjun til lífeyrissjóðanna,
**f)** að lífeyrissjóðir fjárfesti og fjölgi til muna búsetuúrræðum fyrir eldri borgara,
**g)** erfanleg lífeyrisréttindi eins og í Frjálsa lífeyrissjóðnum,
h) sjóðsfélagar í lífeyrissjóðum verða að fá atkvæðisrétt um stjórn á sínum eigin sjóðum,
**i)** og að lífeyrisgreiðslur í almenna lífeyrissjóðakerfinu séu eign lífeyrisgreiðandans og ættu maki hans og börn að fá allan lífeyri greiddan við fráfall.

Staðreyndin er að verkafólk og ellilífeyrisþegar fá ekki nóg út úr lífeyrissjóðunum sem eiga þó nóg af peningum. Íslenskur verkalýður verður að setja hnefann í borðið! Hvaða þýðingu hefur það að safna í digra sjóði meðan eldri borgarar þessa lands svelta? Setum X við G og kjósum Hægri græna í vor, þeir eru með lausnirnar.



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## RÓM Í FYRSTA SÆTI

**Norska dagblaðið VG gerði könnun á því hvert landsmenn vildu helst ferðast. Í ljós kom að langflesta Norðmenn dreymir um að komast til Rómar. Ítalía var ofar á listanum en Havaí og Karíbahafið. Róm hafði vinninginn í öllum aldursflokkum en þó með mestum mun hjá þeim sem eru 25-39 ára.**




Hugsaðu vel um fæturna

Í meira en hálfa öld hafa milljónir manna um allan heim notað BIRKENSTOCK® sér til heilsubótar. Hvað um þig?

Teg: Arisona. St. 35 – 48. Verð: 12.885,-

BIRKENSTOCK

Misty skor Laugavegi 178

Vertu vinur

Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari





Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari >

Amerísk gæðavara

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR

Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum.Einning sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett.Við eigum líka fægilög,fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.

SENDUM Í PÓSTKRÖFU.

Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.
www.thjodbuningasilfur.is




# HESTAR OG ZUMBA

**ÓHEFÐBUNDIN REIÐNÁMSKEIÐ** *Ester Júlía Olgeirsdóttir zumbakennari og Guðmundur Arnarsson reiðkennari standa fyrir skemmtilegu reiðnámskeiði.*

Við viljum umfram allt að þetta verði skemmtilegt," segir Ester Júlía Olgeirsdóttir sem ásamt Guðmundi Arnarssyni og hestamannafélaginu Fáki stendur fyrir óhefðbundnu reiðnámskeiði fyrir konur í febrúar. Á námskeiðinu verður fléttað saman reiðkennslu og jafnvægis- og styrktaræfingum með frjálslegu ívafi.

„Oft eru reiðnámskeið stíf og mikil áhersla lögð á reiðmennsku, krossgang, sniðgang og slíkt. Hingað til hefur vantað skemmtileg námskeið þar sem hlutunum er ekki tekið of alvarlega," lýsir Ester. Hún segir reiðmennskuna þó fá sinn sess á námskeiðinu en reiðtímar verða haldnir í reiðhöllinni í Víðidal auk þess sem farið verður í reiðtúra. Einnig verða haldnir tímar þar sem farið verður í hugarfar, mataræði og líkamsrækt. „Tilgangurinn er að fá konurnar til að treysta hestinum," segir Ester, sem er zumbakennari og þykir ljóst að zumba fái sinn sess á námskeiðinu. „Zumba kemur sterkt inn í reiðmennskuna varðandi liðleika, styrkleika og jafnvægi. Svo er zumba líka svo skemmtilegt."

Ester segir nauðsynlegt fyrir hestamenn að huga að líkamanum. „Það er mikilvægt að knapinn sé í góðu formi alveg eins og hesturinn," segir hún glaðlega. Nánari upplýsingar um námskeiðið má nálgast á vef hestamannafélagsins Fáks www.fakur.is. ■ **solveig@365.is**

**UMFRAM ALLT SKEMMTILEGT** Ester Júlía segir námskeiðið æði fjölbreytt. Þar blandast saman reiðkennsla, reiðtúrar, líkamsrækt og zumba svo fátt eitt sé nefnt. MYND/GVA


15% AFSLÁTTUR af OSO hitakútum, Wösab olíufylltum ofnum og Vortice loftræstiviftum.



OSO HOTWATER

NORSK FRAMLEIÐSLA

BLÖNDUNARLOKI FYLGIR

Stærðir: 5-300 lítrar



VORTICE



Gæða viftur fyrir baðherbergi, eldhús, vinnustaði o.fl.

WÖSAB

Olíufylltir rafmagnsofnar

Stærðir: 250W-2000W



Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is




# FERÐALAG UM HIMINGEIMINN

**GEIMFARI** *Nanna Gunnarsdóttir tekur þátt í keppni um að komast út í geim. Almenningur getur kosið hana áfram í aðra umferð keppninnar.*

Lynx Space Academy stendur þessar vikurnar fyrir samkeppni víða um heim þar sem sigurvegarinn fær að launum ferð út í geim. Íslendingar búsettir hérlendis geta ekki tekið þátt en að minnsta kosti tveir Íslendingar búsettir erlendis hafa skráð sig til leiks. Annar þeirra er Nanna Gunnarsdóttir sem búsett er í Englandi. Þar er fyrsta umferð keppninnar í fullum gangi og leitar hún eftir stuðningi almennings svo hún komist áfram í aðra umferð. „Ég elska að ferðast og mig hefur alltaf langað út í geim, helst til tunglsins eða annarrar plánetu. Ég get þó alveg sætt mig við að fara á sporbraut um jörðina í staðinn.“



**VINSÆLDAKOSNING**

Fyrsta umferð keppninnar er vinsældakeppni. Þar safna þátttakendur atkvæðum til að komast áfram í aðra umferð en þeir 200 keppendur sem fá flest atkvæði halda áfram í svokallaða National Challenge sem fer fram á leynilegum stað í London. Þar þurfa þátttakendur að takast á við erfiðar líkamlegar og andlegar áskoranir. Fjórir efstu keppendur halda síðan áfram í næstu umferð, Global Space Camp, sem haldin verður í Orlando í Bandaríkjunum. Þar munu keppendur frá fjölmörgum löndum taka þátt í þremur þjálfunarbúðum en dómnefnd mun að lokum velja einn geimfara sem sendur verður 103 kílómetra út í geiminn með geimferðaþjónustunni Spacexc.



**HÖRÐ KEPPNI FRAM UNDAN**

„Ég átta mig á því að þetta verður mjög hörð keppni ef ég kemst áfram í aðra umferð. Ég býst við að Lynx stefni á að senda karlmann að lokum enda keppnin þannig uppsett. Slagorð keppninnar er „Leave a Man, Come Back a Hero“, en ég er tilbúin til að leggja mikið á mig til að komast áfram.“

Í gær var Nanna nr. 208 á listanum með 476 atkvæði. „Ætli ég sé ekki örugg áfram í aðra umferð ef ég fæ yfir 1.500 atkvæði. Svo tekur alvaran við. Því hvet ég alla Íslendinga til að kjósa mig áfram svo fyrsta íslenska konan komist út í geim.“

**HÖRÐ SAMKEPPNI** Nanna Gunnarsdóttir gæti orðið fyrsta íslenska konan til að komast út í geim. MYND/ÚR EINKASAFNI

**KJÓSTU!**
***Hægt er að kjósa Nönnu með því að smella á „Vote“ á slóðinni: https://www.lynxapollo.com/en_GB/30009/nanna-gunnarsdottir***




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



# BÓKHALD
## & ENDURSKOÐUN

**Kynningarblað**
Skattframtöl, ársreikningagerð, bókhaldsþjónusta, launavinnsla og fjármálalæsi.



# Traust og fagmannleg þjónusta

Accountant – bókhald og skattaráðgjöf ehf. starfar á sviði bókhalds og rekstrarráðgjafar. Fyrirtækið sérhæfir sig í þjónustu við lítil og meðalstór fyrirtæki og veitir persónulega og fyrsta flokks þjónustu.

Fyrirtækið Accountant – bókhald og skattaráðgjöf ehf. hefur um tíu ára skeið sérhæft sig í bókhaldi, skattframtölum og ársreikningagerð auk þess sem það veitir alhliða rekstrar- og skattaráðgjöf til innlendra fyrirtækja og á alþjóðamarkaði. Óskar Sigurðsson, eigandi fyrirtækisins, segir stofuna sérhæfa sig helst í litlum og meðalstórum fyrirtækjum og viðskiptavinir hennar spanni frá fyrirtækjum í sjávarútvegi til kvikmyndagerðar. „Þjónusta okkar er mjög fjölbreytt. Við sjáum um vinnslu bókhalds fyrir flestar gerðir fyrirtækja og sjáum einnig um vinnslu skattaframtals og annarra gagna til skattayfirvalda. Við sjáum um innheimtu reikninga í samstarfi við innheimtufyrirtækið Momentum auk þess sem vinnum við ársreikninga fyrirtækja og viðskipta- og rekstraráætlanir.“

Af öðrum mikilvægum þjónustuþáttum Accountant nefnir Óskar fjárhagsstýringu þar sem rekstraraðilar fá lykilupplýsingar um rekstur fyrirtækja sinna. „Viðskiptavinir fá einnig að vita hvað skal greiða á hverjum tíma í opinber gjöld því tap vegna dráttarvaxta og álags á skatta lítilla og meðalstórra fyrirtækja er allt of mikið í dag. Þennan kostnað ættu allir stjórnendur lítilla og meðalstórra fyrirtækja að reyna að taka út sem fyrst. Vegna síðbúinna skila á virðisaukaskatti og staðgreiðslu eru fyrirtæki að greiða hærri opinber gjöld en þau þyrftu að greiða. Með skjótri og góðri fjármálavinnslu má koma í veg fyrir þennan kostnað og fyrirtæki greiðir staðgreiðslu og virðisaukaskatt á réttum tíma. Þess vegna mun Accountant vera með tilboð í dag á vefsetrinu www.aha.is þar sem framtal einstaklings verður á 5.990 kr. og framtal hjóna á 6.990 kr.“

Accountant sérhæfir sig einnig í ráðgjöf til erlendra aðila sem eru í viðskiptum hér á landi og vilja til dæmis stofna fyrirtæki eða vilja leita sér almennra upplýsinga um skatta- og atvinnumál hér á landi.

Óskar segir markmið Accountant einfalt, að veita persónulega og fyrsta flokks þjónustu fyrir fyrirtæki og einstaklinga. „Fyrirtækið tekur að sér bókhald fyrir fyrirtæki, félagasamtök, húsfélög og einstaklinga í rekstri. Við veitum stórum og ólíkum hópi trausta þjónustu og er mikil ánægja með vinnubrögð okkar.“

Allar nánari upplýsingar um þjónustuframboð Accountant má finna á www.accountant.is.



„Við sjáum um vinnslu bókhalds fyrir flestar gerðir fyrirtækja,“ segir Óskar Sigurðsson, framkvæmdastjóri Accountant – bókhalds og skattaráðgjafar ehf. MYND/ GVA






Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512-5432 Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.




- Reykjanesbæ
- Reykjavík
- Borgarnesi
- Skagaströnd
- Sauðárkróki
- Dalvík
- Akureyri
- Reyðarfirði
- Egilsstöðum
- Höfn í Hornafirði
- Selfossi

# Uppgjörsdagar KPMG um allt land

Um þessar mundir eru uppgjörsdagar á skrifstofum KPMG um land allt og geta stjórnendur minni og meðalstórra fyrirtækja fengið fast tilboð í gerð ársreiknings og skattframtals. Jafnframt er hægt að fá tilboð í önnur verkefni eins og bókhald og launavinnslu.

Uppgjörs- og bókhaldssvið KPMG sinnir margs konar þjónustu sem nýtist fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum líkt og í bókhaldi, uppgjörum, gerð ársreikninga, skattskilum og launavinnslu. Á sviðinu vinnur reynslumikið og vel þjálfað starfsfólk bæði í Reykjavík og á landsbyggðinni.

## Bókhald frá a til ö

Uppgjörs- og bókhaldssvið KPMG sinnir margs konar þjónustu, svo sem bókhaldi, uppgjörum, gerð ársreikninga, skattskilum og launavinnslu. „Við bjóðum upp á alla almenna bókhaldsþjónustu í DK-fjárhagsbókhaldi en höfum jafnframt þekkingu á öðrum bókhaldskerfum sem eru á markaðnum á borð við Navision, Axapta, TOK, TOK+, Stólpa og Ópusallt,“ segir Eyvindur Albertsson, löggiltur endurskoðandi á uppgjörs- og bókhaldssviði. Þegar bókhald hvers virðisaukaskattstímabils hefur verið fært og afstemmt útbúa starfsmenn sviðsins virðisaukaskattskýrslu fyrir tímabilið sé viðskiptavinurinn í virðisaukaskattskyldum rekstri. „Þá sjáum við um að senda skýrsluna í rafrænu formi til skattstjóra og viðskiptavinurinn getur greitt hana í heimabanka sínum,“ útskýrir Eyvindur og bendir á að sum fyrirtæki kjósi að bókara frá KPMG til að koma til sín og vinna í þeirra eigin tölvukerfum. „Sú þjónusta okkar hefur mælst mjög vel fyrir.“

## Gerð ársreikninga

Uppgjörs- og bókhaldssvið býður viðskiptavinum sínum faglega og ekki síst áreiðanlega þjónustu við gerð ársreikninga og árshlutareikninga hvort sem viðskiptavinurinn færir bókhald sitt sjálfur eða það er fært hjá KPMG. „Við getum tekið við rafrænum færslum til uppgjörs úr öllum helstu bókhaldskerfum sem eru á markaðnum,“ segir Eyvindur.

## Skattframtöl fyrir einstaklinga og fyrirtæki

„Við önnumst gerð skattframtala, bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki,“ segir Eyvindur og bendir á að á uppgjörs- og bókhaldssviði starfi löggiltir endurskoðendur og sérfræðingar á sviði skattamála. „Þá störfum við einnig í náinni samvinnu við skatta- og lögfræðisvið KPMG,“ segir hann. Einnig er veitt skattaleg ráðgjöf á sviðinu. „Þá tökum við að okkur að svara kærum og fyrirspurnum skattyfirvalda ef þess er óskað.“

## Launaútreikningur er oft flókinn

Eyvindur segir æ algengara að bæði stórir og smáir rekstraraðilar fái utanaðkomandi aðila til að sjá um launaútreikninga hvort sem er að hluta til eða öllu leyti. „Ástæðan er meðal annars sú að launaútreikningur er oft flókinn og ekki síður sú launaleynd sem oft er krafist að viðhöfð sé í fyrirtækjum,“ segir Eyvindur en uppgjörs- og bókhaldssvið KPMG annast launavinnslur fyrir rekstraraðila og félög. „Við færum launabókhald, sendum launamönnum launaseðla á pappír eða í rafrænu formi, útbúum skilagreinar til lífeyrissjóða, stéttarfélaga og skattyfirvalda,“ segir hann en í árslok eru útbúnir launamiðar og þeir sendir skattyfirvöldum og launþegum ef þess er óskað. „Ef viðskiptavinurinn færir sjálfur fjárhagsbókhald sitt sendum við honum dagbókarskrá yfir launavinnslur, annaðhvort til innsláttar eða á rafrænu formi til innlestrar.“

KPMG
cutting through complexity

Uppgjörsdagar KPMG

Nú eru uppgjörsdagar á skrifstofum KPMG um land allt og geta stjórnendur minni og meðalstórra fyrirtækja fengið fast tilboð í gerð ársreiknings og skattframtals.

Jafnframt er hægt að fá tilboð í önnur verkefni eins og bókhald og launavinnslu.

**Hringdu í síma 545 6000 eða sendu tölvupóst á uppgjor@kpmg.is og fáðu fast verðtilboð fyrir þinn rekstur.**

kpmg.is



# Kennsla í fjármálalæsi mikilvæg

Breki Karlsson, stofnandi og forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi, hóf baráttu sína fyrir bættu fjármálalæsi Íslendinga eftir að hann lenti sjálfur í fjárhagslegum kröggum.



Í nýrri námsskrá grunn- og framhaldsskóla er kveðið á um kennslu í fjármálalæsi en ekki er enn búið að ákveða hvernig þessi kennsla skuli fara fram.

„Það er mín trú að maður eigi að reyna að skilja við hlutina ögn betur en þegar maður tók við þeim. Ég lenti í fjárhagslegu áfalli árið 2001 eftir að hafa skrifað upp á ábyrgð fyrir fyrirtæki sem ég átti hlut í. Ég hugsaði með mér að það hefði nú verið betra að læra þetta á bók en á eigin skinni,“ segir Breki.

### Kennsla í skólum

Fjármálalæsi hefur lítið verið kennt í skólum hingað til og er það eitt af baráttumálum Breka. „Krakkar læra allt um það hvernig Snorri Sturluson lifði og dó og um afrek Egils Skallagrímssonar en ekkert um það hvernig á að haga sér í fjármálum. Enn í dag þarf fólk að finna úr því með því að hlaupa á veggi. Þó stendur það til bóta og unnið er að bættu fjármálalæsi víða.“

Í nýrri námsskrá grunn -og framhaldsskóla er kveðið á um kennslu í fjármálalæsi og nýlega var skipuð nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins sem fjallar um það hvernig henni skuli háttað. „Það er þó ekki enn búið að ákveða hvernig þessi kennsla skuli fara fram.“

### Hvað er fjármálalæsi?

Það eru þrír hlutir sem fjármálalæsi snýst um. „Þekking, hegðun og viðhorf en við viljum hafa áhrif á hegðun. Það gerum við í gegnum þekkingu og viðhorf. Þetta þarf þó ekki að fara saman. Það er hægt að kenna fólki alls kyns hluti en það er ekki þar með sagt að það fari eftir þeim.“ Líkurnar aukast



Breki Karlsson segir fjármálalæsi snúast um þrjá hluti; Þekkingu, hegðun og viðhorf.

þó á bættri hegðun eftir því sem þekking eykst og viðhorfin breytast.

### Sjónvarpsþættir og bók

Sjónvarpsþættirnir „Ferð til fjár“ sem Breki gerði voru sýndir í Ríkissjónvarpinu í janúar 2010. Í framhaldi var kennslubókin „Ferð til fjár“ gefin út. „Hvort tveggja er notað í kennslu í nokkrum framhaldsskólum sem er mjög jákvætt.“

### Aflatún – Kennsluefni fyrir börn

Aflatún er námsefni fyrir 6-14 ára krakka. Þar er fléttað saman samfélagsábyrgð, nýsköpun og fjármálalæsi. Námsefnið er kennt víða um heim og njóta þess um 1,3 milljarðar barna. „Krökkum frá sex ára aldri er kennt margt, allt frá réttindum sínum samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og þeim skyldum sem þeim fylgja yfir í það hvað það þýðir að búa í samfélagi.“ Í framhaldi fara þau að skoða samfélagið og kanna hvort eitthvað megi betur fara og koma með tillögur að endurbótum. Á hverju ári frá 6-14 ára aldurs stofna þau svo fyrirtæki í þágu samfélagsins. „Mörg þúsund fyrirtæki hafa verið stofnuð víða um heim. Á Indlandi sáu krakkarnir að margir hættu í skóla og áttuðu sig á því að ástæðan var sú að þeir höfðu ekki efni á dýrum skólabókum. Þau stofnuðu því eigin bóksölu og fækkuðu milliliðum. Bókaverð lækkaði og fleiri gátu farið í skóla. Hagnaðurinn af sölunni var svo notaður til að reisa salernisaðstöðuna í skólanum sem ekki var til staðar,“ segir Breki. Í þessu héraði á Indlandi eru nú, tveimur árum síðar, um tuttugu skólar og njóta þeir góðs af þessari hugmynd og skólabókaverð er lægra en það var áður. „Hagnaðurinn er ávallt notaður til að bæta aðstöðuna í skólanum, kaupa mat eða annað sem bætir samfélagið.“




Sjónvarpsþættirnir „Ferð til fjár“ voru sýndir á RÚV og í framhaldi kom út kennslubók í fjármálalæsi með sama nafni.

Þessi kennsluaðferð er nú notuð á Bolungavík með góðum árangri. „Svo eru nokkrir skólar í Reykjavík að fara af stað með þessa kennslu.“ Það er því ýmislegt að gerast og verður spennandi að sjá hvað framtíðin ber í skauti sér í þessum efnum. Á heimasíðu Stofnunar um fjármálalæsi, www.fe.is, eru nánari upplýsingar um það helsta sem tengist fjármálalæsi; rannsóknir, kennsluefni, greinar, fyrirlestrar og fleira.



Brynhildur Björnsdóttir og Svava Huld Þórðardóttir hjá Hagsýn matreiða bókhaldsupplýsingar á mannamáli. MYND/GVA

## *Yfirsýn og hugarró í fjármálum lítilla fyrirtækja*

**Hagsýn sérhæfir sig í bókhaldi og fjármálum lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Allar upplýsingar eru unnar mánaðarlega svo stjórnendur hafa ávallt yfirsýn.**

„Við matreiðum upplýsingarnar svo allir skilji og reynum að forðast sérhæfð fjármálahugtök. Við vinnum einnig upplýsingarnar mánaðarlega svo atvinnurekandinn sjái allar sveiflur og geti byggt reksturinn á þeim,“ útskýrir Brynhildur S. Björnsdóttir en hún stofnaði Hagsýn ásamt Svövu Huld Þórðardóttur fyrir þremur árum, með áherslu á bókhaldsþjónustu við lítil og meðalstór fyrirtæki.

„Við þjónustum þann hóp sem ekki er kominn á það stig að ráða sérhæfðan fjármálastjóra og skortir kannski þekkingu á þessu sviði, áhuga og tíma. Þó vinnum við einnig með fjármálastjórum sem vilja láta matreiða upplýsingarnar fyrir sig eins og við gerum,“ segir Brynhildur og bætir við að miklu máli geti skipt fyrir lítil fyrirtæki að geta gengið að rekstrarupplýsingum vísum um hver mánaðamót. Þá útbúi Hagsýn myndrænt rekstraryfirlit annan hvern mánuð sem fyrirtækin geti nýtt sem stjórnborð. „Þau fyrirtæki sem þurfa á fjárfestum að halda þurfa til dæmis að geta sýnt fram á yfirlit yfir reksturinn og þá liggur þetta alltaf tilbúið hjá okkur. Eins greiðsludreifum við álaginu yfir árið svo fyrirtækin þurfa ekki að eiga við þunga greiðslupósta tvisvar á ári.“

### En hvernig fyrirtæki nýta sér þjónustu Hagsýnar?

„Viðskiptavinir okkar eru að stærstum hluta ör- og lítil fyrirtæki. Margir eru í skapandi greinum, eða að selja hugvit, sérfræðingar, fræðimenn, iðn-, tækni- og nýsköpunarfyrirtæki. Það er greinilega þörf á þessari þjónustu og viðtökurnar hafa verið fram úr okkar björtustu vonum.“ *www.hagsyn.is*






# Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á keppinaut sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.




Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir
93%
lesenda blaðanna




**Allt sem þú þarft...**

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.
18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu. Meðallestur á tölublað, okt.-des. 2012.

## Bílaþjónusta

**NÚ ÞÚ SJÁLFSÞJÓNUSTA**
Hvaleyrarbraut 2 hfj. Gerðu við bílinn sjálfur lyftur, verkfæri og nóg pláss á staðnum. Opið alla daga S. 663 2042

## Varahlutir




Sendu eina fyrirspurn á 39 PARTASaLa og þeir svara þér ef hluturinn er til. www.partasalar.is

**JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. ,03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**VW - SKODA - VARAHLUTIR**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

Ódýrir varahlutir og dekk í ýmsa bíla s: 896 8568.

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavía árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö PRIF&HREINLÆTI S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja

GARÐLIST 554 1989 www.gardlist.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**BJÖSSI MÁLARI KEMUR HÚSINU Í STAND!**
Geri tilboð í málningarvinnu utan húss sem innan. Einnig múr- og þakrennuviðgerðir. Hagstætt verð. S: 896 4824 malarameistarar@simnet.is malarameistarar.is

**MÁLARAMEISTARI**
Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171.

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**
20% afsláttur fyrir eldriborgara og öryrkja. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**VIÐHALD**
fasteignaviðgerðir

Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir
• málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir
• flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.
• Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

**VIÐHALD FASTEIGNA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Allskyns viðhald en sérhæfum okkur í gluggaskiptum. Upplýsingar í síma: 869 4479.

**HÚSASMÍÐAMEISTARI**
Tek að mér alla almenna smíðavinnu jafnt nýsmíði sem viðhald. Öll réttindi. S: 848 4031

**SMÍÐAR**
Tökum að okkur verkefni fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Hagstætt verð og gott orðspor. GS verktakar S: 864 4789.

## Tölvur

**APLÚS TÖLVUÞJÓNUSTA**
Sanngjarnt verð. Sæki og sendi heim. S. 822 7668 www.aplus.is

## Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
Visa 566 7311 euro
Tímapantanir í síma 8694650

**SPÁKONAN SIRRÝ**
Ástir, fjármál, heilsa. Uppl. í s. 552 4244 & 823 6393.

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**Raflagnir Dyrasímar**
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. Rafneisti@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Til sölu

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Þvottavélar, ísskápar, þurrkara 10 KG, uppþvottavélar, örbylgjuofnar á 5Þ, hjólastóll, borðtölva. S. 896 8568.

**RÚMBOTN FYRIR QUINSIZE DÝNU Á TRÉFÓTUM**
Til sölu 6 ára gamall rúmbotn fyrir quinsize stærð (153 x 200) keyptur í Svefn og heilsu. Verð 15 þús.
**Uppl. í s. 699 2778 ef. hádegi.**

www.stolpiehf.is
**Geymslugámar til sölu og leigu** Hafðu samband
**Stólpi Gámar ehf**
Klettagörðum 5 | Sími 568 0100

**ELDVARNARHURÐIR**
Til sölu hvítmálaðar eldvarnarhurðir sem nýjar með öllu þar með talið sjálflokandi lömum.
Verð aðeins kr.65.000,- án/vsk.
**Upplýsingar í síma 822-7303 / eirikur@stracta.is**

**RAFMAGNSRÚM 90X200**
Til sölu vel með farið 3ja ára rafmagnsrúm 90x200, frá Svefn og Heilsu, nafn á dýnu Iq care.
Kostar nýtt 195 þús, selst á 95 þús.
**Upplýsingar í síma 663 4552**

Er með ódýrar notaðar þvottavélar til sölu. Ábyrgð. Skútuvogi 13, 104 Rvk. S: 777 6729.

**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**
Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. S. 845 5976.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL**
og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfirður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

## Vélar og verkfæri

Laser mælitæki í úrvali.

ÍSMAR
Síðumúla 28 - s:5105100 www.ismar.is

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA SJÁ NÁNAR Á WWW.VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Heilsuvörur

**TAKTU ÁKVÖRÐUN NÚNA.**
Betri árangur með Herbalife Kaupauki. Rannveig s.8625920,rkb.heilsuskyrsla.is

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

GREEN PEOPLE Organic Lifestyle

**20% KYNNINGARAFSLÁTTUR**
af lífrænu húð-, hár - og snyrtivörum frá Green People. Fyrir alla fjölskylduna: Dömu-, herra-, unglinga- og barnalína. 100% náttúrulegt. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös: kl 12-18, lau: kl 12-15. Sími 517-8060. www.ditto.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Viltu gott nudd í huggulegu umhverfi. Þarftu að ná úr þér þreytu, vöðvabólgu, eymslum í mjöðmum eða streytu. Einnig með sána, húðburstun og olíumeðferð. Þá er Jera nuddstofan fyrir þig. S: 659 9277.

**NUDD OG HEILSA**
FÓTAAÐGERÐIR + SOGÆÐANUDD upp fyrir hné. Vönduð vinna, líkþorn fjarlægð, sveppagreining og hreinsun. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Slökunarnudd/heilnudd, Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 693 0348 eða 823 5669.

Byð upp á gott nudd, heilnudd, íþróttanudd, sogæðanudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 21 á kvöldin. 105 Rvk/ S. 894 4817. Ekkert erótískt.

## tilboð

**Tilboð á öryggiskerfi frá GARDSMAN**
**CTC-1131 fastlínustöð**

Stjórnstöð
Hreyfiskynjari 1 stk
Hurðaskynjari 1 stk.
Fjarstýring 2 stk



**Tilboðsverð kr. 50.030**

Stjórnstöð með lyklaborði og innbyggðri sírenu
Getur hringt í 6 símanúmer
Hægt er að tengja 20 skynjara við stöðina
Hentar vel fyrir heimili, og vinnustaðinn

Dalvegi 16b
sími 554 2727
www.hugna.is

Hugna.is

Sjá nánar á www.hugna.is

## atvinna

### VERKAMENN

ERUM MEÐ VANA VERKAMENN SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.

UPPLÝSINGAR Í S. 777 2 333

HANDAFL EHF

### SMIÐIR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.

UPPLÝSINGAR Í S. 777 2 333

HANDAFL EHF

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

### Starf lögfræðings

Samband íslenskra sveitarfélaga hyggst ráða lögfræðing til starfa á lögfræði- og velferðarsviði. Lögfræðingar sambandsins koma fram fyrir þess hönd við undirbúning lagafrumvarpa og stjórnvaldsfyrirmæla sem varða sveitarfélögin og vinna að upplýsingagjöf, ráðgjöf og fræðslu til sveitarfélaga. Lögfræðingurinn mun starfa ásamt öðrum lögfræðingum og sérfræðingum sviðsins að margþættum og síbreytilegum verkefnum, sem meðal annars varða skólamál, málefni félagsþjónustu sveitarfélaga og umhverfis- og skipulagsmál og túlkun laga og reglna sem varða starfsemi sveitarfélaga.

Leitað er að hæfum einstaklingi, karli eða konu, sem hefur til að bera frumkvæði, sjálfstæði, hæfni í mannlegum samskiptum, nákvæmni í vinnubrögðum og forystu- og skipulagshæfileika. Um er að ræða nýtt starf en gert er ráð fyrir því að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Gerð er krafa um embættispróf eða meistaragráðu í lögfræði. Reynsla af störfum hjá sveitarfélagi eða ráðuneyti er kostur, ásamt þekkingu og áhuga á málefnum sveitarfélaga. Gott vald á íslensku máli í ræðu og riti og hæfni í framsetningu upplýsinga er skilyrði. Góð kunnátta í ensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli er æskileg, sem og góð tölvuþekking, bæði til öflunar og úrvinnslu upplýsinga.

Nánari upplýsingar veitir Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs, netfang: gudjon.bragason@samband.is, eða Magnús Karel Hannesson sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs, netfang: magnus.karel.hannesson@samband.is eða í síma 515-4900.

Samband íslenskra sveitarfélaga er framsækinn vinnustaður sem býður upp á opið vinnuumhverfi, samheldinn starfsmannahóp og gott svigrúm til starfsþróunar. Umsækjendum er bent á að frekari upplýsingar um Samband íslenskra sveitarfélaga eru á heimasíðunni, www.samband.is. Þar er einnig að finna starfsmannastefnu sambandsins og starfslýsingu fyrir starfið.

**Umsóknir, merktar Umsókn um starf lögfræðings, berist eigi síðar en mánudaginn 18. febrúar 2013 til Sambands íslenskra sveitarfélaga, Borgartúni 30, pósthólf 8100, 128 Reykjavík, eða í tölvupósti til magnus.karel.hannesson@samband.is.**




## Þjónusta



**VARANLEGT REYKSTOPP EFTIRFYLGNI Í 1 ÁR**
Viðar Aðalsteinsson mannræktarráðgjafi. www.theta.is. Upplýsingar í s. 694-5494.

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## HEIMILIÐ

## Dýrahald



Kæri Reykvíkingur/Seltirningur GETUR ÞÚ KÍKT EFTIR GÓÐUM KISA, gulbröndóttum með hvíta bringu og sokka, í skúr/geymslu/næsta nágrenni?! Sterklegur,blíður.Nú líklega veikburða,innilokaður/ráfandi um Vesturbæ/Miðbæ/Þingholt/Skerjafjörð/Nesið/?lengra í burtu. Merki í eyra. Guðrún, Tómasarhaga 41, S:895 7993.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW. LEIGUHERBERGI.IS**
1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19 og Dalshraun 13 Hfj. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj.
**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 10-20. www.leiguherbergi.is**

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

2ja herb. íbúð 65fm til leigu í Árbænum. Áhugasamir hafið samb. í s. 699 6001.

## Húsnæði óskast

Hjón sem búsett eru á Florida óska eftir að taka íbúð á leigu á stór Reykjavíkursvæðinu m/húsgögnum Frá 1 júlí 2013 til 1 september 2013 Uppl. í síma 772 6658 eftir kl 17:00

## Atvinnuhúsnæði

**51,6 M2 IÐNAÐARBIL**
Tvö bil af þessari eftirsóttu stærð til sölu eða leigu. 10 m2 milliloft að auki. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Góðir gluggar. Sýningarbil á staðnum. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800.

2 mjög góð 210 og 130fm iðnaðarhúsnæði til leigu, gott aðgengi og frábær staðsetning í Hafnarfirði. Uppl. í s. 893-9678.

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1-17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Gisting




## ATVINNA

## Atvinna í boði

**BÓKARI**
Leitum að reyndum bókara í fjárhagsbókhald og innheimtu, hlutastarf með möguleika á fullu starfi.
Vinsamlega sendið umsókn á netfangið flughotel@gmail.com

TMÍ
TRYGGINGAMIÐLUN ÍSLANDS

Óskum eftir fólki í aukastarf. Hentar vel með skóla eða annarri vinnu. Góðir tekjumöguleikar fyrir réttan aðila. Áhugasamir geta sent póst á eli@tmi.is

**VERSLUNIN KVOSIN, INGÓLFSTORGI.**
óskar eftir framtíðar starfsfólki á fastar kvöld vaktir. Viðkomandi verður að vera 18 ára eða eldri, reyklaus og með mikla þjónustulund.
**Áhugasamir sendið uppl. og ferilsskrá á netfangið kjartan@kvosin.is**

Heildsala óskar eftir starfskrafti 3 daga í viku. Umsóknir sendist til thjonusta@365.is merkt „heildsala"

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu.
Geta hafið störf nú þegar.
**Starfsmannaþjónustan S. 661 7000.**

## TILKYNNINGAR

## Einkamál







## tilkynningar

# Fjallabak

**Rammaskipulag á hálendissvæðum Rangárþingi ytra, Rangárþingi eystra og Skaftárhreppi**

Sveitarfélögin Rangárþing ytra, Rangárþing eystra og Skaftárhreppur hafa skipað vinnuhóp til að vinna að sameiginlegri stefnumörkun í sviði samgangna og ferðaþjónustu á hálendissvæðum sveitarfélaganna. Steinsholt sf.vinnur með stýrihópnum sem skipulagsráðgjafi verkefnisins.

Lýsing fyrir verkefnið liggur fyrir og þar kemur m.a. fram afmörkun svæðis, markmið verkefnis og verklýsing og má nálgast hana á heimasíðum sveitarfélaganna. Málstofa þar sem verkefnið verður kynnt frekar, verður á Hvolsvelli 27. feb. og verður auglýst nánar síðar.

Allir íbúar, áhugafólk og hagsmunaaðilar eru hvattir til að kynna sér verkefnið og koma ábendingum og tillögum til skipulagsfulltrúa sveitarfélaganna eða til ráðgjafa Steinsholts. sf.

Sjá nánar:
Skaftárhreppur; www.klaustur.is, Rangárþing eystra; www.hvolsvollur.is, Rangárþing ytra; www.ry.is eða www.steinsholtsf.is.

*Skipulagsfulltrúi Rangárþings ytra – Haraldur Birgir Haraldsson, birgir@ry.is*

*Skipulagsfulltrúi Rangárþings eystra og Skaftárhrepps – Anton Kári Halldórsson, bygg@hvolsvollur.is*

## fundir / mannfagnaður

FÉLAG FASTEIGNASALA

Til félagsmanna í Félagi fasteignasala.

**AÐALFUNDUR 2013**

Aðalfundur Félags fasteignasala verður haldinn **miðvikudaginn 27. febrúar kl. 16:30** síðdegis á Grand Hótel Reykjavík.

**Á dagskrá aðalfundar FF verða eftirtalin mál:**

1. Skýrsla stjórnar um starfsemina á liðnu starfsári.
2. Skýrsla eftirlitsnefndar Félags fasteignasala vegna liðins starfsárs
3. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
4. Ákvörðun um ávöxtun sjóða félagsins.
5. Staða mála varðandi breytingar á lögum 99/2004
6. Kjör skoðunarmanna reikninga
7. Kjör laganefndar
8. Kosning stjórnar.
9. Önnur mál, er upp kunna að vera borin.

*Stjórnin*

**Aðalfundur Fasteignaleitar ehf** miðvikudaginn 27. febrúar hefst kl. 18:00 á Grand Hótel

**DAGSKRÁ:**

1. Ársskýrsla fasteignaleitar ehf
2. Endurskoðaður reikningur fyrir liðið reikningsár.
3. Önnur mál.

H:N Markaðssamskipti / SÍA



Hef auðveldari aðgang að netbankanum

Skoða stöðuna á tryggingunum

Sé yfirlit um stöðu síma og nets

## Það er frábær tilfinning að vinna á heimavelli. Rafræn skilríki, hitta örugglega í mark.

Kvitta rafrænt undir samninga

Eyk öryggi barna minna á netinu



Líkt og Siggi Raggi getur þú nýtt þér rafræn skilríki og eitt lykilorð til að opna þér hraðleið að þjónustu yfir hundrað aðila. Prófaðu rafræn skilríki og upplifðu þægindin við að þurfa ekki að muna mörg notendanöfn og lykilorð.
Talaðu við bankann þinn og virkjaðu rafrænu skilríkin á debetkortinu þínu.

AUÐKENNI

## MERKISATBURÐIR

**1633** Galileo Galilei kom fyrir Rannsóknarréttinn í Róm.

**1668** Spánn viðurkenndi sjálfstæði Portúgals.

**1693** Eldgos hófst í Heklu.

**1883** Þýska tónskáldið Richard Wagner lést, þá tæplega sjötugur að aldri.

**1960** Frakkar gerðu tilraunir með sína fyrstu kjarnorkusprengju.

**1971** Víetnamstríðið: Suður-Víetnamar réðust inn í Laos með hjálp Bandaríkjamanna.

**2001** Jarðskjálfti sem mældist 6,6 stig á Richters-kvarða reið yfir El Salvador. Að minnsta kosti 400 manns létu lífið.

# Segja frá ferðalögum um Kína og Japan

**Systurnar Jófríður og Ásthildur Ákadætur halda erindi í Gerðubergi í kvöld. Þær munu segja frá tónleikaferðalögum sínum til Kína og Japan og taka nokkur lög.**

Tvíburasysturnar Jófríður og Ásthildur Ákadætur munu segja frá ævintýralegum tónleikaferðum hljómsveitar sinnar til Japans og Kína á stefnumótakaffi febrúarmánaðar. Stefnumótakaffið er hluti af viðburðaröð sem á sér stað í Menningarsetrinu Gerðubergi á miðvikudögum. Þá eiga gestir stefnumót við fólk sem hefur áhugaverða sögu að segja, gjarnan af framandi menningarsvæðum.

Jófríður og Ásthildur eru fæddar árið 1994 og stunda báðar tónlistarnám við Tónlistarskóla Reykjavíkur. Þær stofnuðu hljómsveitina Pascal Pinon árið 2009, þá aðeins fjórtán ára gamlar. Vorið 2010 gerðu þær samning við þýska útgáfufyrirtækið Morr Music um endurútgáfu fyrstu plötu þeirra og í kjölfarið héldu þær fjölda tónleika víðs vegar um heiminn, þar á meðal í Þýskalandi, Ítalíu, Kína og Japan.

„Við fórum til Kína í október árið 2011 og til Japans um páskana í fyrra og vorum í tæpar tvær vikur í hvoru landi. Við spiluðum á sex tónleikum í Kína í smærri borgum þar sem minna er um ferðamenn. Það var mjög sérstakt fyrir okkur að vera þar, það talaði eiginlega enginn ensku og fólk starði á okkur og tók myndir,“ segir Jófríður um ferðalagið til Kína. Faðir stúlknanna ferðaðist með þeim í bæði skiptin og hafði einnig gaman af því að heimsækja svo framandi lönd.

Jófríður segist hafa heillast mikið af Kína, þar iði göturnar af mannlífi og látum. „Kína var skemmtilegt, þar ríkti mikið kaos og fólk virtist lítið spá í hlutunum. Japan var hreinlegra og þar var allt mjög skipulagt og vandað. Löndin eru gríðarlega ólík og menningin mjög ólík okkar.“

Á stefnumótinu í Gerðubergi munu systurnar sýna myndir úr ferðalögunum, bjóða upp á kínverskt nammi og taka nokkur lög af nýrri plötu sinni. Í næstu viku heldur Pascal Pinon í tveggja vikna tónleikaferðalag um Evrópu og kemur sveitin meðal annars fram í Þýskalandi, Austurríki, Ítalíu og Ungverjalandi. Jófríður kveðst mjög spennt fyrir Ungverjalandsheimsókninni. „Ég hef aldrei komið þangað áður. Við verðum í burtu í tvær vikur, við getum ekki verið lengur vegna skólans,“ segir hún að lokum. Stefnumótakaffið hefst klukkan 20 og er aðgangur ókeypis. sara@frettabladid.is



**SEGJA FRÁ ASÍUHEIMSÓKN** Jófríður og Ásthildur Ákadætur eru meðlimir í hljómsveitinni Pascal Pinon. Þær segja frá heimsókn sinni til Kína og Japan á stefnumótakaffi í Gerðubergi í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

**ÞETTA GERÐIST:** 13. FEBRÚAR 1945

# Tilefnislaus árás bandamanna á Dresden

Þennan dag árið 1945 létu bandamenn sprengjum rigna yfir þýsku borgina Dresden. Hundruð þúsunda óbreyttra borgara létu lífið í árásinni og stór hluti borgarinnar var lagður í rúst.

Breskar herflugvélar gerðu fjórar loftárásir á borgina á tveimur dögum en þegar þær voru gerðar var Þýskaland í reynd gjörsigrað. Sovéskar hersveitir nálguðust Dresden og var auðsætt að þær næðu borginni á sitt vald eftir nokkra daga. Vegna þessa hefur árásin oft verið harðlega gagnrýnd og jafnan talin algjörlega tilgangslaus. Dresden hafði ekkert hernaðarlegt gildi, var óvarin og full af flóttamönnum sem höfðu safnast frá austurhéruðum landsins. Á þessum tveimur dögum vörpuðu breskar og bandarískar sprengjuflugvélar svo mörgum sprengjum að eldhaf leystist úr læðingi og sums staðar varð hitinn svo mikill að súrefni þraut og kafnaði fólk í kjöllurum og loftvarnarbyrgjum.

Opinbera skýringin á loftárásinni var sú að hún ætti að auðvelda sovéska hernum yfirtöku borgarinnar en þegar kalda stríðið gekk í garð breyttu Sovétmenn skýringunni. Þeir sögðu loftárásina ekkert hafa hjálpað Rauða hernum heldur eyðilagt borg sem vitað var að lenti á hernámssvæði Sovétríkjanna.



---

†

Ástkær móðir okkar,

**ÓLAFÍA G. ALFONSDÓTTIR**
**frá Hnífsdal,**
**Hæðargarði 29, Reykjavík,**

lést 6. febrúar. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 15. febrúar kl. 13.00.



**Gréta Jóakimsdóttir**
**Odd T. Marvel**
**Helga S. Jóakimsdóttir**
**Sigurður B. Þórðarson**
**Gunnar Jóakimsson**
**Sólveig Þórhallsdóttir**
**Kristján G. Jóakimsson**
**Sigrún Sigvaldadóttir**
**Aðalbjörg Jóakimsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**RAGNHEIÐUR STEFÁNSDÓTTIR**
**Birkigrund 10, Kópavogi,**
**áður Hringbraut 90, Reykjavík,**

er látin. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.



**Auður Guðmundsdóttir**
**Magnús Axelsson**
**Ævar Guðmundsson**
**Laufey Barðadóttir**
**Þuríður Ævarsdóttir**
**Ragnheiður Ævarsdóttir**
**Gísli Baldvinsson**
**Þórdís Ævarsdóttir**
**Bjarki Stefánsson**
**Ævar Gunnar Ævarsson**
**Helga G. Óskarsdóttir**
**Guðrún Vala Benediktsdóttir**
**Hildur Karen Benediktsdóttir**
**Aðalsteinn Ragnar Benediktsson**
**Elín Þórhallsdóttir**
**Magnús Anton Magnúsarson**
**og barnabarnabörn.**

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, fósturfaðir og afi,

**HELGI MARINÓ FRIÐFINNSSON**
**Snægili 18, áður til heimilis að Grundargerði 8, Akureyri,**

lést á heimili sínu 5. febrúar. Útför hans fer fram frá frá Akureyrarkirkju föstudaginn 15. febrúar kl. 13.30.
Blóm vinsamlegast afþökkuð, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Heimahlynningu á Akureyri.



**Guðrún Jónsdóttir**
**Ragnheiður Helgadóttir**
**Ari Þór Jónsson**
**Sigurður Helgason**
**Aðalheiður Bragadóttir**
**Agnes Sverrisdóttir**
**Lars Potrykus**
**Hafdís Gylfadóttir**
**Eva María, Una, Birkir Þór og Gígja**

---

Heittelskaður eiginmaður minn og sálufélagi, faðir, stjúpi, tengdafaðir, sonur og bróðir,

**BJÖRGVIN INGIMARSSON**
**sálfræðingur og kennari,**

lést laugardaginn 9. febrúar á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Hann verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 19. febrúar kl. 15.00.



**Vilborg Davíðsdóttir**
**Sigrún Ugla Björgvinsdóttir**
**Matthías Már Valdimarsson**
**Katrín Vilborgardóttir Gunnarsdóttir**
**Aðalsteinn Már Ólafsson**
**Sigrún Guðmundsdóttir**
**Jónas Kr. Ingimarsson**

---

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTÍN GUÐBJÖRNSDÓTTIR**
**Hrísateig 14,**

lést þriðjudaginn 5. febrúar. Útför hennar fer fram frá Laugarneskirkju föstudaginn 15. febrúar kl. 15.00.



**Sigrún Sigurgeirsdóttir**
**Jón G. Sigurðsson**
**Sólveig Sigurgeirsdóttir**
**Helgi Þór Jónsson**
**Þuríður Erla Sigurgeirsdóttir**
**Ágúst Eiríksson**
**Ingunn Sigurgeirsdóttir**
**Svanhvít Sigurgeirsdóttir**
**Kristín Sigurgeirsdóttir**
**Sigfús A. Gunnarsson**
**Kristinn Sigurgeirsson**
**Sigfríður Ragna Bragadóttir**
**Guðmundur Sigurgeirsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---

†

Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**GUÐMUNDUR HALLGRÍMSSON**
**lyfjafræðingur,**

lést mánudaginn 11. febrúar á líknardeild Landspítalans. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju mánudaginn 18. febrúar kl. 13.00.
Þeim sem vildu minnast hans er bent á Hjálparstarf kirkjunnar.



**Anna Guðrún Hugadóttir**
**Vera Guðmundsdóttir**
**Þórarinn Blöndal**
**Daði Guðmundsson**
**Dianne Y. Guðmundsson**
**Hugi Guðmundsson**
**Hanna Loftsdóttir**
**Alma Guðmundsdóttir**
**Eva Magnúsdóttir**
**Tinna Magnúsdóttir**
**Hildur Blöndal**
**Unnar Blöndal**
**Jóhanna Hugadóttir**
**Una Hugadóttir**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

# Virkja unga fólkið

Fyrsta ungmennaráð sveitarfélagsins Strandabyggðar hefur verið skipað. Í því er fólk á aldrinum 14 til 25 ára og því er ætlað að gæta hagsmuna ungs fólks í sveitarfélaginu og vera ráðgefandi um frístundastarf þess.

„Tilgangurinn með skipun ungmennaráðs er að virkja unga fólkið til umræðu þannig að raddir þess heyrist innan stjórnsýslunnar og annars staðar,“ segir Arnar Jónsson, tómstundafulltrúi Strandabyggðar, sem heldur utan um starfsemi nýs tíu manna ungmennaráðs í sveitarfélaginu Strandabyggð. Hann segir ætlunina að kjósa ráðið til eins vetrar í senn en þetta fyrsta hafi nánast verið handpikkað út. „Kannski eins ólýðræðislegt og hægt er,“ segir hann svolítið afsakandi. „Hugmyndin var að fá sem breiðastan hóp. Í honum eru krakkar allt niður í 9. bekk, unglingar sem búa úti í sveit, aðflutt ungmenni og foreldri, svo dæmi séu tekin.“

*Hvaða vonir bindið þið við þetta ráð?*

„Stóra málið er að heyra hvað unga fólkið hefur að segja. Það hefur miklar skoðanir á hlutunum og þarna hefur það kjörinn vettvang til að koma sinni rödd á framfæri. Þegar svona hópur fær formlegan vettvang til að tala þá leiðir það til breytinga. Það er alveg öruggt.“

Hvað telur Arnar helst brenna á ungu fólki í Strandabyggð? „Fyrst af öllu vil ég auðvitað heyra hvað ráðið leggur til. Það sem mig grunar að komi upp úr dúrnum í Strandabyggð eins og í mörgum sveitarfélögum af þessari stærðargráðu er að framboð af afþreyingu og frístundastarfi, sem er stór hluti af lífi fólks á framhaldsskólaaldri, sé ekki nógu mikið og úr því megi bæta.

*Hvert fara ykkar krakkar í framhaldsskóla?*

Þeir fara út um allt land en í haust verður opnuð framhaldsdeild á Hólmavík sem býður upp á svokallað dreifnám frá Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki. Stofnun ungmennaráðs er liður í að efla stemninguna í kringum deildina. Það sem skiptir hvað mestu máli þegar fólk er í framhaldsskóla – það þarf ekkert að fara í felur með það – er félagslífið. Í byggðarlögum þar sem enginn framhaldsskóli er vantar alltaf nokkra árganga inn í samfélagið og það skapar ákveðna deyfð. Svo lifnar yfir öllu um jól, páska og á sumrin. En þessi nýja framhaldsdeild mun breyta mannlífinu að vetrinum til og ungmennaráðið mun móta þær breytingar.“



**Í STRANDABYGGÐ** Skátafundur er góður undirbúningur undir það að sitja í ungmennaráði. MYND/ARNAR/STRANDIR.IS



**TÓMSTUNDAFULLTRÚINN** „Stóra málið er að heyra hvað unga fólkið hefur að segja. Það hefur miklar skoðanir á hlutunum,“ segir Arnar. MYND/ÁSDÍS JÓNSDÓTTIR

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGURRÓS GRÍMSDÓTTIR**
**Hrafnistu, Hafnarfirði,**
**áður Búðarflöt, Álftanesi,**

lést að morgni laugardagsins 9. febrúar. Útför hennar fer fram frá Bessastaðakirkju föstudaginn 15. febrúar kl. 15.00.

**Gunnar Sigurðsson**
**Hallgrímur Sigurðsson**
**Bertha María Sigurðardóttir**
**Jóna Guðlaugsdóttir**
**Sólveig Einarsdóttir**
**Róbert Þórðarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**SVEINÞÓR PÉTURSSON**
**fyrrverandi skipstjóri,**

lést að Hrafnistu að morgni fimmtudagsins 7. febrúar sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum starfsfólki á Hrafnistu, deild F-2, fyrir umönnun og vináttu á liðnum árum. Starf ykkar er ómetanlegt.

**Pétur Ragnar Sveinþórsson**
**Ægir Steinn Sveinþórsson**
**Helga Hanna Sigurðardóttir**
**Ásta Ægisdóttir**
**Silja Ægisdóttir**

---

†



Ástkær eiginmaður minn og vinur, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÓLAFUR HANNESSON STEPHENSEN**

er látinn. Bálför hefur farið fram.

**Ellen Helga Guðmundsdóttir**
**Guðmundur og Greta**
**Hlöðver og Sigrún Helga**
**Guðrún Ósk**
**Höskuldur og Eva Rakel**
**Eva og Margeir Kúld**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**SNJÓLAUG SVEINSDÓTTIR**

lést í Holtsbúð Vífilsstöðum þann 6. febrúar síðastliðinn. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 15. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga og annarra skyldra sjúkdóma (FAAS).

**Jónas Brjánsson**
**Helga Hrönn Jónasdóttir**
**Grímur T. Tómasson**
**Brjánn Jónasson**
**Andrea Rúna Þorláksdóttir**
**Haukur Jónasson**
**og barnabörn.**

---

†



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÞÓRÐUR BENEDIKT GUÐMUNDSSON**

lést 22. janúar sl. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey. Við þökkum vinsemd og hlýhug.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Ruth Erla Ármannsdóttir**

---

†



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við fráfall og jarðarför

**STEFÁNS PÉTURS EGGERTSSONAR**
**verkfræðings.**

**Kristín Gunnarsdóttir**
**Hulda Stefánsdóttir**
**Pétur Þ. Óskarsson**
**Gunnar Stefánsson**
**Arna Björk Jónsdóttir**
**Eggert Stefánsson**
**Annabel Baxter**

---

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**KRISTINN SIGURÐSSON**
**fyrrverandi flugumferðarstjóri,**
**Skógarseli 43, Reykjavík,**

andaðist laugardaginn 9. febrúar á Hrafnistu Boðaþingi.

**Edda Magndís Halldórsdóttir**
**Sigurður Kristinsson**
**Anna Dís Bjarnadóttir**
**Hjálmar Kristinsson**
**Helgi G. Kristinsson**
**Hildigunnur Bjarnadóttir**
**Jóhann Örn Kristinsson**
**Edda Björg Benónýsdóttir**
**Halldór Ívar Guðnason**
**Ása M. Blöndahl**
**Edda Guðrún Guðnadóttir**
**Sveinn Vignisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær stjúpfaðir okkar, bróðir, vinur, afi og langafi,

**HANNES HAFLIÐASON**
**Hrafnistu, Reykjavík,**
**áður Kleppsvegi 126, Reykjavík,**

verður jarðsunginn frá Áskirkju fimmtudaginn 14. febrúar kl. 13.00.

**Kolbrún Benjamínsdóttir**
**Margrét Benjamínsdóttir**
**Sigurður Tryggvason**
**Hafdís Hafliðadóttir**
**Ingibjörg Hafliðadóttir**
**Aðalheiður Hafliðadóttir**
**Ragnar Hafliðason**
**Friðlaugur Friðjónsson**
**afa- og langafabörn og fjölskyldur.**

---

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir, bróðir, afi og langafi okkar,

**JÓN BERGMANN SKÚLASON**
**bifreiðastjóri, Flúðaseli 2,**

lést á Landspítala við Hringbraut fimmtudaginn 7. febrúar. Hann verður kvaddur föstudaginn 15. febrúar í Fossvogskirkju kl. 11.00.

**Anna Margrét Hálfdanardóttir**
**Margrét R. J. Payne**
**Tim Payne**
**Jón Skúli Jónsson**
**Hrafnhildur Ósk Brekkan**
**Karen Magnúsdóttir**
**Guðmundur Sævin Bjarnason**
**Dagný Eva Magnúsdóttir**
**Sigurður Ingi Jónsson**
**Linda Bergdís Jónsdóttir**
**Hörður Rafnsson**
**systkini, barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát móður okkar, tengdamömmu, ömmu og langömmu,

**INGIBJARGAR VALDIMARSDÓTTUR**
**frá Rúfeyjum,**

sem andaðist þann 26. janúar á Sjúkrahúsi Selfoss. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Dvalarheimilisins Áss og Sjúkrahúss Selfoss fyrir góða umönnun.

**Kristín Jóhanna Valdimarsdóttir**
**Jón Guðlaugsson**
**Alda Særós Þórðardóttir**
**Jóhannes Kristján Guðlaugsson**
**Hildur Steinþórsdóttir**
**Kristbjörg Helga Guðlaugsdóttir**
**Valdimar Guðlaugsson**
**Ólína Guðlaugsdóttir**
**Sigurður Rafn Borgþórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi.

**PAUL SVEINBJÖRN JOHNSON**
**lögfræðingur og fyrrum aðalræðismaður Íslands í Chicago,**
**Grenimel 16, Reykjavík,**

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Grund 8. febrúar sl. Útförin fer fram frá Neskirkju föstudaginn 15. febrúar kl. 15.00.

**Áslaug Ragnhildur Holm Johnson**
**Sonja Ragnhildur Johnson**
**Marc C. Johnson**
**Pétur Snæbjörn Johnson**
**Birgir Þór Johnson**
**Santok Johnson**
**Kathleen Johnson Menlove**
**Lynn Menlove**
**Knut Sveinbjörn Johnson**
**og barnabörn.**

---

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUÐMUNDUR ÓLI ÓLAFSSON**
**fyrrv. yfirflugumferðarstjóri,**

andaðist á Landspítalanum föstudaginn 8. febrúar. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 14. febrúar kl. 11.00.

**Margrét Sigbjörnsdóttir**
**Sigurður Óli Guðmundsson**
**Hrönn Gísladóttir**
**Kristbjörn Óli Guðmundsson**
**Hildur Valsdóttir**
**Ólafía Guðmundsdóttir**
**Davíð Hermannsson**
**Kristín Guðmundsdóttir**
**Benedikt Gústavsson**
**Hafdís Dögg Guðmundsdóttir**
**Arnar Bjarnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** mats, **6.** kraðak, **8.** gilding, **9.** rangl, **11.** holskrúfa, **12.** rót, **14.** húrra, **16.** býli, **17.** tilvist, **18.** umhyggja, **20.** nudd, **21.** láð.

**LÓÐRÉTT**
**1.** ófá, **3.** hljóm, **4.** naggrís, **5.** hlóðir, **7.** biðja ákaft, **10.** spor, **13.** poka, **15.** trauður, **16.** ófarnaður, **19.** ónefndur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** dóms, **6.** ös, **8.** mat, **9.** ráf, **11.** ró, **12.** grams, **14.** bravó, **16.** bæ, **17.** líf, **18.** önn, **20.** nú, **21.** land.

**LÓÐRÉTT: 1.** mörg, **3.** óm, **4.** marsvín, **5.** stó, **7.** sárbæna, **10.** far, **13.** mal, **15.** ófús, **16.** böl, **19.** nn.






# Raunveruleikatékk

**BAKPANKAR**
Svavars Hávarðssonar

Þetta hlýtur að hafa verið árið 1981. Ég rölti upp bryggjuna með ömmu Stínu á leiðinni í soðna ýsu hjá mömmu. Við áttum klukkutíma hvíld frá frystihúsinu; það var kærkomið þennan fallega sumardag. Ég rétt fermdur; amma þúsund ára, fannst mér þá. Á bryggjunni stakk ég hendinni í vasann og fann þar fyrir nokkrar álkrónur; eða flotkrónur eins og þær voru nefndar eftir einkennandi eiginleikum þeirra. Krónunum kastaði ég kæruleysislega frá mér á bryggjuna, þær hurfu ein af annarri á milli fiskikara; en flestar út í gegnum gisið grjótið í hafnargarðinum.



**ÉG** graðgaði ekki í mig soðinni ýsu með snarpheitri hamsatólg þetta hádegið. Ég skreið í blóðvatni og fiskimaðki á bryggjunni í örvæntingarfullri leit að krónunum, undir styrkri verkstjórn ömmu Stínu. Ég man að amma bætti miklu við takmarkaðan orðaforða minn þessar mínútur, og hún kenndi mér líka að vanmeta ekki andstæðing þó hann sé tæpur mjölpoki að þyngd, og gangi hægt. Þegar ég stóð upp blautur og sár, með tvær krónur í lófanum, sagði hún mér að snauta burt og gera þetta aldrei aftur.

**ÉG** skildi þetta ekki þá, og árum saman kastaði ég krónum í allar áttir. Þær voru léttar í vösunum, eins og álkrónurnar nokkrum árum fyrr. Amma Stína vissi það sennilega, þó hún segði aldrei neitt.

**LÖNGU** seinna stóð brúna glasið allt af á litla borðinu þegar ég kom af sjó; klukkan sjö stundvíslega. Ég og amma sátum í einn tíma, eða tvo. Hún sagði mér sögur – og svo skildist mér loksins af hverju ég skreið á bryggjunni forðum.

**FORELDRAR** hennar höfðu ekki efni á því að gefa henni að borða – og létu hana því frá sér. Amma var svo horuð við komuna í nýjan fjörð, þriggja ára, að hún var látin drekka rjóma í nokkrar vikur, í þeirri von að hún myndi hjarna við. Sem hún svo gerði. Seinna, þegar berklarnir voru að naga sig í gegnum brjóstið á afa, réði hún sig sem vinnukonu á hælið. Til að vera hjá honum. Þau sváfu undir berum himni í frostinu. En henni var aldrei kalt. Svona er ástin, sagði hún mér. Hann dó frá henni áður en ég fæddist. Þá var hún ein eftir, með dæturnar. Og þá skipti ein króna – úr áli eða ekki – máli.

**OG** af hverju er ég að rifja þetta upp núna? Nei, mig vantaði bara raunveruleikatékk. Kannski þig líka?

## MYNDASÖGUR

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# Skemmtidagskrá öskudagsins kl. 11-17

- Búningasamkeppni fyrir einstaklinga og hópa
- Kötturinn sleginn úr tunnunni kl. 13:30 og 16:30
- Ókeypis myndataka
- Ókeypis andlitsmálun
- Lukkuhjól - engin núll
- Nammi og fjör

IKEA®

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - **www.IKEA.is**



# Blúndur og púður í lokuðum heimi

LEIKHÚS ★★☆☆☆

**Segðu mér satt**

Höfundur: Hávar Sigurjónsson.
Leikarar: Árni Pétur Guðjónsson, Ragnheiður Steindórsdóttir og Sveinn Ólafur Gunnarsson. Leikstjóri: Heiðar Sumarliðason.

**LEIKFÉLAGIÐ GEIRFUGL Í SAMVINNU VIÐ ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ**

Á fimmtudagskvöld var frumsýning á nýju verki eftir Hávar Sigurjónsson í Kúlunni. Þetta er samvinnuverkefni leikfélagsins Geirfugls og Þjóðleikhússins.

Þegar komið er inn í leikhúsið birtist leikhúsið í verkinu, sem er baksviðs, eða í einhvers konar búningsherbergi leikhúss, sem maður gæti ímyndað sér að ætti eitthvað skylt við Molière. Hjónin Karl og Sigrún deila með sér þessari vistarveru og eins og í hásæti fyrir miðju hangir sonur þeirra í hjólastól; dressaður upp í hnébuxur og blúnduskyrtu með rauða kinnalitsdíla í andliti. Í fyrstu á maður kannski von á því að hann sé einhvers konar brúða en það breytist nú fljótt því hlutverk hans verður eins og öxull verksins.

Hjónin eru í upphafi verks komin í læsta stöðu í sínum samskiptum. Hann er greinilega ekki með nein hlutverk þó hann spígspori um í rykföllnu höfuðsmannsdressi og það er svo sem ekki heldur víst að hún sé í neinum hlutverkum, þótt hún skipti um dívukjóla á tuttugu sekúndna fresti. Hávar bregður hér upp mynd af fjölskyldu þar sem hlutverkin riðlast heldur betur. Barnið er miðaldra og yfirgefur aldrei foreldrana. Móðirin misbýður barni sínu og faðirinn breytist í konu.

Það var aldrei dauður punktur í sýningunni þó svo að hinar sífelldu endurtekningar verði svolítið tuggulegar. Litir og lýsingar, búningar og tónar voru mjög skemmtileg þó það hefði alveg verið óhætt að gefa reykvélinni frí, því fnykurinn af reyknum varð til þess eins að áreita áhorfendur og hafði ekkert gildi fyrir listaverkið sem heild. Hins vegar var brugðið á það ráð að lýsa með grænum blæ þegar vitfirringin er að ná yfirhöndinni undir lokin. Það var mjög smart, ógnvekjandi eins og talandi þöglumynd og ekki laust við að manni þætti sjálf Baby Jane í meðförum Bette Davis vera komin í þeim dáratryllingi sem Ragnheiður Steindórsdóttir sýndi í lokin.

Leikstjórinn Heiðar Sumarliðason beitir mjög voguðum leikstíl, sem er í senn pirrandi og heillandi. Það er víst óhætt að segja að Árni Pétur Guðjónsson kitlaði hláturstaugar áhorfenda í túlkun sinni á hinum lúpulega Karli. Sveinn Ólafur Gunnarsson átti einnig góða spretti í hlutverki hins fatlaða manns sem um leið var eins og algert dekurbarn. Ragnheiður kom mjög vel til skila þeirri geislandi geggjun sem stigmagnaðist hjá leikkonunni Sigrúnu. Hávar velur leikarafjölskyldu sem læsist inni í sinni eigin ranghugmynd um forna frægð. Þetta öngstræti sem þessi fjölskylda lendir í er svo sem yfirfæranleg á aðrar stéttir, en hér í stílfærðum og ýktum leikstíl er verið að metast um sýnileikann. Annars er það orðinn hálfgerður kækur á íslensku leiksviði að skreyta verkin með tryllingslegum samfara- eða nauðgunarsenum. Það bætir litlu við verkið í þessu tilfelli.

Segðu mér satt heitir verkið sem er ágætis titill á leikriti sem byggir á vef lyga en innihaldið hefði mátt vera umfangsmeira.

**Elísabet Brekkan**

**NIÐURSTAÐA:** Fjörug sýning um öngstræti samskipta en vantaði kjöt á beinin.

# Tengdó á Akureyri

## Verðlaunaleikrit sýnt tvisvar í Hofi.

Sýningin Tengdó verður sýnd í kvöld og annað kvöld í Hofi á Akureyri. Sýningin, sem var frumsýnd í Borgarleikhúsinu fyrir tæpu ári, hlaut lof gagnrýnenda og var valin sýning ársins á Grímunni, auk þess sem Valur Freyr Einarsson, höfundur verksins, var valinn leikskáld ársins og leikari sömuleiðis.

Sýningum á Tengdó lauk fyrir fullu húsi síðastliðið vor en hófust aftur 7. febrúar. „Aðeins var mögulegt að koma við tveimur sýningum að þessu sinni þar sem nú þegar eru uppselt á þrjátíu sýningar í Borgarleikhúsinu. Við hlökkum mikið til að sýna sýninguna á Akureyri. Við vonum að norðanmenn taki vel á móti okkur og grípi tækifærið þar sem þetta er stutt stopp,“ segir Valur Freyr.

Í Tengdó er sögð saga tengdamóður Vals Freys, en hún fjallar um leit ástandsbarns að föður sínum. Fylgst er með þrá barnsins til að kynnast uppruna sínum en um leið er horft gagnrýnum augum á íslenskt samfélag.



**HOF** Kristín Þóra Haraldsdóttir í hlutverki sínu í Tengdó.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MIÐVIKUDAGUR 13. FEBRÚAR 2013**

### Tónleikar

**19.30** Extreme Chill standa fyrir „off-venue“-kvöldi á tónlistarhátíðinni Sónar á skemmtistaðnum Volta. Extreme Chill hafa til margra ára kynnt Íslendinga fyrir framsækinni raftónlist. Frítt er inn á kvöldið þar sem margir af fremstu íslensku tónlistarmönnum senunnar koma fram.

**21.00** Hljómsveitin Barr leikur á Café Rosenberg.

### Upplestur

**18.00** Steingrímur J. Sigfússon les fyrsta Passíusálminn í Grafarvogskirkju í tilefni föstunnar.

### Dans

**14.00** Síðdegisdans verður hjá Félagi eldri borgara í Reykjavík Stangarhyl 4. Stjórnendur Matthildur og Jón Freyr.

### Tónlist

**20.00** Tvíburasysturnar Jófríður og Ásthildur Ákadætur segja frá tónleikaferð hljómsveitar sinnar, Pascal Pinon, til Japan og Kína á Stefnumótakaffi í Gerðubergi. Stelpurnar taka einnig með sér hljóðfæri og leika nokkra ljúfa tóna fyrir gesti. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

### Fyrirlestrar

**20.00** Kristín Einarsdóttir þjóðfræðingur og Hlíf Gylfadóttir mannfræðingur halda hvor sinn fyrirlesturinn á fræðslukvöldi Íslenska vitafélagsins í Víkinni, Sjóminjasafni við Grandagarð. Fyrirlestur Kristínar nefnist Í fjöruborðinu og fjallar um vætti og verur sem búa á mörkum lands og sjávar og tengsl þeirra við mennina. Sjóarinn og almættið nefnist erindi Hlífar og fjallar um hvernig sjómenn líta á yfirnáttúrulega hjálp og hvað veldur heppni að þeirra mati og síðum sem þeir stunduðu og stunda kannski enn til að treysta á velvild æðri máttarvalda við sjósóknina. Aðgangur er ókeypis og öllum opinn.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*

LYFJA
– Lifið heil



Mixtúrur og Paratabs
15% afsláttur
gildir út febrúar

www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju

# Heima og í vinnunni



Tilboðsverð
**49.900 kr.**
Verð áður: 64.900 kr.

## Dauphin Sync
**skrifborðsstóll**

- Hæðarstilling.
- Hæðarstillanlegur mjóhryggs-stuðningur.
- Samhæfð stilling setu og baks, fylgir hreyfingum notandans, hægt að læsa baki í mismunandi stöðu.
- Mótstöðustilling fyrir mismun-andi þyngd.
- Með hæðar- og hliðarstillan-legum örmum.
- Hægt að taka arma af.
- Mjúk eða hörð hjól.
- Bólstruð seta og netbak.
- Fæst með hækkun og fóthring.
- Þolir 125 kg.
- **5 ára ábyrgð.**

5 ÁRA ÁBYRGÐ



## Lian Run stóll

5 ÁRA ÁBYRGÐ

Tilboðsverð
**22.900 kr.**
Verð áður: 29.900 kr.

Tilboð gilda út febrúarmánuð 2013.



## PENNINN Í 80 ÁR

Penninn á sér langa verslunarsögu á sviði á húsgagna og hafa flestir landsmenn notað húsgögn frá Pennanum. Meðal verkefna Pennans má nefna, Háskólatorg, Hörpuna, fjölda grunn- og menntaskóla, stofnana og fyrirtækja.



**Penninn Húsgögn**

Í húsgagnaverslunum Pennans má finna fjölbreytt úrval húsgagna og hönnunarvara frá mörgum af fremstu framleiðendum heims. Við bjóðum aðstoð frá sérfræðingum okkar við að finna lausnir hvort heldur sem er fyrir heimilið eða fyrirtækið.

**Verið velkomin í Pennann Húsgögn að Grensásvegi 11, Reykjavík og Hafnarstræti 91-93 á Akureyri.**

Penninn Húsgögn | Grensásvegi 11, 108 Reykjavík | sími 540 2330 | hugsgogn@penninn.is
**www.penninn.is** | Opnunartími: Virka daga 8-18 og laugardaga frá 11-15.

Penninn Í 80 ÁR



**MEÐ BAFTA** Quentin Tarantino með Bafta-verðlaunin sín. NORDICPHOTOS/GETTY

## Tarantino vill gera þríleik

Quentin Tarantino langar að „endurskrifa söguna“ í sinni næstu kvikmynd, líkt og hann hefur gert í síðustu tveimur, Django Unchained og Inglourious Basterds.

„Þetta kallar á þríleik, þriðju myndina með þessu þema,“ sagði Tarantino á Bafta-verðlaunahátíðinni. „Ég hef ekki ákveðið um hvað myndin verður en það kæmi mér ekki á óvart ef ég myndi gera aðra.“ Leikstjórinn fékk Bafta-verðlaun fyrir handrit sitt að Django Unchained og Christoph Waltz var verðlaunaður sem besti aukaleikarinn.

# Smekkfólkið á fremsta bekk

**Mikið hefur verið um dýrðir í New York-borg síðastliðna viku þar sem tískuvikan fer fram með pompi og prakt. Þrátt fyrir að bylurinn Nemo hafi herjað á íbúa borgarinnar láta gestir tískuvikunnar veðrið ekki stöðva sig í að klæða sig upp fyrir sýningarnar. Tískubloggarar, ritstjórar og innkaupafólk, sem var hvert öðru smekklegra, fylltu fremstu bekkina á helstu sýningunum.**



**ÁHRIFAMIKLAR** Þær Anna Wintour, Grace Goddington og Virginia Smith hjá bandaríska Vogue létu sig ekki vanta á sýningu Donnu Karan.



**RITSTJÓRINN** Kate Lanphear hjá Elle Magazine í grárri kápu með húfu.



**DÝRAMYNSTUR** Julia Restoin Roitfeld var vel klædd á sýningu Tim Coppens.



**PELS** Olivia Palermo var brosmild á sýningu Carolina Herrera.



**FLOTT PRÍEYKI** Terry Richardson, Anna Dello Russo og Olivier Zahm hress á sýningunni Marc by Marc Jacobs.



**FYRIRSÆTAN** Doutzen Kroes var töff klædd á sýningunni Theyskens Theory.



**BLÁTT** Bloggarinn Hanneli Mustaparta í flottum kjól á sýningu Philips Lim, 3.1.

NORDICPHOTOS/GETTY


# MERKJASALA HJARTAHEILLA

## Tökum vel á móti sölufólki 11. til 17. febrúar

Eftirtalin fyrirtæki styðja merkjasölu Hjartaheilla

DEBENHAMS · BRAMMER www.brammer.is · vodafone · GA SMÍÐAJÁRN · ÍSLENSKA HAMBORGARAFABRIKKAN · VÍS · pwc · SAMHERJI · HEIMIR OG JENS · VÉLAR & VERKFÆRI · RARIK · K.C.-MÁLUN · Caruso · Jónar Transport · SALTKAUP · LYFJAVER · JÓN & MARGEIR Grindavík · BLUE LAGOON ICELAND · Íslandsbanki · rue de net · Gamla Smiðjan · ÞÓR ehf vélaverkstæði

**Reykjavík**
AB varahlutir ehf
Aðalvík ehf
Arev verðbréfafyrirtæki hf
B.K.flutningar ehf
Bifreiðasmiðja G & Ó sf
Blikksmiðjan Glófaxi hf
Bókhaldsþjónusta Júlíönu ehf
Bón Fús
Danica sjávarafurðir ehf
Ernst & Young hf
GB Tjónaviðgerðir ehf
Hamborgarabúllan
Bíldshöfða 18
Happdrætti Háskóla Íslands
Hárgreiðslustofan Gresika
Heilsa ehf
Hyrningur ehf
Ísbar-Boozt bar
Járn og gler ehf
JP Lögmenn ehf
Kaffi Roma
Kaffibarinn ehf
Kemi ehf-www.kemi.is
Kone ehf
Lögmenn Árbæ slf
Löndun ehf
Múrþjónusta Braga ehf
Nói-Síríus hf
Obladí ehf - Bítlabar
Orka ehf
Orkuvirki ehf
Ólafur Gústafsson hrl.
Passion Reykjavík
Rafco ehf
Rafstjórn ehf
Rafvel sf
Reykjavíkurborg
S.Z.Ól. trésmíði ehf
Shop Couture sf
Skóarinn í Kringlunni ehf
Sprettur-þróun og stjórnun ehf
Stansverk ehf
Stólpi ehf - alhliða viðgerðaþjónusta
SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu
Söngskólinn í Reykjavík
Tannlæknastofa Theódórs ehf
Tannréttingar sf
Tarzan ehf
Tíu-ellefu ehf
Valhöll fasteignasala ehf
Vélsmiðjan Harka hf
Við og Við sf
Vörn, öryggisfyrirtæki
Yggdrasill ehf
**Seltjarnarnes**
Aðalbjörg RE-5 ehf
Björnsbakarí Austurströnd ehf
Bæjarins bestu sf
**Kópavogur**
Bílamarkaðurinn
Bremsan ehf
Euphrasia slf
Flutningsþrif Bergþóru ehf
Hjálmarsson ehf
Léttfeti ehf - Sendibíll
Listinn-www.listinn.is
Ljósvakinn ehf
Loft og raftæki ehf
MHG verslun ehf
**Garðabær**
Geislatækni ehf-Laserþjónustan
Samey ehf
Öryggisgirðingar ehf
**Hafnarfjörður**
Alexander Ólafsson ehf
Fínpússning ehf
Hagtak hf
Héðinn Schindler lyftur hf
Pappír hf
SBJ réttingar ehf
VBS-verkfræðistofa ehf
Vélsmiðja Guðmundar ehf
**Reykjanesbær**
DMM Lausnir ehf
Grímsnes ehf
Icelandair Hotel Keflavík
Lögfræðistofa Suðurnesja
Toyota Reykjanesbæ
Vélasmiðja Ása og Óla ehf
**Grindavík**
BESA ehf
Stjörnufiskur ehf
Vísir hf
Þorbjörn hf
**Sandgerði**
Verslunarfélagið Ábót
Vélsmiðja Sandgerðis ehf
**Garður**
Fiskverkunin Háteigur ehf
Gunnar Hámundarson ehf
**Mosfellsbær**
Glertækni ehf
Nonni litli ehf
Nýja bílasmiðjan hf
**Ísafjörður**
Vélsmiðja ÞM
**Bolungarvík**
Endurskoðun Vestfjarða ehf
**Súðavík**
Víkurbúðin ehf
**Patreksfjörður**
Grunnslóð ehf
Vesturbyggð
**Bíldudalur**
EagleFjord ehf
Ýmir ehf
**Þingeyri**
Tengill, rafverktaki
**Hvammstangi**
Kidka ehf
**Blönduós**
Glaðheimar sumarhús opið allt árið s: 820 1300
**Skagaströnd**
Sjávarlíftæknisetrið BioPol ehf
Skagabyggð
**Sauðárkrókur**
Hjólbarðaþjónusta Óskars
Listkúnst ehf
Stoð ehf, verkfræðistofa
**Varmahlíð**
Hestasport - Ævintýraferðir ehf
**Hofsós**
Grafarós ehf
**Akureyri**
Bílasala Akureyrar ehf
HSH verktakar ehf
Index tannsmíðaverkstæði ehf
Kaffi Amor ehf
Rafmenn ehf
**Ólafsfjörður**
Norlandia ehf
**Raufarhöfn**
Önundur ehf
**Vopnafjörður**
Bílar og vélar ehf
Mælifell ehf
**Egilsstaðir**
Austfjarðaflutningar ehf
G.Ármannsson ehf
Þ.S. verktakar ehf
**Seyðisfjörður**
Brimberg ehf
**Eskifjörður**
Fjarðaþrif ehf
Tandraberg ehf
**Neskaupstaður**
Síldarvinnslan hf, útgerð
Trölli ehf, gisting
**Djúpivogur**
Hótel Framtíð ehf
S.G. Vélar ehf, verkstæði
**Höfn í Hornafirði**
Ferðaþjónustan Árnesi
Funi ehf, sorphreinsun
Jökulsárlón ehf
**Selfoss**
Bílaþjónusta Péturs ehf
BR flutningar ehf
Guðnabakarí ehf
Icecool á Íslandi ehf
JÁ pípulagnir ehf
TAP trésmiðja ehf
Veisluþjónusta Suðurlands ehf
**Hveragerði**
Bílaverkstæði Jóhanns ehf
**Þorlákshöfn**
Bergverk ehf
Fiskmark ehf
HJ húsverk ehf
**Laugarvatn**
Ásvélar ehf
**Flúðir**
Flúðafiskur
**Hvolsvöllur**
Hellishólar ehf
Nínukot ehf-Vinna um víða veröld
**Vík**
B.V.T. ehf
Hótel Katla
**Kirkjubæjarklaustur**
Systrakaffi ehf
**Vestmannaeyjar**
900 Grillhús
Karl Kristmanns, umboðs- og heildverslun
Teiknistofa Páls
Zóphóníassonar ehf

HjartaHeill

*Hugaðu að hjartanu, því þú hefur aðeins eitt*

*Öll þjóðin – eitt hjarta*



BOOSTER
KJÚKLINGABORGARI MEÐ DÖKKU KJÖTI*, SÚRUM GÚRKUM, MAJÓNESI OG TÓMATSÓSU.
Nýtt
AÐEINS 399 kr.
* ÚRBEINAÐ SKINNLAUST UPPLÆRI
KFC
svooogott™
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI
WWW.KFC.IS

# Í fótspor stórstjarnanna

**Tónlist**

★★☆☆☆

**Geir Ólafsson**
I'm Talking About You
**ZONET**



**I'M TALKING ABOUT YOU** „Hann gerir þetta vissulega á sinn hátt og í sumum laganna dugir það alveg en ekki í öðrum.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þó að Geir Ólafsson sé umdeildur tónlistarmaður þá er ekki annað hægt en að dást að honum. Er hann ekki dæmi um mann sem leggur allt undir til að láta drauma sína rætast? Hann eflist við mótlæti og heldur ótrauður áfram í átt að settu marki. I'm Talking About You er fimmta plata Geirs og á henni syngur hann útsetningar Dons Randi á tíu þekktum dægurlögum, m.a. Beat It, Lady In Red, Besame Mucho og Come Together. Don Randi er bandarískur píanóleikari og hljómsveitarstjóri sem hefur leikið inn á ógrynni platna. Hann var m.a. meðlimur í hinni margrómuðu sveit hljóðvershljóðfæraleikara The Wrecking Crew. Það er ákveðið afrek út af fyrir sig að hafa gert plötu með Don Randi og það má segja að Geir sé hér kominn í fótspor meistaranna.



Útsetningarnar á I'm Talking About You eru í léttpoppuðum stórsveitarstíl. Í hljómsveitinni eru þrettán blásarar, auk Randis á píanó, gítarleikara (Eddi Lár), bassaleikara, trommuleikara og slagverksleikara. Allt Íslendingar, nema trommarinn Bernie Dresel. Þá útsetur Þórir Baldursson eitt lag, titillagið sem er eftir Jóhann G. Jóhannsson, og spilar á Hammond í því.

Eins og við var að búast eru útsetningarnar á plötunni fínar og faglega unnar. Lögin eru mislangt frá sínum þekktustu útsetningum. Michael Jackson-lagið Beat It kemur t.d. mjög skemmtilega út í þessari stórsveitarútsetningu. Það sama má segja um Lady In Red (Chris de Burgh) og Bítlalagið Come Together. Það er svo ekkert framsækið eða frumlegt við þessa nálgun, en þetta er vel gert.

Og þá er það stóra spurningin. Söngur Geirs sjálfs. Hvernig tekst til? Geir hefur auðvitað farið töluvert fram og styrkt sig með hverri plötunni. Hann kemst ágætlega frá mörgum þessara laga. Það vantar samt oft herslumuninn. Mack the Knife er til dæmis ansi kraftlaust og hann ræður ekki alveg við Come Together. Hann gerir þetta vissulega á sinn hátt og í sumum laganna dugir það alveg en ekki í öðrum.

Á heildina litið er I'm Talking About You þokkalegasta plata. Aðdáendur Geirs ættu ekki að hika við að bæta henni í safnið. **Trausti Júlíusson**

**NIÐURSTAÐA:** Margt vel gert hjá Geir og félögum en sums staðar vantar herslumuninn.

# Nýtt frá Emilíönu

Emilíana Torrini og Steve Mason, fyrrverandi söngvari The Beta Band, syngja saman í nýju smáskífulagi sem nefnist I Go Out. Lagið er það fyrsta sem kemur út hjá útgáfufyrirtækinu Speedy Wunderground. Eigandi þess er upptökustjórinn Dan Carey, sem vann með Emilíönu við plöturnar Fisherman´s Woman og Me And Armini. Emilíana hefur haft sig lítið frammi á tónlistarsviðinu að undanförnu en fimm ár eru liðin síðan Me And Armini kom út. **- fb**



**TORRINI** Emilíana syngur með fyrrverandi söngvara The Beta Band í nýju lagi.



**ADELE** Kemur fram á Óskarsverðlaunahátíðinni síðar í mánuðinum.

# Segist vera að kúka á sig fyrir Óskarinn

Adele er stressuð vegna upptroðslu í Los Angeles.

**Breska söngkonan Adele segist vera meira en stressuð fyrir því að koma fram á Óskarsverðlaunahátíðinni í Los Angeles síðar í þessum mánuði. Þar mun hún syngja titillag James Bond-myndarinnar Skyfall, en lagið er tilnefnt í flokknum besta frumsamda lag ársins.**

**Adele vann til Grammy-verðlauna fyrir bestu einstaklingsframmistöðuna, lifandi flutning lagsins Set Fire To The Rain, um síðustu helgi. Að lokinni verðlaunaafhendingunni var hún spurð hvort hún væri stressuð vegna Óskarsverðlaunanna. „Ég er að kúka á mig,“ svaraði söngkonan við mikinn hlátur viðstaddra.**


midi.is Miðasala og nánari upplýsingar — LAUGARÁSBÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| ZERO DARK THIRTY | 6, 9 | 16 |
| THE LAST STAND | 5.45, 8, 10.15 | 16 |
| VESALINGARNIR | 9 | 12 |
| THE HOBBIT 3D | 6(48R) | 12 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is

ÁLFABAKKA
WARM BODIES FORSÝNING KL. 8 (16)
HANSEL AND GRETEL KL. 6 - 8 (10:10 3D ótextuð) (16)
HANSEL AND GRETEL VIP KL. 6 - 10:10 (VIP)
BULLET TO THE HEAD KL. 6 - 8 - 10:10 (16)
BULLET TO THE HEAD VIP KL. 8 (VIP)
PARKER KL. 8 - 10:30 (16)
GANGSTER SQUAD KL. 5:30 - 10:30 (16)
JACK REACHER KL. 10:30 (12)
THE IMPOSSIBLE KL. 5:40 - 8 (12)
WRECK-IT RALPH ÍSL TAL KL. 5:50 (L)

KEFLAVÍK
HANSEL AND GRETEL KL. 8 (16)
BULLET TO THE HEAD KL. 8 - 10 (16)
PARKER KL. 10 (16)

ÖSKUDAGSBÍÓ 400.KR MIÐINN Á MERKTAR MYNDIR

EGILSHÖLL
HANSEL AND GRETEL KL. 5:50 - 8 - 10:10 (16)
HANSEL AND GRETEL KL. 8 - 10:10 (16)
PARKER KL. 5:30 - 8 - 10:30 (16)
GANGSTER SQUAD KL. 8 - 10:30 (16)
MONSTERS INC ÍSL TAL 3D KL. 5:50 (L)
THE IMPOSSIBLE KL. 5:30 (12)

KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI
HANSEL AND GRETEL KL. 6 - 8 - 10:10 (16)
BULLET TO THE HEAD KL. 8 - 10:10 (16)
GANGSTER SQUAD KL. 8 - 10:30 (16)
MONSTERS INC ÍSL TAL 3D KL. 5:50 (L)
THE IMPOSSIBLE KL. 5:30 (12)
SAMMY 2 ÍSL TAL KL. 15:30 ÖSKUDAGSBÍÓ (L)
WRECK-IT RALPH ÍSL TAL KL. 15:20 ÖSKUDAGSBÍÓ (L)
CHASING MAVERICKS KL. 15:20 ÖSKUDAGSBÍÓ (7)

AKUREYRI
HANSEL AND GRETEL KL. 8 - 10 (16)
BULLET TO THE HEAD KL. 8 - 10 (16)

SMÁRABÍÓ — HÁSKÓLABÍÓ

| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | |
|---|---|---|
| ZERO DARK THIRTY | KL. 4.30 - 8 LÚXUS KL. 8 | 16 |
| DJANGO | KL. 8 - 10.20 LÚXUS KL. 4.30 | 16 |
| LINCOLN | KL. 5 | 14 |
| LAST STAND | KL. 8 - 10.40 | 16 |
| VESALINGARNIR | KL. 4.30 | 12 |
| HÁKARLABEITA 2 | KL. 3.20 | L |
| THE HOBBIT 3D | KL. 4.30 | 12 |
| LIFE OF PI 3D | KL. 8 | 10 |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| KON-TIKI | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| LINCOLN | KL. 5.50 - 9 | 14 |
| DJANGO | KL. 10 | 16 |
| VESALINGARNIR | KL. 5.50 - 9 | 12 |
| LIFE OF PI 3D | KL. 5.20 | 10 |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| ZERO DARK THIRTY | KL. 9 | 16 |
| LINCOLN | KL. 6 | 14 |
| DJANGO | KL. 6 | 16 |
| THE LAST STAND | KL. 9 | 16 |

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS

| KON-TIKI | (12) | 17:45, 20:00, 22:15 |
|---|---|---|
| HOLY MOTORS | (16) | 20:00, 22:00 |
| HVELLUR | (L) | 18:00, 20:00 |
| XL | (16) | 18:00, 22:10 |

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.




RÁS 2
ICELANDAIR
TUBORG

# ÚRSLIT

## REYKJAVÍKURMÓT KVENNA

**VALUR - FYLKIR** **5-0**
Valur á sigurinn vísan í Reykjavíkurmótinu eftir að hafa unnið Fylki í gær.

## MEISTARADEILD EVRÓPU

### 16-LIÐA ÚRSLIT, FYRRI LEIKIR

**CELTIC - JUVENTUS** **0-3**
0-1 Alessandro Matri (3.), 0-2 Claudio Marchisio (77.), 0-3 Mirko Vucinic (83.).

**VALENCIA - PSG** **1-2**
0-1 Ezequiel Lavezzi (10.), 0-2 Javier Pastore (43.), 2-1 Adil Rami (90.).

### LEIKIR KVÖLDSINS

**REAL MADRID - MAN. UNITED** **KL. 19.45**
**Sýndur á Stöð 2 Sport HD**

**SHAKHTAR - DORTMUND** **KL. 19.45**
**Sýndur á Stöð 2 Sport 3**



**ÖFLUGUR** Ásbjörn Friðriksson hefur haft góð áhrif á lið FH. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Ásbjörn bestur

**HANDBOLTI** FH sópaði að sér verðlaunum þegar bestu leikmenn umferða átta til fjórtán í N1-deild karla voru heiðraðir í gær. Ásbjörn Friðriksson var valinn besti leikmaðurinn en besti þjálfarinn var valinn Einar Andri Einarsson. Báðir eru úr FH sem vann sex af sjö leikjum sínum í þessum umferðum.

Jón Þorbjörn Jóhannsson, leikmaður Hauka, var valinn besti varnarmaðurinn í annað skiptið í röð. Akureyri fékk viðurkenningu fyrir bestu umgjörðina og besta dómaraparið var útnefnt Anton Gylfi Pálsson og Hlynur Leifsson. - esá

### LIÐ 8.-14. UMFERÐAR

**Mark:** Daníel Andrésson, FH
**Vinstra horn**: Sturla Ásgeirsson, ÍR
**Vinstri skytta**: Björgvin Hólmgeirsson, ÍR
**Miðja**: Ásbjörn Friðriksson, FH
**Hægri skytta**: Jóhann Gunnar Einarsson, Fram
**Hægra horn**: Einar Rafn Eiðsson, FH
**Lína**: Jón Þorbjörn Jóhannsson, Haukum



**JÓN ARNAR MAGNÚSSON** Á sautján bestu þrautir Íslendinga. MYND/AFP

# Jón Arnar var ekki byrjaður

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Jón Arnar Magnússon var ekki byrjaður að æfa tugþraut þegar hann var 23 ára gamall en lesa mátti það út úr grein Fréttablaðsins um tugþrautarkappann Einar Daða Lárusson í gær að hinn 22 ára gamli ÍR-ingur væri langt á undan Jóni á sama aldri. Jón Arnar fór ekki á fullt fyrr en mun seinna og hans besti árangur kom í hús þegar Jón Arnar var 26 til 33 ára gamall. - óój




**FYRIR OG EFTIR** Cristiano Ronaldo fór frá Manchester United til Real Madrid árið 2009. Hann telst í dag vera einn allra besti knattspyrnumaður heims. NORDICPHOTOS/GETTY

# Höfuðverkur Alex Ferguson

Ef Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, ætlar liði sínu að fara alla leið í Meistaradeild Evrópu í vetur þarf hann fyrst að vinna bug á Real Madrid og helst Cristiano Ronaldo, fyrrverandi skjólstæðingi sínum.

**FÓTBOLTI** Cristiano Ronaldo mun í kvöld mæta Manchester United, sínu gamla félagi, í fyrsta sinn síðan hann var seldur til Real Madrid fyrir metupphæð, 80 milljónir punda, árið 2009. Liðin munu í kvöld eigast við í fyrri viðureign liðanna í 16-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu en leikurinn fer fram í spænsku höfuðborginni.

Mikið hefur verið rætt og ritað um þessar viðureignir síðan dregið var í 16-liða úrslitin þann 20. desember síðastliðinn. Athyglin hefur eðlilega helst beinst að Cristiano Ronaldo, sem var þegar orðinn einn besti knattspyrnumaður heims þegar hann hélt til Madrid fyrir tæpum fjórum árum.

Ronaldo hefur hins vegar haldið áfram að bæta sig síðan þá og státar í dag af þeirri ótrúlegu tölfræði að hafa skorað meira en mark að meðaltali í leik á ferli sínum hjá Real Madrid. Ronaldo hefur ef til vill aðeins fallið í skugga Börsungsins Lionels Messi, sem hefur verið valinn knattspyrnumaður ársins öll þau fjögur ár sem Ronaldo hefur verið hjá Real, en tölurnar tala engu að síður sínu máli.

### Farangurslaus í Manchester

Ronaldo var aðeins átján ára gamall þegar Manchester United keypti hann frá Sporting Lissabon fyrir rúmar tólf milljónir punda. Ronaldo, sem talaði þá varla stakt orð í ensku, flaug til Manchester í ágústmánuði 2003 og hafði ekki með sér neinn farangur að ráði, þar sem hann taldi að Ferguson myndi lána hann aftur til Sporting út tímabilið.

„Það er ekkert mál,“ sagði Ferguson þegar hann frétti af því. „Þú æfir með okkur á morgun og ferð svo aftur til Portúgals til að sækja föggur þínar.“

Ronaldo bað sjálfur um treyju númer 28 – sama númer og hann var með hjá Sporting – en Ferguson krafðist þess að hann klæddist treyju númer sjö. Treyjunni sem David Beckham hafði klæðst aðeins nokkrum vikum fyrr og goðsagnir á borð við George Best, Eric Cantona og Bryan Robson á undan honum.

Sex árum síðar varð hann að dýrasta knattspyrnumanni heims þegar Real Madrid keypti hann á metupphæð. „Cristiano hefur reynst Manchester United einstaklega vel,“ sagði Alex Ferguson þá. „Hann hefur á sínum sex árum hér orðið að besta knattspyrnumanni heims.“

### Gekk Ronaldo í föðurstað

Frægðarsól Ronaldos reis enn hærra hjá Real Madrid og sér reyndar ekki enn fyrir endann á því ferli. Hann er ekki nema 28 ára gamall og er því fyrst núna að komast á bestu ár knattspyrnuferilsins. Ronaldo hefur sjálfum verið tíðrætt um samband sitt við Alex Ferguson sem hann segir helst líkjast sambandi föður og sonar. En nú þarf Ferguson í fyrsta sinn að takast á við Ronaldo sem hindrun fyrir sitt lið.

Gary Neville, fyrrum samherji Ronaldo hjá United, hefur mært hann mjög í enskum fjölmiðlum að undanförnu. Hann segir hann betri leikmann nú en þegar hann fór til Real á sínum tíma.

„Í dag er hann algjört skrímsli,“ sagði Neville. „Ég sá hann spila á laugardaginn. Hann hirti boltann bara einhvers staðar á vellinum, gerði einhverja takta sem ég get ekki einu sinni lýst, fór fram hjá einum manni og negldi honum inn af 25 metra færi. Það er ekki hægt að verjast gegn slíku.“

eirikur@frettabladid.is

# Ein óheppnasta körfuboltakona landsins

„Þetta er mjög sárt,“ segir Snæfellskonan Berglind Gunnarsdóttir sem hefur ítrekað farið úr axlarlið í vetur.

**KÖRFUBOLTI** Berglind Gunnarsdóttir er ein efnilegasta körfuboltakona landsins og búin að vera lengi í stóru hlutverki hjá Snæfelli þrátt fyrir að vera ekki orðin tvítug. Það er jafnframt erfitt að finna óheppnari leikmann því eftir krossbandsslit og tvær hnéaðgerðir hefur hún glímt við það að fara mörgum sinnum úr axlarlið á þessu tímabili.

Berglind fór enn á ný úr axlarlið í leik á móti KR um helgina. „Þetta er mjög sárt,“ segir Berglind.

„Það er enginn búinn að afskrifa neitt. Ég er að fara í myndatöku á morgun (í dag) og þá ráðfæri ég mig við lækni í leiðinni. Þá kemur líklega í ljós hvert framhaldið verður. Þetta er orðið frekar slæmt þegar þetta er líka farið að gerast í svefni. Það er því ekki eins og það þurfi mikil átök til,“ segir Berglind sem fékk fyrst högg á öxlina síðasta sumar.

„Svo gerðist þetta fyrst almennilega í leik á móti Grindavík í byrjun tímabilsins. Þá ráðfærði ég mig við lækni og við keyptum hlíf. Svo hélt þetta áfram að gerast og ég tók því langa pásu fram að áramótum og fór bara að styrkja öxlina,“ segir Berglind en það breytti því ekki að þetta hefur þrisvar sinnum hent eftir áramót.

Snæfellsliðið saknar Berglindar mikið en liðið tapaði ekki leik í byrjun tímabils meðan hún spilaði á fullum styrk.

„Við erum frekar fáliðaðar og megum ekki við miklum meiðslum,“ segir Berglind en hún skoraði 14,5 stig í leik áður en hún fór fyrst úr axlarlið í leik. „Ég er svo sem orðin vön því að sitja á bekknum því ég er búin að vera svo mikið í meiðslum. Það er því ekki í fyrsta skiptið sem ég þarf að gera það,“ segir Berglind enda einstaklega óheppin. „Það er eins og ég taki öll meiðsli liðsins á mig. Ég er búin að fara í tvær hnéaðgerðir og svo gerist þetta. Þetta er orðinn ágætis pakki,“ segir Berglind. - óój



**BERGLIND GUNNARSDÓTTIR** Meiðslasagan er löng. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# MAZDA 2
## TAKARA EDITION

Takara er japanskt orð yfir fjársjóð – prófaðu Mazda2 Takara, og þú skilur af hverju. Mazda2 Takara er sparneytinn, ótrúlega lipur, frábær í endursölu og á hagstæðu verði. Mazda2 Takara sérútgáfan er fjársjóðsfundur. Taktu snúning á Mazda2 Takara, gerðu góð kaup og lækkaðu rekstrarkostnaðinn.

Vélastærð 1,3i
84 Hestöfl
4,3 l/100 km*
FRÍTT Í STÆÐI




Á meðal búnaðar eru 15" álfelgur, rafdrifnar rúður að framan og aftan, tölvustýrð miðstöð með loftkælingu, leðurstýri, aksturstölva ásamt mörgu fleiru.

EURO NCAP
www.euroncap.com

**MAZDA2 FRÁ 2.290.000 KR.**
**MAZDA2 TAKARA EDITION 2.490.000 KR.**

*Eldsneytisnotkun í langkeyrslu er 4,3 l/100 km, í blönduðum akstri 5,0 l/100 km, í innanbæjarakstri 6,2 l/100 km. CO2 losun er 115 g/km. Frítt í stæði í 90 mínútur hjá Reykjavíkurborg.

Opið virka daga kl. 09.00 - 17.00, laugardaga 12.00 - 16.00.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 Sport kl. 19.30
### Meistaradeild Evrópu




Það er komið að risaslag Real Madrid og Manchester United í 16 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Leikurinn er sýndur í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport HD. Cristiano Ronaldo mætir þar fyrrverandi félögum sínum í United í fyrsta sinn síðan hann var seldur til Real Madrid sumarið 2009. Þetta er ómissandi leikur fyrir alla fótboltaáhugamenn.

## Í KVÖLD



### Law and Order: UK

**SKJÁR 1 KL. 22.00** Fjöldi dularfullra dauðsfalla verður á spítala einum í Lundúnum. Þegar málið er rannsakað kemur í ljós að á spítalanum starfar réttindalaus svikahrappur og eldri læknir sem er háður verkjalyfjum.

TV.COM 8,3 IMDb 7,0



### Til Ungdommen

**RÚV KL. 22.20** Hinn 22. júlí 2011 voru kvikmyndagerðarmenn staddir í Útey með Johanne Butenschøn Lindheim, ungri stjórnmálakonu, til að taka upp heimildarmynd um hana fyrir komandi þingkosningar. Þau voru stödd þar þegar hryðjuverkamaðurinn Anders Breivik mætti á svæðið og allt breyttist.

IMDb 7,5



### Sons of Anarchy

**POPPTÍVÍ KL. 22.05** Í þessum lokaþætti annarrar þáttaraðar reynir SAMCRO að losa Charming endanlega við Ethan Zobelle og The League. Kunnug andlit skjóta upp kollinum og setja fram ýmsar nýjar áskoranir.

TV.COM 8,5 IMDb 8,7

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar **1** **06**.40 Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Raddir Afríku **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Flakk **14.00** Fréttir **14.03** Matur er fyrir öllu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Konur **15.25** Skáldkonan Sylvia Plath - líf hennar og ljóð **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Gullfiskurinn **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Inni **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.25 360 gráður** *(e)*
**16.00 Djöflaeyjan** *(e)*
**16.40 Hefnd** *(16:22) (Revenge) (e)*
**17.25 Franklín**
**17.50 Geymslan**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Njósnari** *(6:6) (Spy) (e)*
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Að duga eða drepast** *(5:8) (Make It or Break It)* Bandarísk þáttaröð um ungar fimleikadömur sem dreymir um að komast í fremstu röð og keppa á Ólympíuleikum.
**20.50 Meistaradeildin í hestaíþróttum 2013** *(2:10)* Í þáttunum er fylgst með keppni í einstökum greinum, stöðu í stigakeppni knapa og liða, rætt við keppendur og fleiri. Á milli móta eru keppendur og lið heimsótt og slegið á létta strengi.
**21.05 Kiljan**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Til æskunnar** *(Til ungdommen)* Norsk heimildamynd eftir Kari Anne Moe um ungt fólk sem fjöldamorðin í Útey 2011 eiga eftir að marka alla ævi.
**00.20 Kastljós**
**00.50 Fréttir**
**01.00 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**11.00 Hachiko: A Dog's Story**
**12.30 Búi og Símon**
**14.00 Her Best Move**
**15.40 Hachiko: A Dog's Story**
**17.10 Búi og Símon**
**18.40 Her Best Move**
**20.20 Run Fatboy Run**
**22.00 Milk**
**00.05 Brüno**
**01.25 Run Fatboy Run**
**03.05 Milk**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm in the Middle** *(6:16)*
**08.30 Ellen** *(95:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(82:175)*
**10.15 Extreme Makeover: Home Edition**
**11.40 Privileged** *(5:18)*
**12.20 Cougar Town** *(5:22)*
**12.45 Nágrannar**
**13.10 New Girl** *(21:24)*
**13.35 Gossip Girl** *(1:10)*
**14.20 Fly Girls** *(8:8)*
**14.40 Step It up and Dance** *(7:10)*
**15.25 Big Time Rush**
**15.50 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** *(96:170)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Big Bang Theory** *(18:23)*
**19.40 The Middle** *(8:24)*
**20.05 2 Broke Girls** *(1:24)* Við fyrstu sýn virðast þær Max og Caroline eiga fátt sameiginlegt en við nánari kynni komast þær þó að því að það er meira en fólk gæti haldið.
**20.30 Go On** *(4:22)* Bráðskemmtileg gamanþáttaröð með vininum Matthew Perry í hlutverki Ryan King, íþróttafréttamanns,sem missir konuna sína.
**20.50 Grey's Anatomy** *(14:24)* Níunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace- spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.
**21.35 Rita** *(4:8)* Vandaðir þættir um dönsku kennslukonuna Ritu sem er þriggja barna móðir og fer ótroðnar slóðir í lífinu.
**22.25 Girls** *(2:10)*
**22.55 NCIS** *(9:24)*
**23.40 Person of Interest** *(16:23)*
**00.25 Breaking Bad** *(10:13)*
**01.15 The Closer** *(7:21)*
**01.55 Damages** *(7:13)*
**02.35 Bones** *(2:13)*
**03.20 Revolution**
**04.55 Grey's Anatomy** *(14:24)*
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin**
**16.20 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin**
**16.50 Meistaradeild Evrópu** Endursýndur leikur.
**18.30 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin**
**19.00 Þorsteinn J. og gestir: upphitun**
**19.30 Meistaradeild Evrópu: Real Madrid - Man. Utd.** Beint frá leik í 16 liða úrslitum. Þetta er fyrri leikur liðanna.
**21.45 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin**
**22.15 Meistaradeild Evrópu: Shakhtar Donetsk - Dortmund** Leikurinn er í beinni á Sport 3 kl. 19.30.
**00.05 Meistaradeild Evrópu: Real Madrid - Man. Utd.**
**01.55 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.05 Football League Show**
**16.35 Norwich - Fulham**
**18.15 Stoke - Reading**
**19.55 Premier League Review Show**
**20.50 Sunnudagsmessan**
**22.05 Tottenham - Newcastle**
**23.45 Southampton - Man. City**

## 2 krakkar

**07.00 Brunabílarnir**
**07.20 Áfram Diego, áfram!**
**07.45 Waybuloo**
**08.05 Svampur Sveinsson**
**08.25 Dóra könnuður**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.05 Strumparnir**
**09.30 Histeria!**
**09.55 Lína langsokkur**
**10.20 Ofurhundurinn Krypto**
**10.40 Lukku-Láki**
**11.00 Stöð 2 Krakkar – barnatími**
**17.00 Maularinn**
**17.25 Ofurhetjusérsveitin**
**17.50 iCarly** *(12:25)*

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(6:22)* Bart kaupir sér módeleldflaug og kemur henni saman og á loft með aðstoð föður síns.
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Gossip Girl** *(21:22)*
**19.00 Friends** *(9:24)*
**19.20 How I Met Your Mother** *(11:24)*
**19.45 Simpson-fjölskyldan**
**20.10 American Dad** *(7:16)* Fjórða serían um Stan sem er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins.
**20.30 Funny or Die** *(4:12)* Sketsaþættir byggðir á efni á samnefndri heimasíðu sem grínmeistarinn Will Ferrell heldur úti ásamt félaga sínum.
**21.00 FM 95BLÖ** Tækifæri til að sjá allt það helsta sem gerðist í dag í útvarpsþættinum FM95BLÖ.
**21.20 Arrow** *(5:23)* Bandarísk þáttaröð um ungan milljónamæring og glaumgosa sem snýr aftur eftir að hafa verið strandaglópur á eyðieyju í fimm ár og var talinn af. Núna er hann í hefndarhug og berst gegn glæpum og spillingu í skjóli nætur en viðheldur ímynd glaumgosans á daginn.
**22.05 Sons of Anarchy** *(13:13)* Maður á þrítugsaldri reynir að finna jafnvægi á milli þess að vera nýbakaður faðir og meðlimur í mótorhjólaklúbbnum alræmda Sons of Anarchy.
**22.50 American Dad** *(7:16)*
**23.15 Funny or Die** *(4:12)*
**23.45 FM 95BLÖ**
**00.10 Arrow** *(5:23)*
**00.55 Sons of Anarchy** *(13:13)*
**01.40 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## 2 GULL

**18.15 Doctors** *(134:175)*
**19.00 Ellen** *(96:170)*
**19.40 Hæðin** *(1:9)*
**20.25 Örlagadagurinn** *(3:14)*
**20.55 Krøniken** *(3:22)*
**21.55 Ørnen** *(3:24)*
**22.55 Hæðin** *(1:9)*
**23.40 Örlagadagurinn** *(3:14)*
**00.10 Krøniken** *(3:22)*
**01.10 Ørnen** *(3:24)*
**02.10 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray**
**08.45 Dr. Phil**
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**13.50 The Voice** *(4:15)*
**16.10 Once Upon A Time** *(6:22)*
**17.00 Rachael Ray**
**17.45 Dr. Phil**
**18.25 Beauty and the Beast** *(1:22)*
**19.15 Everybody Loves Raymond** *(4:24)*
**19.35 America's Funniest Home Videos**
**20.00 Will & Grace** *(1:24)*
**20.25 Top Chef** *(10:15)* Bandarískur raunveruleikaþáttur þar sem efnilegir matreiðslumenn þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldshúsinu.
**21.10 Last Resort** *(12:13)* Hörkuspennandi þættir um áhöfn kjarnorkukafbáts sem þarf að hlýða skipun sem í hugum skipstjórnenda er óhugsandi. Sjálfur forsetinn er í sigtinu enda stóð hann á bak við samsærið um Pakistan.
**22.00 Law & Order UK** *(1:13)* Vandaðir þættir um störf lögreglumanna og saksóknara í Lundúnum sem eltast við harðsvíraða glæpamenn.
**22.50 Hawaii Five-0** *(18:24)* Bandarísk þáttaröð sem byggist á samnefndum spennuþáttum sem nutu mikilla vinsælda á sjöunda og áttunda áratugnum. Sérsveitin er í kapphlaupi við tímann við að hafa upp á sprengjuvargi sem engu eirir.
**23.35 The Walking Dead** *(2:16)*
**00.25 Combat Hospital** *(8:13)*
**01.05 XIII** *(3:13)*
**01.55 CSI: Miami** *(4:22)*
**02.40 Excused**
**03.05 Last Resort** *(12:13)*
**03.55 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.20** AT&T Pebble Beach **2013** *(3:4)* **11.50** Golfing World **12.40** Golfing World **13.30** AT&T Pebble Beach **2013** *(3:4)* **18.00** Golfing World **18.50** Ryder Cup Official Film **2004** **20**.10 Champions Tour - Highlights *(2:25)* **21.05** Inside the PGA Tour *(7:47)* **21.30** Ísgolf **2012** *(2:2)* **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights *(6:45)* **23.45** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Vínsmakkarinn

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun




# TENGI

# HREINLÆTISTÆKJADAGAR Í TENGI

## ALLT AÐ **50%** AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM*

## LOKADAGUR 15.02.2013




## BAÐINNRÉTTINGAR Á 20 % AFSLÆTTI

* Gildir meðan birgðir endast.



TEKA
Bað- og sturtutæki
Verð kr. 33.500,-
Tilboð kr. **25.900,-**




MEDALLION handlaug 48.5 cm
Verð kr. 29.647,-
Tilboð kr. **17.788,-**



MORA Verde
eldhústæki
Tilboð kr. **5.900,-** mora



ADRIA sturtuhorn 80x80
Verð kr. 58.500
Tilboð kr. **38.285,-**
Tilboð án botns




ADRIA sturtuhorn 90x90
Verð kr. 59.900
Tilboð kr. **38.935,-**
Tilboð án botns

## GÆÐI, ÞJÓNUSTA OG ÁBYRGÐ - ÞAÐ ER TENGI

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050
Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15 • www.tengi.is • tengi@tengi.is

# Býst við að sumir fái á baukinn

## Logi Bergmann Eiðsson kynnir Edduverðlaunin í annað sinn á laugardaginn.



**„Besti grínþátturinn er Modern Family og besti spennuþátturinn er The Following með Baconinum.“**

Ásgeir Freyr Kristinsson, hugbúnaðarsérfræðingur og stofnandi vefsíðunnar Geiri.net.

„Mér finnst að þetta eigi að vera þannig að maður eigi að skjóta aðeins á félagana í þessum bransa,“ segir sjónvarpsmaðurinn Logi Bergmann Eiðsson. „Ég held að manni leyfist aðeins meira á þessu kvöldi en manni myndi leyfast venjulega.“

Hann verður kynnir á Edduverðlaununum annað árið í röð á laugardaginn. Hátíðin verður haldin í Eldborg í Hörpu og verður sýnd í beinni útsendingu á Stöð 2.

Logi Bergmann vakti athygli á Eddunni í fyrra fyrir að skjóta laufléttum skotum á hina ýmsa aðila innan sjónvarps- og kvikmyndabransans við góðar undirtektir gesta, nema kannski þeirra sem grínið beindist að.

Aðspurður segist hann hafa fengið góð viðbrögð í fyrra við gríninu sínu. „Ég held að þetta sé það sem menn vilja. Það var ábyggilega einhver fúll en ef menn eru fúlir segja þeir venjulega ekkert rosalega mikið við mann. Í staðinn fækkar vinunum allt í einu á Facebook, eða eitthvað,“ segir hann og hlær.

Logi Bergmann var ekki byrjaður á að semja opnunaratriðið sitt í gær en býst fastlega við því að einhverjir fái á baukinn. „Ég er ekki alveg búinn að ákveða í hvaða átt ég ætla að fara. Þannig séð á þetta að vera annáll á kvikmyndaárinu, þannig að ég mun rifja upp það sem gekk og gekk ekki,“ segir hann. „Það er alltaf skemmtileg stemning á þessu kvöldi alveg þangað til þetta er búið og allir eru komnir í fýlu yfir því að hafa ekki unnið.“

- fb



**KYNNIR EDDUNA** Logi Bergmann kynnir Edduverðlaunin annað árið í röð á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




**Hugarró og vellíðan** í staðinn fyrir áhyggjur og streitu

**Nýtt 6 vikna námskeið hefst þriðjudaginn 19. feb.**

Einu sinni í viku frá 20.15–21.45. Verð: 24.500.-
Mikil áhersla er lögð á hagnýtar æfingar og virkni þátttakenda. Námskeiðinu fylgir hugleiðsludiskur.

MINDFULNESS (núvitund)
gegn streitu með **ÁSDÍSI OLSEN**

ANDARTAK Jóga og heilsustöð

Skipholti 29A / andartak@andartak.is / www.andartak.is / Ásdís 898 9830 / Guðrún 896 2396





# Kimi Records hefur sungið sitt síðasta

## Útgáfufyrirtækið Kimi Records er hætt starfsemi vegna gjaldþrots Afkima ehf.

Fyrirtækið Afkimi ehf., sem hefur annast dreifingu og útgáfu á tónlist undir merkjum Kimi Records, hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta.

„Þetta gekk ekki upp,“ segir Baldvin Esra Einarsson, sem stofnaði fyrirtækið árið 2007. „Það er ekki gaman að lenda í þessu.“

Taprekstur hefur verið á Afkima undanfarin ár. Að sögn Baldvins Esra dró hann verulega úr útgáfustarfsemi Kimi Records fyrir áramót vegna peningaleysis og nú er svo komið að útgáfan er hætt starfsemi í núverandi mynd. Hann stefnir engu að síður að því að viðhalda merkjum Kimi Records áfram þegar fram líða stundir.

Fjöldi hljómsveita hefur gefið út plötur sínar hjá þessari sjálfstæðu útgáfu, þar á meðal Prinspóló, Reykjavík!, Borko, Nolo, The Heavy Experience og Morðingjarnir. Engin þeirra gerði hefðbundinn útgáfusamning við Kimi Records og fengu þær aðeins greitt eftir því hvernig plöturnar þeirra seldust. Þær eru því allar lausar sinna mála. „Það er engin hljómsveit föst í viðjum Afkima,“ fullyrðir Baldvin Esra.

Aðspurður segir hann mjög leiðinlegt að Afkimi hafi orðið gjaldþrota. „Það eru ekki margir að sinna þessum jaðarpoppgeira á Íslandi. Það er mikill missir að Afkima sem slíkum enda hefur fyrirtækið gert margt gott í gegnum tíðina.“

Vinsælar sveitir á borð við Hjaltalín og Retro Stefson gáfu áður út hjá Kimi Records. Söluhæsta plata fyrirtækisins var Sleepdrunk Seasons, fyrsta plata Hjaltalín, sem hefur selst í um 7-8 þúsund eintökum.

„Ef maður tekur þetta út frá fyrirtækjalegum og rekstrarlegum pælingum hef ég aldrei verið í gróðarekstri,“ segir Baldvin Esra um rekstur Afkima. „Það kom tímabil þar sem gekk vel með nokkrar plötur en heilt yfir hefur reksturinn aldrei verið einhver snilld. Þetta var óhjákvæmilegt til lengri tíma ef maður horfir á það þannig, þótt maður hafi reynt eins og maður gat.“

freyr@frettabladid.is



**GEKK EKKI UPP** Baldvin Esra Einarsson hefur rekið Kimi Records með tapi undanfarin ár.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Skuggalegri hliðar danstónlistar

## Klúbbakvöldin Reykjavík Sex Farm hefja göngu sína á morgun.

Ný klúbbakvöld sem heita Reykjavík Sex Farm hefja göngu sína í Reykjavík á morgun. Skipuleggjandinn Bob Cluness hefur undanfarin ár getið sér gott orð sem yfirumsjónarmaður tónlistarhluta götublaðsins The Reykjavík Grapevine.

Hugmyndin varð til í góðra vina hópi. „Okkur fannst, þótt tónlistar- og næturlíf Reykjavíkur sé um margt frábært, að danstónlistin væri oft á tíðum af frekar skornum skammti. Hugmyndin vatt upp á sig í það að halda almennilegt klúbbakvöld,“ segir Cluness.

Hvert kvöld fyrir sig hefur sitt þema en skuggalegri hliðar danstónlistarinnar verða ávallt í fyrirrúmi. „Áherslan verður á drungaleg bassahljóð sem fá ekki eins mikla spilun í hundrað og einum,“ segir Cluness. „Til dæmis nútímabassatónlist frá Bretlandseyjum, grime og jackin‘bass í bland við goth, industrial og hart teknó.“

Nafn klúbbakvöldanna, Reykjavík Sex Farm, á rætur sínar að rekja til bloggs sem Cluness hefur haldið úti síðan 2010 og fjallar um strauma og stefnur bæði í erlendri og innlendri tónlist.

Fyrsta kvöldið kallast The Valentines Bass Massacre og verður haldið á Litlu gulu hænunni, Laugavegi 22. Plötusnúðar verða Karl Tryggvason (Breakbeat.is) og Kári Guðmundsson sem kemur fram undir nafninu Hypno.

- fb



**SKIPULEGGJANDI** Bob Cluness skipuleggur klúbbakvöldin Reykjavík Sex Farm.



# NÆRÐU HUGANN

## FJÖLBREYTT NÁMSKEIÐ Í FEBRÚAR OG MARS

### MENNING

Wall Street: Saga verðbréfaviðskipta og fjármálamiðstöðvar heimsins
**skráningarfrestur til 25. febrúar**

Fall Rómaveldis
**hefst 26. febrúar**

Frá trú til trúar: Búddismi, kínversk og japönsk trúarbrögð
**skráningarfrestur til 26. febrúar**

Austurríska-Ungverska keisaradæmið og arfurinn: Prag – Vín - Búdapest
**skráningarfrestur til 5. mars**

Hlátur og grátur – húmor og samfélag
**skráningarfrestur til 6. mars**

### STARFSTENGD HÆFNI

Samningatækni
**skráningarfrestur til 19. febrúar**

Textagerð og hugmyndavinna fyrir auglýsingar
**skráningarfrestur til 20. febrúar**

Listin að gera lista: Markviss forgangsröðun – leið til aukinna afkasta
**skráningarfrestur til 22. febrúar**

Lykillinn að gæðaþjónustu
**skráningarfrestur til 25. febrúar**

Vinnugleði – mín vinna, mitt viðhorf
**skráningarfrestur til 27. febrúar**

WordPress II - Framhaldsnámskeið
**skráningarfrestur til 28. febrúar**

Þróun viðskiptasambanda (CRM)
**skráningarfrestur til 4. mars**

### HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Hormón – starfsemi, raskanir og meðhöndlun
**skráningarfrestur til 4. mars**

Vanræksla og ofbeldi gegn börnum – samstarf við barnaverndarnefndir
**skráningarfrestur til 4. mars**

Heilsuefling og forvarnir á vinnustöðum
**skráningarfrestur til 7. mars**

Samtalsaðferðir í hugrænni atferlismeðferð: Framhaldsnámskeið
**skráningarfrestur til 7. mars**

### UPPELDI OG KENNSLA

Kvíði barna og unglinga – fagnámskeið
**skráningarfrestur til 21. febrúar**

Kynja- og jafnréttisfræðsla á mið- og efsta stigi grunnskóla
**skráningarfrestur til 28. febrúar**

Upplýsingatækni með ungum börnum
**skráningarfrestur til 4. mars**

### STJÓRNUN OG FORYSTA

Gerð gæðahandbókar fyrir vef
**skráningarfrestur til 27. febrúar**

Fjarvistastjórnun: Áhrif veikindafjarvista á vinnustað og aðgerðir til úrbóta
**skráningarfrestur til 5. mars**

Stjórnun og leiðtogahæfni
**skráningarfrestur til 6. mars**

Verkefnastjórnun – vinnustofa
**skráningarfrestur til 14. mars**

### FJÁRMÁL OG REKSTUR

Stofnun og rekstur smáfyrirtækja - vinnustofa
**skráningarfrestur til 20. febrúar**

Hlutabréfamarkaður
**skráningarfrestur til 4. mars**

Excel II
**skráningarfrestur til 6. mars**

### TUNGUMÁL

Ítalska II
**hefst 19. febrúar**

Hagnýt enska
**skráningarfrestur til 25. febrúar**

### VERK- OG TÆKNIFRÆÐI

Aðgengi og umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda
**skráningarfrestur til 28. febrúar**

Réttarstaða verkkaupa og verktaka
**skráningarfrestur til 11. mars**

### PERSÓNULEG HÆFNI

Kvikmyndahandrit – ritsmiðja
**hefst 18. febrúar**

Samskipti foreldra og barna
**skráningarfrestur til 25. febrúar**

Vönduð íslenska: Að skrifa gott íslenskt mál
**skráningarfrestur til 27. febrúar**

Ljósmyndavinnsla með Photoscape
**skráningarfrestur til 4. mars**

Ræktun matjurta í heimilisgarðinum
**skráningarfrestur til 4. mars**

Lög og réttur fyrir 50+
**skráningarfrestur til 6. mars**

### UPPLÝSINGATÆKNI

Uppskrift að góðum innri vef
**skráningarfrestur til 25. febrúar**

SQL fyrirspurnarmálið
**skráningarfrestur til 25. febrúar**

**SKRÁNINGARFRESTUR ER AÐ ÖLLU JÖFNU VIKU ÁÐUR EN NÁMSKEIÐ HEFST**

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 endurmenntun.is

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

#FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Æskudraumurinn rættist

Leikkonan **Dóra Jóhannsdóttir** upplifði æskudrauminn er hún hitti átrúnaðargoð sitt, leikkonuna Julie Andrews, í New York um helgina. Vinkona Dóru, leikkonan Elma Lísa Gunnarsdóttir, var stödd í heimsókn hjá henni er þær mættu Andrews og spjölluðu leikkonurnar þrjár víst heillengi saman. Andrews er hvað þekktust fyrir hlutverk sitt í Sound of Music og Mary Poppins. Dóra hefur verið búsett í New York síðan í haust ásamt eiginmanni sínum, Jörundi Ragnarssyni, sem stundar nám í kvikmyndafræði við Columbia-háskólann. **- áp**



### Heldur Mölinni áfram

Tónlistarmaðurinn **Björn Kristjánsson**, eða Borko, býr eins og kunnugt er á Drangsnesi ásamt konu sinni og barni um þessar mundir. Fréttablaðið greindi frá því í haust þegar Borko setti á stofn tónleikakvöld undir heitinu Mölin, þar sem hljómsveitir og tónlistarmenn koma í heimsókn á Drangsnes og leika fyrir nærstadda. Mölin hefur legið í dvala frá því fyrir jól en á laugardaginn verður breyting þar á þegar fjórða Malar-kvöldið verður haldið. Hljómsveitin Ylja ætlar að heiðra Drangsnesinga með nærveru sinni auk þess sem Borko hefur kvöldið eins og áður. Bjartey Sveinsdóttir, Guðný Gígja Skjaldardóttir og **Smári Tarfur Jósepsson** skipa sveitina Ylju, sem gaf út fyrstu plötu sína í nóvember. Borko hefur lofað því að sérstakur leynigestur mæti á staðinn en ekkert hefur verið gefið upp hver sá gestur er. **- þeb**



## Mest lesið vísir

1. Blaðberi bjargaði lífi mæðgina í brennandi íbúð
2. Hlakkar til að faðma dætur sínar
3. Dásamlegt að fá loks sólargeisla á pallinn
4. Eineggja tvíburar eru nær óleysanlegt mál fyrir lögregluna í Marseille
5. Munntóbakið valdi hrinu krabbameina




